Jónína Tryggvadóttir:

Verðlaunakaffi á korteri

• tilboð • nám • matur

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

Björgólfur Thor:

Eignaðist 16 marka erfingja

• móður og barni heilsast vel

SÍÐA 46 ▶

Veldu ódýrt bensín +ávinning!

Kvittun fylgir ávinningur!

ego Meira fyrir peninginn

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

23. mars 2005 – 80. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 visir

MIÐVIKUDAGUR

TÍU LÉTUST Níu manns féllu fyrir hendi unglingspilts sem gekk berserksgang á verndarsvæði indíána áður en hann svipti sig lífi. Sjónarvottar segja að pilturinn hafi virst viti sínu fjær þegar hann framdi ódæðið. **Sjá síðu 2**

SÆKIR FISCHER Sæmundur Pálsson, vinur skákmeistarans Bobby Fischer, vonast til að koma með hann hingað til lands á morgun eða um helgina. Fischer hefur áhyggjur af því að Bandaríkjamenn reyni að hefta ferð hans. **Sjá síðu 4**

KREFJAST UPPLÝSINGA Fjármálaeftirlitið hefur krafið stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins um upplýsingar sem varða starfslokasamning sem gerður var við framkvæmdastjóra sjóðsins og tryggir honum laun í hálft þriðja ár eftir uppsögn. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG



STÍF AUSTANÁTT Strekkingur eða allhvasst um tíma. Rigning suðaustanlands en annars skúraveður. Þurrt að mestu fyrir norðan. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG

BLÚSHÁTÍÐ KK og gamlir félagar hans í hljómsveitinni Grinders verða með tónleika á Hótel Borg í kvöld.

Kvikmyndir	42	Myndlist	40
Tónlist	40	Íþróttir	32
Leikhús	40	Sjónvarp	44

Fjöldi lesenda á miðvikudögum*



*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.

Fórnarlömb fá aðeins hluta miskabóta greiddan

Ofbeldismenn ráða í fæstum tilfellum við að greiða fórnarlömbum sínum þær miskabætur sem dómstólar dæma þeim. Kröfur um miskabætur falla því í flestum tilfellum á ríkið.

SKAÐABÆTUR Fórnarlömb ofbeldismanna verða af stórum hluta þeirra miskabóta sem þeim hafa verið dæmdar. Ástæðan er sú að brotamennirnir eru í flestum tilfellum eignalitlir eða eignalausir og fellur þá bótagreiðslan á ríkissjóð. Þar sem miskabætur sem ríkið greiðir hafa ekki hækkað síðan þær voru teknar upp fyrir áratug munar oft miklu á dæmdum bótum og bótagreiðslum.

Helga Leifsdóttir réttargæslumaður gagnrýnir að miskabætur hafi ekki hækkað og segir þær miskabætur sem ríkið greiði of lágar. Að auki séu þær ekki í takt við dóma um hærri bótagreiðslur til þolenda ofbeldismanna.

Helga segir ríkið greiða allt að 600 þúsund krónur í miskabætur. Eðlilegast væri að ríkið ábyrgðist niðurstöðu dómstóla að fullu. Í það minnsta ætti að horfa til alvarleika brots og alvarlegra afleiðinga fyrir andlega heilsu tjónþola og greiða bætur í samræmi við það.

„Algengt er að miskabætur fyrir nauðgun séu um milljón og yfir. Því miður eiga ofbeldismenn í nær öllum tilvikum hvorki eignir né fé til að greiða kröfurnar," segir Helga.

Aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, Þorsteinn Davíðsson, segir ekki í skoðun innan ráðuneytisins að hækka bótagreiðslur frá ríkinu enda hafi heildarupphæðin farið stigvaxandi frá upptöku laganna.

Helga er réttargæslumaður þriggja barna Sri Rahmawati sem myrt var af Hákoni Eydal. Að dómi gengnum í Héraðsdómi Reykjavíkur sagði verjandi Hákonar hann ekki geta greitt þær metskaðabætur sem börnum Sri voru dæmdar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÁKON EYDAL
Hákon er einn þeirra sem ekki geta greitt þær miskabætur sem þeir hafa verið dæmdir til.

„Miðað við þau lög sem nú eru í gildi fá börnin einungis sex milljónir bættar af þessum 22 milljónum sem þeim voru dæmdar," segir Helga. Þau fái hvert sex hundruð þúsund krónur í bætur vegna miska en einnig misjafnlega háa greiðslu vegna móðurmissisins: „Yngsta barnið fær tvær og hálfa milljón vegna missis framfæranda. Þær duga ekki sem lágmarksmeðlagsgreiðslur fyrir það til átján ára aldurs."

Á árunum 1996 til 2002 fengu 23 af þeim 32 sem fengu greiðslu frá ríkinu lægri bætur en þeim voru dæmdar. **- gag**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HUNDI BJARGAÐ AF HÚSÞAKI Sagan gamla um slökkviliðsmenn að bjarga köttum úr trjám birtist vegfarendum á Tjarnargötunni í Reykjavík í gær í nokkuð breyttri mynd. Þar hafði hundur farið út um þakglugga og lent í sjálfheldu á þakinu. Hann rann niður þar til hann festist í þakrennunni. Þaðan gat hann sig ekki hreyft og varð því úr að slökkvilið og lögregla komu honum til bjargar. **Sjá síðu 12**

Deilur í Keri:

Lögbanns krafist

VIÐSKIPTI Tveir stjórnarmenn Festingar sem á og rekur fasteignir Essó og Samskipa hækkuðu hlutafé félagsins og tryggðu sér með því meirihluta í félaginu gegn vilja þriðja manns í stjórn, Guðmundar Hjaltasonar forstjóra Kers. Stjórnarmennirnir Jón Þór Hjaltason og Páll Magnússon eru fyrrverandi samstarfsmenn Ólafs Ólafsssonar aðaleiganda Kers.

Ólafur og hans menn hafa krafist lögbanns á það að handhafar nýs hlutafjár fái atkvæðisrétt á hluthafafundi. Hluthafafundur getur afturkallað heimild stjórnarinnar til aukningar hlutafjár. Jón og Páll myndu ekki ná kjöri í stjórn Festingar eftir að Ólafur eignaðist meirihluta í Keri. **Sjá síðu 2** **-hh**

Lögreglan á Selfossi:

Pólverjar án atvinnuleyfis

ATVINNULEYFI Þrír Pólverjar, sem reyndust vera án atvinnuleyfis í vinnu hérlendis, voru yfirheyrðir af lögreglunni á Selfossi í gær.

Íslendingur sem tengdist málinu var færður í fangaklefa eftir að hafa veist að lögreglu.

Málið hófst að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar sýslumanns með því að lögreglan stöðvaði bíl fyrir of hraðan akstur. Reyndist ökumaðurinn, Íslendingur, vera með útrunnið ökuskírteini. Með honum í bílnum var Pólverji í vinnufötum, sem reyndist vera hér í vinnu án atvinnuleyfis. Tveir aðrir Pólverjar voru yfirheyrðir og reyndust þeir einnig í vinnu hér án leyfis. **-aa**

Seðlabankinn hækkar vexti:

Brugðist við verðbólguógn

EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn ætlar að hækka stýrivexti sína um 0,25 prósentustig á þriðjudaginn eftir páska. Þá verða vextirnir komnir í níu prósent en í maí í fyrra voru þeir 5,3 prósent.

Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri sagði á fundi með blaðamönnum að eftirspurn færi vaxandi og bankinn gripi til þessara aðgerða nú til að koma í veg fyrir að verðbólga hækki á síðari hluta árs 2006. Spá Seðlabankans gerir ráð fyrir að verðbólga lækki á næstu misserum og verði komin nálægt 2,5 prósenta markmiði Seðlabankans í lok ársins.

Birgir Ísleifur segir að viðskiptahallinn í ár verði um tólf prósent en það er meiri viðskiptahalli en nokkru sinni fyrr.

Seðlabankinn segir að breytingar á fasteignalánamarkaði hafi valdið því að verðbólguhorfur hafi versnað verulega. „Hörð samkeppni bankanna og Íbúðalánasjóðs á fasteignaveðlánamarkaði hefur stuðlað að hröðum útlánavexti sem ekki sér fyrir endann á," sagði Birgir Ísleifur. Hann gagnrýndi bankana fyrir að fara of geyst í útlánaaukningu og sagði jafnframt að endurskoða mætti hlutverk Íbúðalánasjóðs.

Sjá síðu 27

- þk

SPURNING DAGSINS

Ólafur, þú segir íslensk stjórnvöld ekki geta lokað fyrir veðbankann betsson.com. Viltu veðja?

Að sjálfsögðu. Þú getur farið á betsson.com og veðjað líka.

Veðbankinn Betsson er farinn af stað hér á landi á íslensku á vefnum betsson.com. Betsson er enskt fyrirtæki með höfuðstöðvar í London og er með starfsleyfi þar fyrir veðbankastarfsemi.

Lögbannskrafa á hlutafjáraukningu:

Áframhaldandi slagur í Keri

VIÐSKIPTI Slagur Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Kers, við sameigendur sína í félaginu heldur áfram. Stjórn Festingar sem á og rekur meðal annars fasteignir félaga í eigu Kers ákvað á fundi sínum að auka hlutafé og var nýja hlutaféð selt einkahlutafélagi í eigu framkvæmdastjóra félagsins.

Sjóvík sem áður var í samstarfi við Ólaf í Keri átti meirihluta í þriggja manna stjórn Festingar sem gat ráðið þessari ákvörðun, en að óbreyttu hefðu þeir fallið úr stjórn Festingar á næsta aðalfundi, þar sem Ólafur réð meirihluta eignarhalds félagsins fyrir hlutafjáraukninguna.

KREFST LÖGBANNS
Ólafur Ólafsson og fyrrverandi samstarfsmenn hans í Keri halda áfram að gera hver öðrum lífið leitt.

Hlutafjáraukningin var gegn vilja meirihlutaeigenda í Keri sem nú eru í minnihluta í félagi sem á og rekur fasteignir þar sem rekstur félaga eins og Samskipa og Olíufélagsins fer fram. Ólafur og fylgismenn vildu fresta ákvörðun um hlutafjárhækkunina til hluthafafundar félagsins og hafa krafist lögbanns á gjörninginn. „Við teljum um ólöglegan gjörning að ræða og viljum vinda ofan af honum," segir Guðmundur Hjaltason, forstjóri Kers.

Lögbannskrafan snýst um að atkvæðisréttur fylgi ekki auknu hlutafé og þá getur hluthafafundur afturkallað heimildina. Félögin sem hafa rekstur í fasteignum Festingar eiga endurkauparétt á fasteignunum, en nýting hans hefur í för með sér kostnað sem menn vilja forðast. **- hh**

RÚSSLAND

LÚSKOV EKKI Í FORSETAFRAMBOÐ Júrí Lúskov, borgarstjóri Moskvu, lýsti því yfir á fundi í rússnesku höfuðborginni í gær að hann hygðist ekki bjóða sig fram í forsetakosningunum árið 2008. Lúskov hefur oft velgt Vladimír Pútín Rússlandsforseta undir uggum og því bjuggust margir við hann tæki slaginn eftir þrjú ár.

ÞYRLUSLYS Í TSJETSJENÍU Þrettán rússneskir hermenn slösuðust þegar þyrla af gerðinni Mi-8 hrapaði í Tsjetsjeníu í gær. Að sögn Interfax-fréttastofunnar er talið að vélarbilun hafi verið orsök slyssins, engar líkur eru taldar á að uppreisnarmenn hafi reynt að granda henni.

Sala Símans:

Örfá atriði ófrágengin

EINKAVÆÐING „Það voru nokkur atriði sem talin var ástæða til að skoða betur," segir Jón Sveinsson, formaður einkavæðinganefndar, spurður um ástæður þess að söluferli Símans verður ekki kynnt fyrir páska eins og til stóð. Hann vill ekki tilgreina nánar hvaða atriði þurfi nánari skoðunar við.

Jón segir að vinna við skýrslu um söluferli Símans gangi vel og aðeins sé eftir að ganga frá örfáum atriðum. Í henni verði að finna útfærslu á því söluferli sem samstaða næst um innan ráðherranefndar um einkavæðingu.

Í ráðherranefndinni sitja Halldór Ásgrímsson, Valgerður Sverrisdóttir, Davíð Oddsson og Geir H. Haarde. **- bg**

Samherji:

Inniveru skipa breytt

SJÁVARÚTVEGUR Sjómenn þriggja ísfisktogara Samherja hafa samið við fyrirtækið um hafnarfrí. Samningurinn gildir í eitt ár um borð í Akureyrinni, Björgúlfi og Björgvini.

Vélstjórar skipanna standa utan við sérsamning Samherja. Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélagsins, segir að semjist ekki um breytingu á kjarasamningi vélstjóra og Landssambands íslenskra útvegsmanna á næstunni verði svo að vera þar til samningaviðræður hefjist í haust. **- gag**

LÖGREGLUFRÉTTIR

PILTAR BRUTU RÚÐUR Lögreglan í Kópavogi handsamaði fjóra pilta á hlaupum í gærkvöld. Þeir voru í hópi sex ungmenna sem brutu rúður í Kópavogsskóla. Sá yngsti var fjórtán ára.

Unglingur myrti níu og svipti sig lífi

Níu manns féllu fyrir hendi unglingspilts sem gekk berserksgang á verndarsvæði indíána áður en hann stytti sér aldur. Sjónarvottar segja að pilturinn hafi virst viti sínu fjær þegar hann framdi ódæðið.

MINNESOTA, AP Unglingspiltur gekk berserksgang á verndarsvæði indíána í Minnesota í Bandaríkjunum í gær og myrti níu manns áður en hann svipti sig lífi. Flest fórnarlambanna voru skólafélagar piltsins en auk þess banaði hann ömmu sinni og afa.

Skotárásin í fyrradag er sú versta sinnar tegundar síðan tveir piltar í Littleton í Colorado drápu tólf skólasystkini sín og kennara í Columbine-skólanum í apríl árið 1999.

Sorgin vitjaði verndarsvæðis indíána við Red Lake í Minnesota í fyrrakvöld þegar unglingspiltur, Jeff Weise að nafni, myrti níu manns áður en hann banaði sjálfum sér. Fyrst til að falla fyrir hendi Weise voru amma hans og afi en talið er að pilturinn hafi stolið skotvopnunum sem notuð voru við drápin frá afa sínum sáluga en hann var fyrrverandi lögreglumaður.

Næst lá leiðin í grunnskóla staðarins þar sem Weise stundaði nám. Fyrst skaut hann öryggisvörð en svo braut hann sér leið inn í kennslustofu þar sem hann myrti kennara og fimm nemendur. Þegar lögregla kom á vettvang kom til skotbardaga milli hennar og piltsins og svo virðist sem hann hafi svipt sig lífi áður en náðist að yfirbuga hann. Fimmtán skólabörn særðust í skothríðinni.

Nemendur og kennarar í skólanum voru að vonum miður sín vegna atburðarins. Sondra Hegstrom, sjónarvottur að ódæðinu, sagði að Weise hefði virst viti sínu fjær

FÉLAGARNIR SYRGÐIR
Nemendur í grunnskólanum í Red Lake voru í losti eftir voðaverkið. Sondra Hegstrom sem er lengst til vinstri horfði í byssuhlaup piltsins en náði að forða sér.

þegar hann kom á vettvang og morðin hefðu verið algerlega handahófskennd. „Hann glotti og veifaði til þeirra sem hann miðaði á, síðan sneri hann sér við og skaut einhvern annan. Ég horfði í augun á honum og tók síðan til fótanna."

Ekkert er vitað um ástæður Weise fyrir þessu voðaverki. Honum er lýst sem einfara sem hinir krakkarnir stríddu. Faðir hans stytti sér aldur fyrir nokkrum árum og móðir hann liggur á hjúkrunarheimili með alvarlegan heilaskaða.

Verndarsvæðið við Red Lake er um 400 kílómetra norður af Minneapolis. Þar búa fimm þúsund indíánar af Chippewa-ættbálknum og er fátækt almenn á meðal þeirra. ■

MYND/LÖGREGLAN Á ÞÓRSHÖFN

TUNDURDUFL
Þrjú tundurdufl fundust á Langanesi.

Sprengjusérfræðingar:

Eyddu þrem duflum

LANGANES Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar eyddu í gær þrem tundurduflum sem fundust á Langanesi.

Lögreglan kallaði sprengjusérfræðingana norður í gær eftir að eitt tundurdufl fannst. Nokkru eftir að sprengjusérfræðingar komu á staðinn fundust tvö tundurdufl til viðbótar og var þeim eytt í gærkvöld. **-bþg**

Ólögleg vinna:

Rannsókn að ljúka

LÖGREGLAN Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður í Stykkishólmi, segir að verið sé að ljúka rannsókn og skýrslugerð í máli sjö lettneskra verkamanna sem teknir voru við ólögleg störf í Ólafsvík fyrir helgi. Á næstunni skýrist hvort málið verði látið fara fyrir dóm eða ekki.

Mál lettnesku verkamannanna er rannsakað að ábendingu Vinnumálastofnunar.

Lögregluyfirvöld í Hafnarfirði hafa haft afskipti af sjö erlendum verkamönnum, fimm Pólverjum og tveimur Lettum og lögregluyfirvöld á Suðurnesjum hafa rannsakað vinnu erlendra verkamanna í Grindavík. **- ghs**

Samskipti Evrópusambandsins og Kína:

Vopnasölubann í brennidepli

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Þrýst var á leiðtoga Evrópusambandsins á fundi þeirra í Brussel í gær að fresta ákvörðun um að aflétta í áföngum vopnasölubanni á Kína. Bandaríkjastjórn hefur beitt sér af hörku í málinu og það ásamt nýjum kínverskum lögum sem gera ráð fyrir að Kínaher sé heimilt að ráðast inn í Taívan ef þarlendir reyna að ganga lengra í sjálfstæðisátt en orðið er, hefur hvort tveggja orðið til þess að vöflur hafa komið á Evrópuleiðtogana við að aflétta vopnasölubanninu sem sett var á eftir atburðina á Torgi hins himneska friðar sumarið 1989.

Kínversk stjórnvöld brugðust einnig reiðilega við fregnum um að svo kynni að fara að horfið yrði frá áformum um að aflétta banninu fyrir lok júní í ár. Talsmaður Kínastjórnar sagði bannið

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

CHIRAC OG ZAPATERO
Jacques Chirac Frakklandsforseti og Jose Luis Rodriguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, heilsast á leiðtogafundinum í Brussel í gær. Chirac hefur verið einn helsti talsmaður þess að ESB aflétti vopnasölubanni á Kína.

„pólitíska mismunun" sem ekki ætti lengur rétt á sér.

Breski utanríkisráðherrann Jack Straw lét hafa eftir sér að áframhaldandi mannréttindabrot í Kína og nýju lögin um Taívan hefðu skapað „mjög erfitt pólitískt andrúmsloft" fyrir tilburði til að aflétta vopnasölubanninu. ■

Opið **til 21 í kvöld**

Opið 13 – 17 á skírdag

Páskaleikur

Á 1.hæð Kringlunnar er glæsilegur **Opel Astra**, fullur af páskaeggjum. Komdu og giskaðu á fjölda páskaeggjanna og þú gætir unnið **ársafnot af bílnum** eða risa **fjölskyldupáskaegg** frá Nóa-Síríusi!

Páskalitasamkeppni fyrir 3ja—9 ára

Teikniaðstaðan er á 1. hæð. Opið 14—20 í dag. Allir sem lita gætu unnið stór Púka-páskaegg.

Kl. 16.00 – 18.00 **Sýnikennsla**

í meðhöndlun, undirbúningi og matreiðslu á góðum og hollum mat, hjá versluninni Búsáhöld, 1. hæð.

Kringlan

MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

Opið um **páskana**

Miðvikudagur	Skírdagur	Föstudagurinn langi	Laugardagur	Páskadagur	Annar í páskum
23. mars	**24. mars**	**25. mars**	**26. mars**	**27. mars**	**28. mars**
10.00 til 21.00	13.00 til 17.00	**Lokað**	10.00 til 18.00	**Lokað**	**Lokað**

Kvikmyndahús, veitingahús og einstakar verslanir geta verið með opið á öðrum tímum. Nánari upplýsingar á **www.kringlan.is**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27766 03/2005

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.03.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	59,37	59,65
Sterlingspund	GBP	112,70	113,24
Evra	EUR	78,20	78,64
Dönsk króna	DKK	10,50	10,56
Norsk króna	NOK	9,57	9,63
Sænsk króna	SEK	8,56	8,61
Japanskt jen	JPY	0,57	0,57
SDR	XDR	90,50	91,04

Gengisvísitala krónunnar
107,24 +0,77%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Ólgan vex í Kirgisistan:

Harka farin að færast í leikinn

BISHEK, AP Ólga vex enn í fyrrverandi Sovétlýðveldinu Kirgisistan. Stjórnarandstæðingar segjast berjast fyrir lýðræðisumbótum en Akajev forseti og talsmenn hans segja að glæpamenn séu að reyna að ná undirtökunum í landinu.

Askar Akajev, forseti Kirgisistan, lýsti því yfir í gær að hann myndi ekki lýsa yfir neyðarlögum í landinu þrátt fyrir róstur síðustu daga. Í fyrradag lögðu stjórnarandstæðingar undir sig Osh, næststærstu borg landsins, auk annarra smærri bæja. Þeir mótmæla meintum svikum í þingkosningum landsins í febrúar en þar fékk stjórnarandstaðan aðeins sex þingsæti af 75.

Talsmaður forsetans kvað fast að orði í gær þegar hann sagði að mótmælin væru að undirlagi mafíunnar sem reyndi með þessu að ná völdum í Osh og Jalal-Abad. Mikið af heróíni frá Afganistan fer um þessar borgir á leiðinni til Evrópu í gegnum Rússland.

Rólegt var í Osh í gær en löggreglan í Bishek var í viðbragðsstöðu vegna mótmæla. ■

ÁTÖK Í OSH
Þróuninni í Kirgisistan hefur verið líkt við friðsamar byltingar í Georgíu og Úkraínu á síðasta ári. Stjórnarandstöðuna skortir hins vegar nauðsynlega einingu og sterka leiðtoga.

EVRÓPA

SKORA Á RÚSSA Í tilefni af því að 65 ár eru liðin frá því að sovéskir hermenn drápu 22.000 pólska stríðsfanga – liðsforingja, menntamenn, presta og fleiri – í Katynskógi skoraði pólska þingið í gær á rússnesk stjórnvöld að viðurkenna að flokka ætti þennan stríðsglæp sem þjóðarmorð og reyna skyldi að hafa uppi á og refsa þeim sem ábyrgð báru á ódæðinu.

MÓNAKÓFURSTI Á BRÁÐADEILD Rainier III, fursti af Mónakó, liggur nú á gjörgæsludeild að því er talsmaður furstafjölskyldunnar greindi frá. Furstinn er 81 árs að aldri og hefur síðastliðinn mánuð verið meira og minna á sjúkrahúsi. Síðustu vikurnar hefur hann verið á hjarta- og lungnadeild vegna sýkingar í lungum.

Birkir Jón Jónsson:

Skoða þarf málin í heild

ALÞINGI Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks, telur mikilvægt að ákvarðanir Alþingis byggi á því að einstaklingar njóti jafnræðis.

Hann segir mál Bobby Fischer hafi borið að með óvenjulegum hætti og málið hlotið mikla fyrirgreiðslu innan þingsins.

„Þessi mál þarf því að skoða í heild sinni," segir hann.

Birkir Jón sat hjá við atkvæðagreiðslu um ríkisborgararéttinn og segist ekki hafa talið rétt að segja já eða nei. **-ghs**

NOREGUR

PYLSUGERÐARMAÐUR LENDIR Í HAKKAVÉL Hræðilegt slys varð í kjötvinnslu í Osló á mánudaginn þegar fertugur pylsugerðarmaður féll ofan í hakkavél og beið samstundis bana. Að sögn Aftenposten var starfsfólk kjötvinnslunnar í slíku losti eftir slysið að ekki var hægt að yfirheyra það um tildrög þess.

AUSTURRÍKI

ÓLÖGLEG NOTKUN Á LÍKUM Rannsókn fer nú fram í Austurríki á því hvort vísindamenn í háskóla í borginni Graz hafi brotið lög þegar þeir notuðu 21 lík til að þróa brúður sem notaðar eru til að kanna áhrif umferðarslysa. Ekki er víst að hinir látnu eða ættingjar þeirra hafi gefið leyfi fyrir notkuninni.

ÍSRAEL

HÖFRUNGAR Í HAIFA Hátt í fimmtíu höfrungar svömluðu um í höfninni í Haifa, helstu hafnarborg Ísraels í gær, vegfarendum til ánægju og yndisauka. Ekki er þó víst að dvölin í höfninni sé dýrunum heilsusamleg, þar sem hún er afar menguð. Því eru hvalir þar sjaldséð sjón.

Bandaríkjamenn sárir Íslendingum

Sæmundur Pálsson, vinur skákmeistarans Bobby Fischer, vonast til að koma með hann hingað til lands á morgun eða um helgina. Fischer hefur áhyggjur af því að Bandaríkjamenn reyni að hefta ferð hans.

FISCHER Linda J. Hartley, talsmaður bandaríska sendiráðsins, segir að bandarísk stjórnvöld hafi orðið fyrir vonbrigðum með þá ákvörðun Íslendinga að bjóða Fischer ríkisborgararétt og komið því á framfæri við stjórnvöld. Þau vilji fá Fischer til Bandaríkjanna. Fischer sé enn bandarískur ríkisborgari en ferðir hans verði ekki heftar. Bandarísk stjórnvöld hyggjast senda frá sér yfirlýsingu þegar Fischer er kominn hingað til lands.

Sæmundur Pálsson, vinur skákmeistarans Bobby Fischers, fer í dag eða á morgun til Japans og vonast til að koma með Fischer hingað til lands á morgun eða um helgina. Miyoko Watai, unnusta Fischers og forseti japanska skáksambandsins, kemur með honum hingað til lands og ætlar að dveljast með honum hér um óákveðinn tíma.

Watai segir að þau séu búin að ganga frá ferðatilhöguninni, en Fischer hafi áhyggjur af því að Bandaríkjamenn reyni að hefta ferð hans og því sé ferðaskipulaginu haldið leyndu. Hún segir að þau hafi talað um að giftast, til dæmis hér á landi, en vill ekki gefa neitt upp um það hvort Íslendingar megi eiga von á brúðkaupi. Hún vill heldur ekkert segja um það hvort hún muni búa með honum hér á landi til frambúðar.

Sæmundur fer í dag eða á morgun til Japans ásamt kvikmyndagerðarmönnunum Friðriki Guðmundssyni og Kristni Hrafnssyni og Páli Magnússyni, fréttastjóra á Stöð 2. „Það hefði verið best ef ég hefði getað hitt Fischer í Danmörku en hann vildi að ég kæmi alla leið. Ég vona að ég komist með hann til landsins fyrir helgina. Framtíðin verður svo að skera úr um framhaldið," segir Sæmundur.

Fischer og unnusta hans munu búa á hóteli til að byrja með og segir Sæmundur að Fischer sé samþykkur því en ekki hafi verið gengið frá gistingunni að öðru leyti.

ghs@frettabladid.is



MYND/REUTERS

BOBBY FISCHER SKÁKMEISTARI
Sæmundur Pálsson, vinur Bobby Fischer, vonast til að þeir komi til Íslands á morgun eða um helgina.

ÚR EINKASAFNI

MIYOKO WATAI
Unnusta Fischers kemur með honum hingað.

Dómsmálaráðherra Japans:

Íhuga hvað skal gera

JAPAN, AP Dómsmálaráðherra Japans, Chieko Nono, segir að lagalega séð sé mögulegt að leyfa Fischer að fara til Íslands fyrst hann hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt.

„Við munum íhuga möguleikann og taka viðeigandi ákvörðun," sagði hún við sjónvarpsstöðina TV Tokyo.

Eftir að Fischer var settur í stofufangelsi í Japan hefur hann lýst því yfir að hann vilji hafna bandarískum ríkisborgararétti og fá stöðu sem pólitískur flóttamaður.

Hann hefur lýst því yfir að hann hyggist kvænast unnustu sinni, Watai. ■

Ríkisborgararéttur Fischers:

Gæta þarf jafnræðis

ALÞINGI Dagný Jónsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, taldi langsótt að ríkisborgararéttur til handa skákmeistaranum Bobby Fischer kæmi til kasta Alþingis en Alþingi samþykkti ríkisborgararéttinn á mánudag. Hún sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

„Mér finnst að gæta þurfi jafnræðis í svona málum og þess vegna sat ég hjá. Íslendingar hafa verið að vísa frá fólki sem á mjög erfitt og hefur verið að sækja um pólitískt hæli hér á landi," segir hún. **- ghs**

SVEITARSTJÓRNARMÁL

KOSNING HAFIN Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er hafin hjá sýslumönnum um land allt vegna kosningar um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Skorradalshrepps. Almenn atkvæðagreiðsla fer fram laugardaginn 23. apríl.

Páskadekur á Hótel Örk

Bjóddu elskunni þinni upp á ljúfa kvöldstund og dekur á Hótel Örk yfir páskahátíðina.

Gisting í tvíbýli
Þriggja rétta hátíðarkvöldverður hússins
Ljúf harmonikkutónlist yfir borðhaldi
Morgunverður af hlaðborði
Sundlaug, gufa og heitir pottar

6.900 krónur *(á mann í tvíbýli)*

Kaffihlaðborð
Alla daga páska milli 14.00 og 16.00

Pantanir í síma 483 4700
info@hotel-ork.is, www.hotel-ork.is HÓTEL ÖRK

Veðrið

Suðlægar áttir!
Það er ekki gæfulegt páskaveðrið. Það verður vindasamt og vætusamt syðra í ofanálag. Í dag verður stíf austanátt og rigning sunnan- og austanlands. Á morgun verður strekkingur af suðri með skúraveðri syðra og ekki er spáin góð fyrir helgina. Þetta verður heldur skárra fyrir norðan þar sem verður þurrt að mestu. Kosturinn er þó þessi hlýindi (þótt kólni um tíma í dag) sem endast eitthvað áfram. Dæmigert inniveður, upplagt fyrir kakó og páskaegg!

Kveðja, Guðrún Arnardóttir náttúrufræðingur.

Í dag



Á morgun - Skírdag



Stíf suðlæg átt, kaldi eða strekkingur. Rigning eða skúraveður sunnan- og austanlands.

Föstudagurinn langi



Suðlæg átt og skúraveður um landið sunnanvert.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	6°C	rigning	Glasgow	12°C	skýjað	Osló	2°C	sk.m.köflum
London	14°C	léttskýjað	Stokkhólmur	6°C	sk.m.köflum	Prag	10°C	skýjað
París	17°C	sk.m.köflum	Barcelona	16°C	léttskýjað	Róm	19°C	sk.m.köflum
Frankfurt	16°C	skýjað	Helsinki	-1°C	léttskýjað	Amsterdam	14°C	sk.m.köflum

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Verðhrun

10 páskaliljur

699 kr.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27828 3/2005

Páskablómin:

Begonía **699 kr.**

Páskakrýsi **599 kr.**

Sýpris 100 sm **999 kr.**

Páskasýpris - lime **499 kr.**

PÁSKALILJUR

Páskaskraut

Blómstrandi páskagreinar í búnti

499 kr.

blómaval

HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að sækja um lóð í Lambaseli?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	25%
Nei	75%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á Bobby Fischer að fá stórmeistaralaun eins og aðrir íslenskir stórmeistarar?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Deilur í Menntaskólanum á Ísafirði:

Málið hugsanlega fyrir dómstóla

SKÓLAMÁL Stjórn Félags framhaldsskólakennara hefur skorað á menntamálaráðuneytið að gera rækilega úttekt á framgöngu Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, gagnvart samstarfsfólki við skólann. Í bréfi félagsins til ráðuneytisins er talað um að „ógnarstjórn“ ríki í skólanum.

Ólína segir þetta þungar ásakanir og ærumeiðandi. Í samtali við Fréttablaðið segist hún hafa gert alvarlegar athugasemdir við framgöngu forystu Félags framhaldsskólakennara í þessu máli. „Þeir fara fram með gífuryrðum og aðdróttunum sem ég fullyrði að þeir hafi ekki gögn til að standa undir,“ segir Ólína.

Félagið kvað hafa áréttað fyrri ásakanir í nýju bréfi til ráðuneytisins í gær.

Ólína segist ætla að gefa félaginu kost á að draga ásakanirnar í sinn garð til baka. Hún áskilji sér rétt til að leita réttar síns fyrir dómstólum, á þeim grundvelli að Félag framhaldsskólakennara sé að brjóta ákvæði hegningarlaga um ærumeiðingar. „Ég hef farið þess á leit við ráðuneytið að Kennarasambandið fái ofanígjöf, eða vítur, fyrir þessa framkomu. Það má segja að þeir hafi tekið skólann í herkví,“ segir Ólína.

ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR
Skólameistari Menntaskólans á Ísafirði er mjög ósáttur við framgöngu Félags framhaldsskólakennara, sem kvartað hefur yfir stjórnunarháttum hennar til menntamálaráðuneytisins.

Stjórn Skólameistarafélags Íslands ætlar að taka málið upp við rétta aðila eftir páska. - aa

Menntamálaráðherra:

Höfundalögum breytt

STJÓRNMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra lagði fyrir ríkisstjórn í gær frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum. Frumvarpið byggir á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samþættingu ákveðinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda.

Með því að innleiða þessa tilskipun getur Ísland orðið aðili að höfundarréttarsáttmála Alþjóðahugverkastofnunarinnar og sáttmála um réttindi skyld höfundarrétti um vernd réttinda listflytjenda vegna beins listflutnings og hljóðupptöku. - ss

Alþjóðleg ráðstefna:

Til heiðurs Vigdísi

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gærmorgun að styrkja alþjóðlega ráðstefnu til heiðurs Vigdísi Finnbogadóttur um 2,5 milljónir.

Ráðstefnan, Samræða milli menningarheima, verður haldin 13. til 15. apríl í tilefni af 75 ára afmæli Vigdísar og er það Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem stendur fyrir henni. Þar munu fulltrúar mismunandi menningar- og málasvæða fjalla um tungumál, menningu, tækni, viðskipti, vísindi og þjóðfélagsmál. Ráðstefnan er haldin í samvinnu við rektor Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Norrænu ráðherranefndina. - ss

VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR

BALKANSKAGI

HELMINGUR VATNSBÓLA ÖRUGGUR Serbneskur embættismaður varaði við menguðu vatni í landinu í gær, á alþjóðlegum degi vatnsins. Hann sagði að einungis helmingur vatnsbóla landsins væri skoðaður reglulega en vafi léki á um hreinleika hins helmingsins.

STRÍÐSGLÆPAMENN EFTIRLÝSTIR Forsvarsmenn Bosníuserba hófu í gær auglýsingaherferð þar sem almenningur er hvattur til að gefa upplýsingar um eftirlýsta stríðsglæpamenn en þrýst hefur verið á þá að beita sér í þessum efnum. Bosníuserbarnir Radovan Karadzic og Ratko Mladic eru efstir á lista stríðsglæpadómstólsins í Haag.

Dómari úrskurðaði að ekki skyldi haldið lífi í Terri Schiavo

Nú sér fyrir endann á deilum vandamanna Terri Schiavo um hvort þessi heilaskaddaða kona fái að lifa eða deyja. Alríkisdómari hefur úrskurðað að ekki skuli hefja næringjargjöf á nýjan leik.

TAMPA, AP Allt útlit er fyrir að ævi Terri Schiavo sé brátt á enda eftir að alríkisdómari hafnaði beiðni foreldra hennar um að útbúnaður sem veitir henni næringu verði tengdur á ný. Þar með sér fyrir endann á málarekstri sem tekið hefur tæp fimm ár.

James Whittemore alríkisdómari sagði í úrskurði sínum að foreldrum Terri Schiavo, Bob og Mary Schindler, hefði mistekist að sýna fram á að raunhæfar líkur væru á að dóttir þeirra næði meðvitund á nýjan leik.

Terri Schiavo skaddaðist alvarlega á heila árið 1990 þegar hjarta hennar stöðvaðist í stutta stund. Hún er án meðvitundar, getur andað hjálparlaust en þarf að fá næringu í æð. Michael, eiginmaður hennar, hefur undanfarin fimm ár barist fyrir því að næringargjöf verði hætt en foreldrar hennar vonast til að hún nái meðvitund og leggjast því gegn áformum tengdasonar síns.

Ættingjar Terri eru miður sín yfir úrskurði dómarans. „Að sjá foreldra mína ganga í gegnum þetta er hörmulegt. Það væri rétt fyrir dómarann að fylgjast með því líka,“ sagði Bobby Schindler, bróðir Terri, við fréttamenn í gær. Talsmaður Jeb Bush, ríkisstjóra í Flórída og bróður George W. Bush, sagði að yfirmaður sinn væri mjög vonsvikinn yfir úrskurðinum og myndi halda baráttu sinni fyrir lífi Terri áfram. Lögfræðingar fjölskyldunnar sögðu að úrskurðinum yrði áfrýjað.

Talsmenn mannréttindasamtaka fögnuðu hins vegar úrskurði Whittenmore. „Það sem þessi ákvörðun þýðir er að frelsi fólks er verndað til að ákveða sitt skapadægur án afskipta stjórnmálamanna,“ sagði einn þeirra. Engin yfirlýsing liggur hins vegar fyrir um vilja Terri í þessum efnum.

Michael Schiavo lýsti í viðtali við Larry King á sjónvarpsstöðinni CNN í fyrrakvöld hneykslun sinni á að þingmenn og forsetinn skyldu hafa blandað sér í einkamál.

Lögfræðingur hans sagði í samtali við fréttamenn í gær að réttindi væru brotin á konunni með því að halda henni í þessu ástandi.

„Lífið er heilagt en það er frelsið líka, sérstaklega í þessu landi. ■

Fimm ára löng barátta um örlög Terri Schiavo

11. febrúar 2000: George W. Greer, héraðsdómari í Flórída, samþykkir beiðni Michael Schiavo um að aftengja næringarslöngur konu sinnar.

Apríl 2001: Ríkisdómstóll og Hæstiréttur Bandaríkjanna hafna að taka málið upp. Næringargjöf hætt en tveimur dögum síðar fyrirskipar annar héraðsdómari að tengja búnaðinn að nýju.

13. febrúar 2002: Málamiðlun artilraunir fara út um þúfur. Michael Schievo sækir aftur um að fá að aftengja slöngurnar.

22. nóvember: Greer dómari segir engar vísbendingar um að Terri Schievo muni ná sér og skipar í annað sinn að næringargjöf skuli hætt.

15. október 2003: Næringarslöngur aftengdar í annað sinn.

21. október: Jeb Bush ríkisstjóri undirritar lög sem heimila honum að grípa inn í. Hann lætur tengja búnaðinn enn á ný.

23. september 2004: Hæstiréttur Flórída fellir lög ríkisstjórans úr gildi á þeirri forsendu að þau brjóti í bága við stjórnarskrána.

2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005

MARS 2005

25. febrúar 2005: Greer dómari heimilar aftengingu næringarslangnanna í þriðja sinn.

16. mars: Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkir lagafrumvarp með það fyrir augum að halda Terri á lífi.

17. mars: Ríkisþing Flórída samþykkir frumvarp í svipuðum anda. Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkir enn eitt frumvarpið í málinu.

18. mars: Greer dómari fyrirskipar enn einu sinni að hætta beri að gefa Terri næringu. Slöngurnar aftengdar.

19. mars: Bandaríkjaþing heimilar tengingu búnaðarins á meðan alríkisdómstóll fjallar um málið.

20. mars: Öldungadeildin samþykkir frumvarpið.

21. mars: Fulltrúadeildin samþykkir frumvarpið, Bush forseti staðfestir lögin nokkrum mínútum síðar.

Bob og Mary Schindler, foreldrar Terri Schiavo.

AP

Tilboð
Glænýr smálúðuflök
1.290,- (áður 1.890,-)

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Fjármálaeftirlitið ritar Sameinaða lífeyrissjóðnum:

Krefst upplýsinga um starfslokasamning

EFTIRLIT Fjármálaeftirlitið hefur krafið stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins um upplýsingar um starfslokasamning sem fyrruverandi stjórn sjóðsins gerði við Jóhannes Siggeirsson, þáverandi framkvæmdastjóra. Einnig er óskað upplýsinga um starfslok hans í síðasta mánuði.

Stjórn sjóðsins vék Jóhannesi úr starfi í síðasta mánuði vegna óánægju með afkomu sjóðsins næstu ár á undan. Þá kom í ljós að árið 2000 gerðu þáverandi formaður og varaformaður sjóðsins starfslokasamning við Jóhannes sem tryggir honum laun í 30 mánuði eftir að hann lætur af störfum.

Samningurinn hefur verið harðlega gagnrýndur, einkum og sér í lagi að samningurinn var ekki lagður fyrir stjórn sjóðsins eða endurskoðanda. Stjórn Félags járniðnaðarmanna samþykkti í gærkvöld harðorða ályktun þar sem starfslokasamningurinn var gagnrýndur og skorað á stjórn sjóðsins að kanna hvort hægt væri að hnekkja honum.

Þorgeir Jósefsson, formaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins, sagði í yfirlýsingu í gær að Fjármálaeftirlitið fengi allar tiltækar upplýsingar um samninga og starfslok Jóhannesar en ítrekaði að stjórnin hefði ekki talið sér annað fært en að standa við samninginn. - þþg

JÓHANNES SIGGEIRSSON
Jóhannes var beðinn um að láta af störfum. Þá fyrst varð núverandi stjórn ljóst að hann ætti rétt á 30 mánaða launum.

Páskalambið í ár

að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marínerað í ólífuolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk

landslið matreiðslumeistara

Opið til kl. 21 í kvöld

Kjötið er sérvalið og látið liggja í ólífuolíu með fersku kryddi með það að leiðarljósi að ná fullri meyrnun á sama tíma og fersk krydd kryddleggja kjötið án salts. Meyrnun í ólífuolíu gefur frábæran grunn til að kjötið verði sem best við náttúrlegar aðstæður án salts.

Fyrir steikingu er stráð sjávarsalti eða öðru hollu salti yfir kjötið til að samræma meyran bragðgóðan vöðvann við hóflegt saltbragð og kryddkeim.

Nýtt í Hagkaupum

Risa fjölskyldu-páskaegg 1,4 kg
– flottasta eggið sem framleitt hefur verið!

Gott verð 3.999 kr/1,4 kg

Jói Fel ís 3 tegundir
- vinsælasti ís Hagkaupa

Gott verð 1.398 kr/kg

Hagkaup hamborgarhryggur
- hryggurinn sem þarf einungis að elda í ofni í 90 mín.

Gildir til 28. mars eða á meðan birgðir endast

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir nýkjörinn varaforseti EWLA, samtaka evrópskra kvenlögfræðinga?*

2 *Hvaða samtök undirbúa kæru til Eftirlitsstofnunar EFTA vegna breytingar á eldsneytisköttum?*

3 *Hvaða lög eru vinsælust til flutnings í brúðkaupum sumarsins?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Leiðin um Kjöl:

Ekki varhugaverð ef fólk er vel búið

BJÖRGUN „Það voru tugir jeppabifreiða á ferð á þessu svæði um helgina og í raun ekkert varhugavert að vera þarna á ferð ef allir eru vel búnir," segir Gunnar Stefánsson, hjá Landsbjörg. Hann segir að hver sem er geti lent í hremmingum á borð við þær sem ungmennin þrjú sem bjargað var af þyrlu Landhelgisgæslunnar lentu í á ferð sinni yfir Kjöl.

Ungmennin þrjú voru vel á sig komin þegar þau fundust en þeirra hafði þá verið saknað í rúman sólarhring. Þau lögðu af stað frá Dalvík á hádegi á sunnudegi og var ferðinni heitið suður Kjöl til Reykjavíkur. Gekk ekki betur en svo að annar bíll þeirra festi sig í krapa skammt vestan við Kerlingarfjöll og var hann skilinn eftir. Héldu þau för sinni áfram suður en hægt gekk vegna mikils krapa og veðurskilyrða. Voru þau enn tvo tíma frá byggð þegar þau fundust og var þá seinni bifreið þeirra að verða eldsneytislaus.

Gunnar segir að hundruð jeppabifreiða séu á ferð á þessum slóðum á tyllidögum og þótt óhöpp sem þessi séu óalgeng þá séu aðstæður á hálendinu síbreytilegar og þangað skyldi enginn fara nema gera nákvæma ferðaáætlun og hafa nægar vistir komi eitthvað upp á.

-aðe

SVAÐILFÖR
(A) Fyrri bifreið ungmennanna fannst laust fyrir klukkan 19 í fyrrakvöld. Hafði hún verið skilin eftir enda föst í krapa. (B) Fólkið fannst svo í seinni bifreiðinni klukkustund síðar og var bíll þeirra þá að verða eldsneytislaus.

STAÐFASTUR
Mohammed Saeidi, einn af forkólfum Kjarnorkumálastofnunar Írans, var ómyrkur í máli á ráðstefnunni í París.

Kjarnorkumál:

Íranar gefa hvergi eftir

PARÍS, AP Íranar ætla að halda til streitu áformum sínum um að þróa kjarnorku hvað sem gagnrýni erlendra ríkja líður. Íranskur embættismaður lýsti þessu yfir í París í gær en þar fer fram alþjóðleg ráðstefna um kjarnorkunotkun í friðsamlegu skyni.

Frakkar, Þjóðverjar og Bretar eiga í viðræðum við Írana um kjarnorkumál. Grunur leikur á að Íranar hyggist koma sér upp kjarnavopnum enda þótt þeir neiti því staðfastlega.

Viðræðurnar halda áfram á morgun og vildi embættismaðurinn ekki svara hvort Íranar myndu halda auðgun úrans áfram fyrr en að honum loknum. ■

Ískönnunarflug:

Hafísinn hörfar

HAFÍS Landhelgisgæslan fór ískönnunarflug yfir Norðurland í gær og hafði góðar fréttir að færa af hafísnum, að sögn Þórs Jakobssonar veðurfræðings. Þeir könnuðu ísinn frá Kolbeinseyjarsvæðinu og suðvesturúr alveg að Vestfjörðum norðanverðum við Horn. Segir Þór að mikið hafi hreinsast til norður af landinu og sé vel greiðfært úti fyrir öllu Norðurlandi. Siglingaleiðin fyrir Horn sé fær en þó varasöm vegna stöku smájaka.

Hagstæðar áttir ríkja nú og því vonast til að ástandið batni enn frekar. - sgi

Stjórnarkreppa í Eistlandi:

Freista framhalds

EISTLAND, AP Flokkarnir þrír, sem myndað hafa ríkisstjórnarmeirihlutann í Eistlandi síðustu tvö árin, sátu í gær að samningaviðræðum um myndun nýrrar stjórnar eftir að forsætisráðherrann Juhan Parts baðst óvænt lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Það gerði hann á mánudag, í kjölfar þess að vantraustsyfirlýsing á dómsmálaráðherrann var samþykkt í þinginu.

Hugsanlegur arftaki Parts á forsætisráðherrastólnum, takist sömu þremur flokkum að endurnýja stjórnarsamstarfið, er Andrus Ansip, formaður Umbótaflokksins og efnahagsmálaráðherra í fráfarandi stjórn. ■

Sterkari króna skilar sér ekki til neytenda

Veik staða krónunnar árið 2001 skilaði sér í verðhækkunum til neytenda. Nú þegar staða krónunnar hefur aldrei verið sterkari er ekki hægt að sjá að hún skili sér í lægra vöruverði í búðum.

NEYTENDUR Innflytjendur og verslanir hafa nýtt sér sterka stöðu krónunnar til að hækka álagningu sína, að mati Neytendasamtakanna. Þetta geri þeir með því að halda verðinu að mestu óbreyttu þótt innkaupsverð lækki.

„Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort virk samkeppni sé innan þeirra greina þar sem sterk staða krónunnar skilar sér ekki til neytenda," segir Jóhannes Gunnarsson, formaður samtakanna, sem telur þetta skoðunarefni fyrir samkeppnisyfirvöld.

Rýnt er í þróun gjaldmiðla helstu viðskiptalanda Íslands og könnuð er þróun vísitölu neysluverðs á heimasíðu Neytendasamtakanna.

Þar kemur í ljós að ekki stóð á seljendum að hækka verð á vörum sínum árið 2001 þegar gengi krónunnar veiktist. Það ár hækkaði dollarinn um rúm 27 prósent, evran um 19 prósent og gengisvísitalan um rúm 21. Innfluttar mat- og drykkjarvörur hækkuðu í verði um rúm 21 prósent, nýir bílar og varahlutir um 14 prósent og pakkaferðir um rúm 13.

Strax í byrjun árs 2002 tók krónan að styrkjast og hefur aldrei verið jafn sterk og nú. Dollarinn hefur lækkað um 42 prósent frá desember 2001 til febrúar 2005 og evran um 15,5 prósent. Gengisvísitalan hefur lækkað um rúm 25 prósent. Á sama tíma hefur verð á innfluttum mat- og drykkjarvörum aðeins lækkað lítillega og bílar og varahlutir hafa hækkað um rúm þrjú prósent og pakkaferðir til útlanda hækkuðu einnig um tæp tvö prósent.

Að sögn Jóhannesar gera Neytendasamtökin kröfu til innflytjenda og seljenda um að þeir hafi samræmi í hlutunum hjá sér. „Á sama hátt og veikari króna á árinu 2001 skilaði sér með fullum þunga í hærra vöruverði til neytenda, hljótum við að ætlast til þess að sterkari staða krónunnar nú skili sér í lækkuðu verði til neytenda."

sol-veig@frettabladid.is



JÓHANNES GUNNARSSON
Formaður Neytendasamtakanna segir vöruverð allt of hátt miðað við gengi krónunnar.

LISTAVERKASAFN ÍSLANDS
Fé til listaverkakaupa hefur ekki haldið í við verðlagsbreytingar.

Listaverkakaup:

Minna fé til reiðu

LISTAVERKAKAUP Listasafn Íslands hefur átta milljónum króna minna fé að raunvirði til kaupa á listaverkum en það hafði árið 1989. Þetta kemur fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur, þingmanns Vinstri-grænna.

Í svari ráðherra kemur fram að Listasafn Íslands hafði 7,4 milljónir króna til að kaupa listaverk 1989, það jafngildir 18,6 milljónum króna að núvirði. Í ár hefur Listasafnið hins vegar 10,8 milljónir til að kaupa listaverk, tæpum átta milljónum minna en ef upphæðin hefði verið látin fylgja verðlagi. - þþg

FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

FORSTJÓRI ÖLGERÐARINNAR
Segir úrskurð um að óheimilt hafi verið að stöðva dreifingu vítamínbætts drykkjar þeirra Ölgerðarmanna sigur fyrir þeirra málstað.

Kom í veg fyrir eldsvoða í verksmiðju á Reykjalundi:

Adrenalínið á fullt

BJÖRGUN Jón Sverrir Jónsson vaktmaður bjargaði plastverksmiðjunni í Reykjalundi frá eldsvoða aðfaranótt mánudags. Eldur kom upp í vél sem framleiðir plaströr en Jón brást hárrétt við, að sögn starfsmanna verksmiðjunnar. Nær ekkert tjón varð en illa hefði getað farið því í verksmiðjunni eru tugir tonna af plasti.

„Þetta var ekkert svakalegt, adrenalínið fór þó á fullt en ég hafði allt undir kontról," segir Jón. Hann telur það lán í óláni að hann starfaði áður í plastverksmiðjunni og þekkir því vel til þar. Aðeins er mánuður síðan hann hætti þar og fór að vinna sem vaktmaður á Reykjalundi en hann vaktar einnig verksmiðjuna.

„Það má því eiginlega segja að ég hafi skroppið í gömlu vinnuna til að slökkva eldinn," segir hann sposkur.

Þegar brunakerfið fór í gang hringdi Jón strax á slökkviliðið en reyndi svo að slökkva eldinn sjálfur. Í fyrstu beitti hann slökkvitæki en það tæmdist án þess að vinna á eldinum. Þá náði hann í brunaslöngu og var búinn að ráða niðurlögum eldsins áður en slökkviliðið kom.

- jse

JÓN SVERRIR JÓNSSON VAKTMAÐUR
Að sögn starfsmanna í plastverksmiðjunni í Reykjalundi brást Jón Sverrir hárrétt við þegar eldur kom þar upp í einni vélinni. Nær ekkert tjón varð en illa hefði getað farið þar sem tugir tonna af plasti eru í verksmiðjunni.

Brotið á Ölgerðinni:

Vilja bætur frá borginni

MATVÆLI Ölgerð Egils Skallagrímssonar íhugar að krefja Reykjavíkurborg um skaðabætur eftir að úrskurðarnefnd hollustuhátta og mengunarvarnarmála úrskurðaði að óheimilt hefði verið að stöðva dreifingu hins vítamínbætta drykkjar Ölgerðarinnar, Kristals plús. Forsvarsmenn segja í tilkynningu að fyrirtækið vilji fá fjárhagslegan skaða bættan.

Ölgerðin kærði annars vegar ákvörðun Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur frá því í janúar um að stöðva dreifingu Kristal plús og hins vegar synjun stofunnar um að afturkalla dreifingarbannið. - gag

Tökum það **með trukki**

Landflutningar-Samskip í Kjalarvoginum

Mikil ánægja ríkir meðal viðskiptamanna Landflutninga-Samskipa með nýjar bækistöðvar fyrirtækisins í Kjalarvogi.
Fullkomin aðstaða í stærstu flutningamiðstöð landsins og nálægðin við Samskip hefur skapað skilyrði til þjónustu sem gerist ekki betri.

Við lítum björtum augum fram á veginn og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

Minnum á nýtt símanúmer

458 8000

Landflutningar SAMSKIP

argus - 05-0163

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • landflutningar.is

FROÐUFLEYTA
Indverskir fiskimenn stýra fleytu sinni í gegnum froðulagt Yamuna-fljótið við Nýju-Delí. Iðnaðarúrgangi er veitt beint út í fljótið og því er það svo óhreint.

Egilsstaðir:

Blokkaríbúðir seljast hægt

EGILSSTAÐIR Sala á íbúðum í sjö hæða fjölbýlishúsi á Egilsstöðum er dræmari en búist var við. Íbúðirnar voru tilbúnar í haust og eru níu íbúðir af 21 enn óseldar.

Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður og löggildur fasteignasali hjá Fasteigna- og skipasölu Austurlands, segir að þrátt fyrir að salan hafi verið hægari en búist var við leiki ekki vafi á að íbúðirnar seljist: „Salan róaðist í haust en frá því um áramót hafa þrjár til fjórar íbúðir selst."

Sigurþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri Malarvinnslunnar sem byggði blokkina, segir erfitt að útskýra af hverju íbúðirnar hafi ekki selst sem skyldi. Áhuginn sé þó að glæðast aftur: „Við vorum bjartsýnir og héldum að við yrðum búnir að selja á þessum tíma."

Hilmar segir mun auðveldara að selja eignir á Austurlandi nú en áður en framkvæmdir hófust við Kárahnjúka. „Verð hefur verið að stíga verulega síðustu vikurnar. Algengt er að fá 165 til 180 þúsund fyrir fermetrann í nýjum eignum. Það er tíu prósenta hækkun á nokkrum vikum." **- gag**

SJÖ HÆÐA BLOKK Á EGILSSTÖÐUM
Níu íbúðir eru enn óseldar í sjö hæða fjölbýlishúsi á Egilsstöðum. Íbúðirnar eru 80 til 100 fermetrar og seljast á um 12,5 til 17 milljónir króna.

Fólksfækkun vofir yfir Stöðvarfirði

Austurbyggð, Samherji og Þróunarfélag Austurlands hafa tekið höndum saman og myndað samráðshóp til að greiða úr atvinnumálum Stöðfirðinga. Heimamenn eru afar ánægðir með framgöngu Samherja og þá samfélagslegu ábyrgð sem fyrirtækið axlar.

ATVINNUMÁL Fulltrúar sveitarstjórnar Austurbyggðar, Samherja og Þróunarfélags Austurlands hittu þingmenn Norðausturkjördæmis á fundi í Reykjavík í gær þar sem rætt var um atvinnumálin á Stöðvarfirði. Yfirvofandi eru breytingar á landvinnslu Samherja á Stöðvarfirði og hugsanlegt að vinnslu verði hætt næsta haust. Samherji er langstærsti vinnuveitandinn á staðnum en þar starfa 48 manns í 35 stöðugildum en á Stöðvarfirði búa um 260 manns.

> **„Starfsfólkið er farið að leita að öðrum störfum en það er lítið eða ekkert að hafa á Stöðvarfirði.**

Sjö þingmenn kjördæmisins sátu fundinn en þrír boðuðu forföll. Steinþór Pétursson, sveitarstjóri Austurbyggðar, bindur vonir við að þingmenn kjördæmisins muni aðstoða Stöðfirðinga. „Starfsfólkið er farið að leita að öðrum störfum en það er lítið eða ekkert að hafa á Stöðvarfirði. Hugsanlega munu einhverjir leita vinnu á Reyðarfirði eftir að Fáskrúðsfjarðargöng opna í haust en þá verða 43 kílómetrar á milli staðanna. Það er hins vegar ekki lausn fyrir alla og hætta á að fólk fari að hugsa sér til hreyfings og flytji brott, að minnsta kosti þeir sem ekki eiga húsnæði," segir Steinþór.

FRYSTIHÚS SAMHERJA Á STÖÐVARFIRÐI
Samherji hefur fengið ráðgjafafyrirtæki á Akureyri til aðstoðar við leit að lausnum á atvinnuvanda Stöðfirðinga og greiðir Samherji kostnaðinn.

Gunnar Vignisson, verkefnisstjóri hjá Þróunarfélaginu, segir tilgang fundarins hafa verið að gera þingmönnunum grein fyrir stöðu mála en samráðshópurinn muni skila tillögum að lausnum eftir um það bil mánuð. „Það sem er nýtt og sérstakt í þessu samstarfi er að Samherji tekur þátt í að leita lausna fyrir byggðarlagið. Þar með axlar fyrirtækið fulla samfélagslega ábyrgð og við höfum ekki séð mikið af því hjá íslenskum stórfyrirtækjum," segir Gunnar.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sat fundinn og segir hún ánægjulegt að allir sem koma að málinu séu staðráðnir í að finna lausnir og ný atvinnutækifæri. „Ég bauð fram aðstoð iðnaðarráðuneytis og undirstofnana ef á þarf að halda og það verður skoðað nánar ef heimamönnum sýnist svo," segir Valgerður. **kk@frettabladid.is**



KOMINN TIL KÍNA
Pak Pong Ju, fyrir miðju, forsætisráðherra Norður-Kóreu, hóf Kínaheimsókn sína í gær.

Norður-Kóreumenn:

Auka við kjarnavopnin

SEÚL, AP Norður-Kóreumenn lýstu því yfir í gær að þeir hefðu stækkað kjarnavopnabúr sitt svo að þeir gætu varist árásum óvina sinna. Forsætisráðherra landsins er staddur í Kína þar sem hann ræðir við þarlenda ráðamenn. Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er nýfarinn þaðan.

Suður-Kóreumenn eru Bandaríkjamönnum reiðir fyrir að hafa dylgjað um að Norður-Kóreumenn hafi selt Líbíumönnum geislavirk efni til kjarnavopnasmíði án þess að rökstyðja mál sitt nægilega vel. Þeir telja að ásakanirnar hafi valdið því að Norður-Kóreumenn sögðu sig frá viðræðum sex ríkja um kjarnorkumál. ■

MYND/AP

GADDAFI MÆTTUR
Bouteflika Alsírforseti tók vel á móti Mohammar Gaddafi, leiðtoga Líbíu, í gær.

Arabaleiðtogar:

Fundur olli vonbrigðum

ALGEIRSBORG, AP Fundur leiðtoga Arabaríkjanna í Algeirsborg í Alsír sem hófst í gær virðist ætla að skila litlu. Búist var við sögulegum fundi þar sem samskipti Sýrlendinga og Líbana yrðu ofarlega á baugi svo og friðarferlið í Palestínu en svo virðist sem leiðtogarnir veigri sér við að ræða þessi stóru mál. Friðartillögur Jórdana voru ekki teknar til umræðu en þær gera ráð fyrir eðlilegum samskiptum við Ísrael án krafna um að þeir skili herteknu svæðunum.

Aðeins 13 af 22 leiðtogum ríkjanna mættu til fundarins. Sumir voru veikir en aðrir sátu heima vegna ósættis við aðra leiðtoga. ■

LÖGREGLUMÁL

HREINDÝR OG HROSS VALDA HÆTTU Litlu mátti muna að vegfarandi æki á hreindýr í Suðursveit í gær. Hefur borið á því síðustu sólarhringa að hestar og hreindýr séu þar á ferð yfir þjóðveginn við Hala og er vegfarendum bent á að aka varlega.

PALESTÍNA

TULKAREM Í HENDUR PALESTÍNUMANNA Ísraelsmenn fólu í gær Palestínumönnum stjórn bæjarins Tulkarem á Vesturbakkanum og var vegatálmum í bænum aflétt við það tækifæri. Tulkarem er annar bærinn af fimm sem Palestínumenn munu stýra en á dögunum tóku þeir við stjórnartaumunum í Jeríkó.

Komin aftur

ELFUNK LT-4205
42” Plasma sjónvarp. SKERPA 3000:1
Nicam stereo. 4 scart tengi. AV tengi
að framan og aftan. Mynd í mynd 2
tunerar. Kyrrmynd. Zoom.

249.995

Verð áður 349.995

109.995

ELFUNK LT-27
27” LCD sjónvarp.
Breiðtjaldssjónvarp.
Upplausn 1280X768. Nicam stereo. AV inngangur.
PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

Verð áður 199.995

179.995

H&B HL3200B
32” LCD sjónvarp.
Breiðtjaldssjónvarp.
Upplausn WXGA1366X768. Nicam stereo. AV inngangur.
PC inngangur. 2 scart tengi. S-Video. Heyrnatólatengi.

Verð áður
59.995

39.995

ROADSTAR LCD1544
Nicam Stereo. Íslenskt textavarp
2 Euro scart tengi. Upplausn
XGA 1024X768. Skerpa 400:1
PC tengi Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring
Gengur fyrir 12 og 220 voltum

59.995

**ROADSTAR
LCD2020**
Nicam Stereo
Íslenskt textavarp
2 Euro scart tengi
Upplausn WGA 640X480
Skerpa 500:1. PC tengi. Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring. Gengur fyrir 12 og 200 Voltum

Verð áður 89.995

**ROADSTAR
LCD-8012**
8” LCD sjónvarp
Gengur fyrir 12
og 220 voltum

Verð áður
39.995

29.995

www.radio.is

RADÍÓBÆR

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

AP MYND

HEATHROW STÆKKAR
Framkvæmdir við nýjustu flugstöðvarbygginguna við Heathrow-flugvöll í Lundúnum standa nú yfir. Byggingin er nær 400 metrar á lengd og munu 30 milljónir farþega fara um hana þegar hún hefur verið tekin í notkun.

Viðræður hefjast um byggingu íþróttahúss í Skógarseli:

ÍR fær íþróttahús á aldarafmælinu

BORGARMÁL Á fundi borgarráðs í síðustu viku var samþykkt að hefja viðræður við forystu Íþróttafélags Reykjavíkur með það fyrir augum að hefja framkvæmdir á íþróttahúsi á svæði félagsins á næsta ári. Stefnt er að því að íþróttahúsið verði tilbúið árið 2007 en þá heldur ÍR upp á aldarafmæli sitt.

Að sögn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem lagði tillöguna upphaflega fram, er löngu orðið tímabært að íþróttafélag í stærsta hverfi borgarinnar fái sitt íþróttahús. „Við teljum það afar brýnt að gengið verði í þetta verk sem allra fyrst en það er búið að vera að tala um þetta í áratug," segir Vilhjálmur.

ÍR Í ÚRSLITAKEPPNINNI
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson telur afar brýnt að hafist verði handa við byggingu íþróttahúss á svæði ÍR. Stefnt er að því að íþróttahúsið verði tilbúið árið 2007.

Hann segir kostnað við byggingu íþróttahúss vera á bilinu 250 til 400 milljónir króna.

Spurður hvort borgin hafi efni á að reisa slíkt íþróttahús segir Vilhjálmur að í stað þess að setja á laggirnar svokallaðar þjónustumiðstöðvar sem kosta um þrjúhundruð milljónir króna mætti ráðstafa fjármununum frekar til íþrótta- og tómstundastarfa í hverfum borgarinnar. Ekki hefði verið sýnt fram á að þessar þjónustumiðstöðvar bæti þjónustuna við borgarbúa.

– jse

Tryggingafélag:

Kona fær sjúkrabætur

DÓMSMÁL Alþjóða líftryggingafélagið var í gær dæmt til greiðslu tæplega þriggja milljóna króna skaðabóta til handa konu sem veiktist skömmu eftir að hafa fengið sjúkdómatryggingu hjá félaginu.

Var henni neitað um bætur þegar eftir því var leitað á grundvelli þess að hún hefði haft umræddan sjúkdóm áður en tryggingin var tekin. Þótti dómnum sannað að svo hefði ekki verið og þar að auki hefðu henni ekki verið kynntir allir skilmálar tryggingarinnar við umsókn og dæmdi hann því konunni í vil. ■

KÁRI Í JÖTUNMÓÐ
Ferðafólkið frá Þýskalandi hlær við hríðarbyl á Kópaskeri.

Norður- og Austurland:

Ferðamenn á Fróni

FERÐLÖG Par frá Þýskalandi vakti athygli á Norður- og Austurlandi í síðustu viku en fólkið var á ferðalagi um landið og gisti í hjólhýsi á tjaldstæðum. Hátt í 10 stiga frost var fyrir norðan og austan, snjókoma og hríðarbylur og engir aðrir gestir á tjaldstæðunum.

Ferðalangarnir gistu meðal annars á tjaldstæðinu á Kópaskeri og telja heimamenn að þýska parið hafi verið fyrstu ferðamennirnir sem þar gista í mars. - kk

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KOMINN NIÐUR Á JÖRÐ
Hundurinn varð rólegri þegar hann var kominn niður á jörð eftir að slökkviliðsmaðurinn hafði farið upp og sótt hann.

Slökkvilið:

Hundi bjargað af þaki

BJÖRGUN „Hvolpurinn var björguninni feginn enda skalf hann af hræðslu þegar við náðum til hans," segir Oddur Eiríksson, hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, en þeir fengu sérstætt verkefni um miðjan dag í gær þegar óskað var eftir aðstoð þeirra við að bjarga hundi af þaki íbúðarhúss við Tjarnargötu.

Hvolpurinn komst út á þak gegnum þakglugga, fraus af hræðslu og þorði sig hvergi að hreyfa. Þótti vænlegast að kalla til körfubíl slökkviliðsins og varð slökkviliðsmönnum ekki skotaskuld úr því að bjarga hundinum niður. - aöe

HRÆDDUR Á ÞAKINU
Hundinum var um og ó þar sem hann var fastur, eina fótfestan var þakrennan sem kom í veg fyrir að hann rynni af þakinu.

Á LEIÐ TIL BJARGAR HUNDINUM
Vænlegast þótti að kalla til körfubíl slökkviliðsins og varð slökkviliðsmönnum ekki skotaskuld úr því að bjarga hundinum niður.

BÍÐUR EIGENDA SINNA
Hundurinn var vistaður í lögreglubíl meðan beðið var eftir eiganda hans.

Tryggðu þér bestu kjörin og bókaðu strax á www.urvalutsyn.is

Vorsólin

Portúgal
Paraiso de Albufeira og Ondamar
29. mars, 10., 12. og 18. apríl
Verð frá: 34.900 kr.*
á mann m.v. 2 í stúdíó í 7 eða 8 nætur
á Ondamar eða Paraiso de Albufeira

Benidorm/Albir
La Colina
31. mars og 4. apríl
Verð frá: 29.900 kr.*
á mann m.v. 2 í stúdíó í 4 nætur
á La Colina 31. mars
Verð frá: 34.900 kr.*
á mann m.v. 2 í stúdíó í 7 nætur
á La Colina 4. apríl

Kanaríeyjar
Montemar
30. mars • 14 nætur
og 7. apríl • 7 nætur
Verð frá: 39.900 kr.*
á mann m.v. 2 í íbúð með 1 svefnherbergi
í 7 nætur á Montemar 7. apríl

Fleiri eða færri?
Finndu verð á þinni ferð
á www.urvalutsyn.is

* Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

www.urvalutsyn.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 27834 03/2005

SJÓNVÖRP ▶ DVD SPILARAR ▶ HEIMABÍO

SJÁIÐ ALLT ÚRVALIÐ Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

AÐEINS KR. 6.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI

VAXTALAUST!

EÐA KR. 83.990
STAÐGREITT

JVC

AV32H40

32" 100Hz BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Natural Flat myndlampa, 2x20w Nicam stereó hljóðkerfi, Hyper Sound, 3 Scart tengjum og RCA/SVHS að framan, heyrnartólstengi, textavarpi með 720 síðna minni, fjölkerfa móttöku og fjarstýringu.

DVD VIDEO MEÐ **KARAOKE**

DVD/CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG/MP3

UNITED DVD5067

DVD SPILARI fyrir öll kerfi með KARAOKE fyrir tvo hljóðnema, Dolby Digital AC3, DTS, NTSC yfir í Pal, RCA, Scart, Coax og Optical tengi og fjarstýringu.

VERÐ ▶ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC

AV28RT4

AÐEINS KR. 3.799
Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI

VAXTALAUST!

EÐA KR. 37.990
STAÐGREITT

28" SJÓNVARP með Nicam stereó, Black Matrix myndlampa, textavarpi, 2 scart tengjum, RCA tengi að framan og fjarstýringu.

DVD VIDEO **Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG**

UNITED DVH5085

HEIMABÍÓKERFI með DVD sem spilar öll kerfi, CD spilara, 5x15w magnara, 30w bassahátalara, 5 litlum umhverfishátölurum, RDS útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 14.990
FULLT VERÐ kr. 19.990

DVD VIDEO

PHILIPS MX2500

Fyrirferðalítið og nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

TILBOÐ ▶ 24.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. Tónborg, Kópavogi. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



Gleðilega páska

VILTU VINNA FLUGEGG?

Nú fer hver að verða síðastur!

Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Nóa Síríusar og Icelandair.

Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustuaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið. Þú gætir unnið Flugegg, ferð til Evrópu fyrir fjóra, rafrænt gjafakort eða eitt af 100 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.

ICELANDAIR

NÓI SÍRÍUS

Páskakanínurnar eru í Smáralind.
Þær eru fyrir framan Útilíf á 2. hæð.

Fermingarleikur Smáralindar og BT

Þú gætir unnið með því að óska þér!

Taktu þátt í frábærum fermingarleik á **www.smaralind.is**.

Aðalvinningur: Fartölva

Aukavinningar: 10 x 5.000 kr. rafræn gjafakort í Smáralind.

Opið í Smáralind

Fimmtudaginn 24. mars, **skírdag**, opið 13-18.
Laugardaginn 26. mars, opið frá 11-18.

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000.

ENNEMM / SÍA / NM15716

24 stundir

EFTIRMÁL: SAMTÖKIN MANNVERND

Náðum tilgangi okkar

Samtökin Mannvernd voru áberandi í allri umræðunni um Íslenska erfðagreiningu og fyrirhugaðan miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði á árunum fyrir 2000. Mótmæltu þau áætlunum um grunninn harðlega og settu fram ýmis rök máli sínu til stuðnings. Lítið hefur farið fyrir Mannvernd síðustu ár en samtökin eru þó enn til og er Pétur Hauksson geðlæknir fomaður þeirra. „Við náðum megintilgangi okkar sem var að berjast gegn gagnagrunninum," segir Pétur en Íslensk erfðagreining hefur lagt áform sín um grunninn til hliðar. „Í opinberri tilkynningu á verðbréfamarkaðnum í Bandaríkjunum segir fyrirtækið að það sé vegna þess að ekki náðust samningar við Landspítalann og ekki hafi fengist leyfi til reksturs gagnagrunnsins. Við viljum þó meina að þarna spili inn í hæstaréttardómur sem í raun dæmdi lögin ólögleg." Pétur segir að Mannvernd og sjúklingar landsins, sem að öðrum kosti hefðu farið inn í grunninn, hafi því haft sigur í málinu.

Aðalfundur Mannverndar var síðast haldinn í fyrra en enn á eftir að halda hann í ár. Og Pétur er þeirrar skoðunar að enn séu næg verkefni fyrir samtök á borð við Mannvernd. „Við höfum séð verkefni þar sem þörf væri á að svona félagasamtök beittu sér fyrir réttindum fólks almennt. Hér er mikil söfnunarárátta í gangi og svo virðist sem safna þurfi saman öllum upplýsingum um einstaklinga. Þetta gengur út í öfgar og það er orðin árátta hjá stjórnvöldum að búa til gagnagrunna af ýmsu tagi," segir Pétur og nefnir sem dæmi söfnun upplýsinga um lyfjanotkun.

Hann segir aldrei að vita nema Mannvernd taki til starfa á ný en efast um að þeir sem stóðu í stafni á sínum tíma fari fram af sama krafti og fyrr. „Þeir fáu sem stóðu í þessu hafa ekki óendanlega krafta," segir Pétur en efast ekki um þörfina.

SVONA ERUM VIÐ

1.392 BÚA Á SIGLUFIRÐI
703 karlar og 689 konur.
Heimild: Hagstofan

SJÓNARHÓLL

FISCHER ORÐINN ÍSLENDINGUR

HÓLMGEIR EINARSSON

Á þetta inni hjá okkur

„Þetta er allt í lagi en ég verð þó að segja að ég er nú ekkert voðalega hrifinn af þessu," segir Hólmgeir Einarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍR um þá staðreynd að Bobby Fischer, fyrrum heimsmeistari í skák, er nú orðinn íslenskur ríkisborgari. „Ég er smeykur við allt svona og hlynntur ströngum reglum um innflytjendur. Við eigum að nýta okkur það að vera eyland," segir Hólmgeir en tekur skýrt fram að hann sé ekki haldinn kynþáttafordómum. „Við þurfum bara að hafa mikið aðhald og aðgát í þessum efnum og passa upp á okkur."

Söguleg tengsl Fischers og Íslands eru að sönnu nokkur, hann varð jú heimsmeistari í skák hér á landi árið 1972 þegar hann sigraði Spassky í því sem kallað hefur verið Einvígi aldarinnar. Í því ljósi telur Hólmgeir að hann eigi þetta inni hjá okkur. „Ég held það og tel að við verðum að hjálpa honum. Það er bara af hinu góða."

Hólmgeir býst við að Fischer muni setja sinn svip á íslenskt samfélag en veit ekki hvernig. „Ég á von á að hann verði sýnilegur í einhverju formi en veit ekki með hvaða hætti það verður."

Hólmgeir kann manngangin frá því í gamla daga en varla meira en það. „Ég tefldi sem krakki en hef varla gert það í tuttugu ár."

Fréttablaðið/BH

ELFAR LOGI HANNESSON Er trúður að mennt en hefur látið trúðslætin sitja á hakanum undanfarin ár og einbeitt sér að leikhúsinu.

Gísli Súrsson þjónar til borðs

Frá Vestfjörðum berast þær fregnir að vofa Gísla Súrssonar gangi aftur og skenki kaffiþyrstum Ísfirðingum í bolla.

Það er annasamur þriðjudagur á kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði en Elfar Logi Hannesson leikari og veitingamaður finnur sér þó tíma til að tylla sér niður með blaðamanni og fá sér kaffisopa. „Ég er reyndar bara óbreyttur vinnumaður hérna," útskýrir hann. „Við hjónin opnuðum þennan stað fyrir tæpum tveimur árum og konan mín sér um reksturinn en ég geng hérna um beina."

Elfari Loga er ekki aðeins til lista lagt að hella upp á gott kaffi því hann starfrækir Kómedíuleikhúsið, eina atvinnuleikhús Vestfjarða. Hann fór ekki troðnar slóðir í starfsmenntun sinni og sótti trúðaskóla í Kaupmannahöfn. „Ég er nú merkilegt nokk ekki eini faglærði trúðurinn á landinu, við vorum tveir Íslendingar að læra á sama tíma. Það er þó ekki starfandi stéttarfélag trúða mér vitanlega," segir Elfar og hlær. „Ég hef reyndar ekki verið mikið í trúðnum síðan ég kom heim. Ég stofnaði kómedíuleikhúsið ásamt Róberti Snorrasyni árið 1997 og við settum upp nokkur verk, en frá árinu 2001 hefur leikhúsið einbeitt sér að einleikjum."

Um þessar mundir sýnir Kómedíuleikhúsið einleik um Gísla Súrsson og hefur Elfar Logi safnað glæsilegu alskeggi fyrir hlutverkið. Áður hefur leikhúsið sett upp Leik án orða eftir Samuel Becket, verk um listmálarann Mugg og Stein Steinarr. Það er auðséð af verkefnavali Elfars Loga að Vestfirðirnir eru honum hugleiknir, enda sleit hann barnskónum á Bíldudal. „Vestfirðirnir eru mikill nægtabrunnur hvað yrkisefnin varðar, allt frá fornsögunum að Steini Steinarr. Það er eiginlega ekki annað hægt en gera þessu efni einhver skil," segir hann

Elfar Logi bindur þó ekki trúss sitt eingöngu við Vestfirði og hefur sett einleikina upp víða um land, meðal annars í höfðuborginni. Hann segir það stundum freistandi tilhugsun að flytjast búferlum og starfa í hefðbundnu leikhúsi, en á erfitt með að kveðja kjálkann. „Mér líkar bara svo vel hérna fyrir vestan. Það gengur vel hjá okkur hjónunum og þetta er gott líf."

bergsteinn@frettabladid.is

ILLUGI JÖKULSSON Gerir ráð fyrir að það taki átta til níu klukkustundir að lesa bókina í heild sinni.

Maraþonlestur á Talstöðinni:

Ben Húr frá upphafi til enda

„Þetta var eiginlega bara brandari sem vatt upp á sig," segir Illugi Jökulsson, útvarpsstjóri Talstöðvarinnar sem ætlar að lesa upp skáldsöguna Ben Húr eftir Lew Wallace í heild sinni föstudaginn langa. Gert er ráð fyrir að lesturinn taki átta til níu klukkustundir.

„Ég fékk þessa flugu í höfuðið og þegar ég fór að velta þessu fyrir mér fannst mér þetta ekki svo galin hugmynd. Bókin fjallar jú um atburði sem eiga sér stað í dymbilviku."

Charlton Heston lék Ben Húr í kvikmynd sem gerð var eftir bókinni árið 1959. Illugi segir að lesturinn helgist þó ekki af aðdáun sinni á myndinni. „Ég hef aldrei verið hrifinn af Charlton Heston, en ég las bókina nýlega í fyrsta skipti í langan tíma og komst að því að hún er glettilega góð." Kvikmyndin er víðfræg fyrir stórbrotinn hasar, þar á meðal glæfralegan hestakerrukappakstur, en Illugi kveðst ekki munu höggva í sama knérunn og Hollywood. „Ég geri ekki ráð fyrir að vera með mikla leiklistarlega tilburði."

Lesturinn hefst á Talstöðinni klukkan níu að morgni föstudagsins langa og verður endurfluttur um kvöldið.

- bs

LISSABONTÍSKAN Þessi látlausi ermalausi bolur var meðal flíka sem sýndar voru á tískudögum í Lissabon á dögunum.

Nóatún í JL-húsinu opnað á ný eftir bruna:

Slökkviliðsmönnum þakkað fyrir

Verslun Nóatúns í JL-húsinu við Hringbraut var opnuð í gær eftir brunann sem varð um miðjan desember. Þá eyðilagðist allt sem í búðinni var og ekki annað að gera en að byggja nýja verslun frá grunni. Er hún því ein sú glæsilegasta á landinu.

Í ljósi sögunnar var Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins fengið til að opna verslunina með viðhöfn og um leið styrkti Nóatún Líknarsjóð slökkviliðsmanna með 500.000 króna framlagi. Sjóðurinn er til að styðja slökkviliðsmenn sem lenda í erfiðleikum vegna starfa sinna og þurfa hugsanlega að leita sér aðstoðar hjá sérfræðingum í útlöndum. Einnig er honum ætlað að styðja fjölskyldur slökkviliðsmanna sem missa lífið við störf sín.

Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri er þakklátur Nóatúnsmönnum fyrir framlagið um leið og hann lýsir ánægju sinni með að fyrirtækið hafi byggt upp verslunina á nýjan leik. „Það eru mörg dæmi þess að fyrirtæki hætti eða flytji starfsemi sína eftir að eldur kviknar og því ánægjulegt að þeir klári þetta með þessum hætti," segir hann.

- þþs

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÓATÚNSFÁNINN DREGINN AÐ HÚNI Slökkviliðsmenn voru við opnun Nóatúnsverslunarinnar í JL húsinu í gær.

Gasgrill, Omega 250

- Grillflötur 50x36 sm, 6.2 Kw
- Tvískiptur brennari
- Emeleruð grillgrind
- Hitagrind
- Hliðarborð
- Neistakveikja
- Þrýstijafnari
- Hraunsteinar

3000235

e6 TILBOÐ

14.900

Gasgrill, Hunter Outback

- Grillflötur 60x50 sm, 11,8 Kw
- Þrír brennarar úr steypujárni
- Hjálmur með postulínsemeleringu
- Grill og grillgrind er húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði.
- Auðþrífanlegur lekabakki
- Hitamælir á hlíf
- Aðfellanleg hitagrind
- Hraunsteinar

3000237

e6 TILBOÐ **38.900**

Gasgrill, Outback Trooper

- Grillflötur 48x50 sm, 7.87 Kw
- Tveir brennarar ú steypujárni.
- Hjálmur með postulínsemeleringu
- Grill og grillgrind er húðað með postulínsemeleringu sem gefur góða vörn gegn háum hita og ryði.
- Auðþrífanlegur lekabakki
- Hitamælir á hlíf

3000236

31.900 e6 TILBOÐ

e6 TILBOÐ engin greiðsla í 6 mánuði

Húsasmiðjan býður nú vaxtalaus lán á völdum vörum.
e6 tilboðið stendur fyrir enga útborgun og enga vexti í 6 mánuði.*

*e6 tilboðin gilda aðeins fyrir korthafa Visa.

Vorið er komið

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

FBL GREINING: VEITING RÍKISBORGARARÉTTAR

Umsagnar tveggja valinkunnra manna óskað

Þingfundi var tvisvar slitið á mánudag, til að hægt væri að ljúka þremur umræðum um veitingu ríkisborgararéttar, þar sem Robert Fischer var veittur íslenskur ríkisborgararéttur með lögum. Frumvarp þetta til laga kom frá allsherjarnefnd, sem leggur reglulega fram frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar til nafngreinda einstaklinga.

Ríkisborgararéttur staðfestur með lögum

Samkvæmt lögum um ríkisborgararétt er það Alþingi sem veitir þann rétt með lögum. Slík lög þurfa undirskrift forseta og verða birt í Lögbirtingablaðinu tl að öðlast gildi. Áður en umsókn um ríkisborgararétt er lögð fyrir Alþingi segir í lögum um ríkisborgararétt að dómsmálaráðuneytið skuli fá umsögn lögreglustjóra á dvalarstað umsækjanda og Útlendingastofnunar.

Búsetuskilyrði

Að öllu jöfnu þurfa umsækjendur að umfylla skilyrði um búsetu hér á landi. Umsækjendur þurfa að hafa átt hér lögheimili í sjö ár, utan ríkisborgara annarra Norðurlanda, sem þurfa að hafa búið hér í fjögur ár. Þeir sem giftir eru íslenskum ríkisborgara þurfa að hafa átt hér lögheimili í þrjú ár frá giftingu, ef um sambúð er að ræða, þarf umsækjandi að hafa átt hér lögheimili í fimm ár frá skráningu sambúðar. Umsækjandi, sem á íslenskan ríkisborgara að öðru foreldri, þarf að hafa átt hér lögheimili í tvö ár. Flóttamenn þurfa að hafa átt hér lögheimili, sem slíkir, í fimm ár.

BOBBY FISCHER

Önnur skilyrði

Önnur skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, utan búsetuskilyrða, er að sá er sækir um íslenskan ríkisborgararétt, þarf að sýna fram á það álit tveggja valinkunnra manna að hann sé starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist. Hann má ekki hafa þegið framfærslustyrk frá sveitarfélagi í tvö ár fyrir veitingu ríkisborgararéttar. Þá má umsækjandi ekki hafa sætt varðhaldseða fangelsisrefsingu eða eiga óloknu máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

360 gráður

SPURT & SVARAÐ

ÓTRYGGÐIR BÍLAR

GEIR JÓN ÞÓRISSON

Yfir þúsund bílar ótryggðir

Brögð hafa verið að því að bifreiðaeigendur vanræki að greiða iðgjöld af ábyrgðartryggingum ökutækja sinna og hefur lögregla brugðist við af þeim sökum. Þannig klippti lögreglan í Hafnarfirði númeraplötur af 14 bílum um helgina og lögreglan í Reykjavík er með augun hjá sér líka. Geir Jón Þórisson er yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík.

Þarf lögreglan að hafa afskipti af mörgum sem eru á ótryggðum bílum?

Já, þetta er mikill fjöldi, mikill fjöldi. Ég hugsa að það séu um og yfir þúsund bílar sem eru ótryggðir í umferðinni.

Í hvaða stöðu eru ökumenn þeirra bíla?

Þeir eru náttúrlega í mjög slæmri stöðu. Það er alveg ljóst. Þeir geta lent í töluverðum vandræðum ef þeir lenda í árekstri. Þeir sem verða fyrir árekstri af völdum ótryggðra ökutækja fá vanalega lausn sinna mála vegna baktrygginga en sá sem ekur ótryggða bílnum má búast við endurkröfu af hálfu tryggingafélaga út af því.

Hvað með farþega?

Ég held að baktryggingar myndu dekka tjón farþeganna en hins vegar má búast við að ökumaðurinn sjálfur hafi fyrirgert sinni slysatryggingu. Þetta er í raun ekki ósvipað og þegar menn aka um ölvaðir.

Eru viðurlög við þessu?

Já, þetta er skýlaust brot á umferðarlögunum. Númeraplötur bifreiðarinnar eru teknar af henni og eigandi hennar er kærður og gæti verið dæmdur til fjársekta.

Dæmdur eftir níu ár í felum

Stefán Aðalsteinn Sigmundsson var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir Skeljungsránið. Fyrrverandi eiginkona hans kom lögreglunni á sporið. Aðeins lítill hluti af sex milljóna króna ránsfeng hefur komist til skila.

DÓMSMÁL Stefán Aðalsteinn Sigmundsson þarf að dúsa í fangelsi í tvö og hálft ár fyrir það sem Hæstiréttur Íslands kallar þaulskipulagt og og ófyrirleitið rán. Rán sem þekkt er sem Skeljungsránið. Hæstiréttur kvað upp dóm sinn í fyrradag og þyngdi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp í maí í fyrra, um sex mánuði.

FRÉTTASKÝRING
SKELJUNGSRÁNIÐ

TRAUSTI HAFLIÐASON
BLAÐAMAÐUR

Stefán Aðalsteinn, sem er 41 árs gamall, framdi ránið ásamt tveimur öðrum mönnum þann 27. febrúar árið 1995. Stefán Aðalsteinn er sá eini af premeninngunum sem hefur verið dæmdur. Annar hinna tveggja ræningjanna framdi sjálfsvíg áður en hann mætti í skýrslutöku hjá lögreglu og ekki hefur tekist að sanna neitt á þann þriðja.

Grímuklæddir vopnaðir bareflum

Það var mánudagsmorgunn þegar tveir grímuklæddir menn vopnaðir bareflum og klæddir bláum vinnugöllum réðust að tveimur starfskonum Skeljungs sem voru að fara með tekjur af helgarsölu úr bensín- og smurstöðvum félagsins í Íslandsbanka í Lækjargötu. Annar mannanna sló aðra konuna í höfuðið með barefli þannig að hún féll í götuna við höggið. Rifu ræningjarnir síðan peningatösku með um sex milljónum króna af konunum og hlupu í átt að hvítum Saab fólksbíl sem beið þeirra á bílastæði við Vonarstræti. Konan sem var barinn marðist illa á vinstra gagnauga. Fréttablaðið talaði við konurnar fyrir ári síðan um ránið sem þær lýstu sem hörmulegri lífsreynslu. Erfiðast hefði þó verið áreitið sem þær hefðu orðið fyrir í kjölfar þess að nöfn þeirra voru birt í fjölmiðlum. Þær sögðu að fólk hefði í sífellu spurt þær út í málið. Ennfremur hefðu þær verið spurðar hvort þær hefðu ekki bara sjálfar sviðsett ránið þar sem ræningjarnir væru enn ófundnir. Þær sögðu reynslu sína hafa kennt þeim að Íslendingar væru fljótir að dæma. Þær sögðu að þeim hefði létt mikið sumarið 2002 þegar þeim var tilkynnt af lögreglu að málið væri upplýst og von væri á ákæru. Það hefði jafnframt komið þeim á óvart hve miklu fargi var af þeim létt og því ekki fyrr en þá í raun sem í ljós kom hversu þungt þetta hefði hvílt á þeim.

BÍLL RÆNINGJANNA DREGINN Þremenningarnir stálu hvítum Saab og notuðu hann til að flýja af vettvangi. Lögreglan fann bílinn mannlausan á Ásvallagötu.

Flýðu á hvítum Saab

Síðar um morguninn 27. febrúar fannst Saabinn mannlaus við Ásvallagötu. Augljóst var að ræningjarnir höfðu reynt að kveikja í bílnum, því í aftursætinu var hálfbrunnið dagblað og flaska með olíuvökva. Peningataskan fannst tóm í bílnum. Í botni hennar var þjófavarnartæki sem átti að gefa frá sér hljóð og litarefni, sem við sérstakar aðstæður átti að sprauta innihald töskunnar með lituðu dufti og gera peningaseðlana ónothæfa. Búnaðurinn fór ekki í gang þegar á reyndi. Síðdegis þennan örlagaríka mánudag sást hvar eldur logaði í fjörunni í Hvammsvík í Kjós. Var eldurinn slökktur og tilkynnt um þetta til lögreglu. Þarna var um að ræða tösku, fatnað, skó og peningapoka frá Skeljungi sem raktir voru til ránsins. Sumt af þessu hafði brunnið að mestu en annað minna eða ekki.

DÆMDUR Stefán Aðalsteinn Sigmundsson var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi.

Vatnaskil urðu í málinu árið 2002

Þrátt fyrir umfangsmikla rannsókn lögreglunnar gekk hvorki né rak að finna ræningjana. Í águst árið 2002 urðu vatnaskil í rannsókn málsins. Þá hafði fyrrverandi eiginkona og barnsmóðir Stefáns Aðalsteins samband við lögregluna á Akureyri og sagðist hafa upplýsingar um málið. Konan sagði frá atriðum sem ekki höfðu komið fram í fjölmiðlum og var þá farið að vinna á fullu í rannsókn málsins að nýju. Konan kom til lögreglunnar skömmu eftir að fjallað var um Skeljungsránið í sjónvarpsþættinum Sönn íslensk sakamál. Hún sagði að eftir að hafa séð þáttinn hefði hún ekki getað lifað með þessa vitneskju lengur á samviskunni og ákveðið að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Dró játningu til baka

Stefán Aðalsteinn játaði sinn hluta málsins í skýrslutöku hjá lögreglu árið 2003. Þar fór hann nokkuð nákvæmlega í atburðarásina og gekk síðar með lögreglumönnum flóttaleið þeirra félaga. Hann gaf lögreglu lífsýni úr sér til þess að hægt væri að bera erfðaefni saman við sýni sem fundist hafði á því sem fannst í fjörunni við Hvammsvík. Samanburðurinn sýndi að lífsýni Stefáns Aðalsteins var hið sama og á því sem fundist hafði í fjörunni.

Stefán dró játninguna seinna til baka og sagðist hafa verið beittur þrýstingi við skýrslutöku. Honum hefði verið hótað gæsluvarðhaldi og það hefði getað kostað hann og systur hans gjaldþrot. Hann hafi verið sjálfstæður verktaki og alls ekki mátt við því að missa úr vinnu. Hvorki Hæstiréttur né Héraðsdómur Reykjavíkur tóku þetta trúanlegt.

Auk þess að vera dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi þarf hann að greiða Sjóvá-Almennum tæplega sex milljónir króna í skaðabætur. Ránsfengurinn hefur ekki komist til skila nema að litlu leyti. ■

Express þýskunámskeið Æfing #9

Wir fahren, fahren, fahren, auf der Autobahn.

Við keyrum og keyrum og keyrum eftir hraðbrautinni.

Búðu þig undir brottför til Frankfurt Hahn á www.icelandexpress.is

Verð frá: 7.995 kr.* Barnaverð: 5.995 kr.*

*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Úrvalið er hjá okkur!

„BRADFORD" BORÐ + 4 „MARINE" STÓLAR

Glæsilegt garðhúsgögn á frábæru tilboði! Borð og stólar úr gegnheilum harðviði. Borðið er 110 sm í þvermál. Borð **9.990,-** Stóll **4.990,-**

SPARIÐ 10.000

BORÐ + 4 STÓLAR ÁÐUR 29.900,-

19.900,-

PLUS B10 BOXDÝNA

Algjör draumadýna núna á ótrúlegu fermingartilboði! Tvöfalt gormalag með fallegu vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Í neðra lagi dýnunnar eru 150 Bonnell gormar pr. fermetra og í efra lagi eru 230 LFK gormar pr. fermetra. Miðlungsstíf. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna ásamt einu pari af bogafótum. Grindin er úr ofnþurrkaðri, gegnheilli furu. Plus B10, stærð 120x200 sm, áður **29.900,-** Bogafætur **4.500,-**

SPARIÐ 9.500

120X200 SM DÝNA + FÆTUR ÁÐUR 34.400,-

24.900,-

MYRKVUNARGARDÍNUR

Tilvalið í öll herbergi þar sem gott er að geta myrkvað.

Stærð 60 br. x 170 hæð sm	**1.290,-**
Stærð 80 br. x 170 hæð sm	**1.490,-**
Stærð 100 br. x 170 hæð sm	**1.790,-**
Stærð 110 br. x 170 hæð sm	**1.990,-**
Stærð 120 br. x 170 hæð sm	**2.290,-**
Stærð 140 br. x 170 hæð sm	**2.490,-**
Stærð 150 br. x 170 hæð sm	**2.790,-**
Stærð 160 br. x 170 hæð sm	**2.990,-**
Stærð 180 br. x 170 hæð sm	**3.290,-**
Stærð 200 br. x 170 hæð sm	**3.690,-**
Stærð 90 br. x 220 hæð sm	**2.490,-**

PÁSKA-SERVÍETTUR

Sætar páskaservíettur, fást í nokkrum mismunandi tegundum.

VERÐ FRÁ:

149,-

QUEEN SIZE:

79.900,-

„FOUR SEASON" AMERÍSK DÝNA

Frábær amerísk dýna eins og þær gerast bestar!

Gormakerfi:.....806 LFK gormar (Queen)
Hliðar:..Sérstök hliðarstyrking og einstakur stuðningur við brúnir
Bólstrun:.....Mörg lög af þjöppuðum svampi
Áklæði:.....Ullarblanda öðrumegin og silkiblanda hinumegin, áföst yfirdýna úr háþjöppuðum aðlögunarsvamp
Botn:..124 heilsu, modular gormar sérstaklega þétt fyrir miðju botn, sérstaklega styrktur í miðjunni
Stærð:.....153x203 sm
Grind:.....**5.990,-**

RIMLAGARDÍNUR 25 MM BREIÐAR

Fallegar rimlagardínur. Fást í kirsuberja og hvítbæsaðar.

Stærð 60x130 sm	**1.990,-**
Stærð 80x160 sm	**2.990,-**
Stærð 90x130 sm	**2.990,-**
Stærð 100x160 sm	**3.490,-**
Stærð 110x130 sm	**3.490,-**
Stærð 120x160 sm	**3.990,-**
Stærð 130x130 sm	**3.990,-**
Stærð 140x160 sm	**4.990,-**
Stærð 150x170 sm	**5.500,-**
Stærð 160x160 sm	**5.990,-**
Stærð 180x170 sm	**6.990,-**
Stærð 90x220 sm	**4.990,-**

Hvítbæsaðar fást ekki í 150 sm og 180 sm á breidd.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

990,-

FLÍSPEYSUR Á FULLORÐNA

Góðar flíspeysur í mörgum fallegum litum á dömur og herra.

Sam-keppni

30% AFSLÁTTUR

Páska lambalæri

898 kr./kg

Verð áður: 1.298

35% AFSLÁTTUR

Hangilæri úrbeinað

1.463 kr./kg

Verð áður: 2.250

Virk Sam-keppni

40% AFSLÁTTUR

Goða lambaframpartur grillsagaður

479 kr./kg.

Verð áður: 798

Móa frosinn kjúklingur

299 kr./kg

Verð áður: 399

30% AFSLÁTTUR

Fiskiðjan Reykás reyktur og grafinn lax

1.399 kr./kg.

Verð áður: 1.998

4 stk.

Krónu grillborgarar og brauð

299 kr./pk.

Verð áður: 399

Tuc salt kex 3 pakkar

99 kr./pk.

Egils páskaöl

88 0.5 Ltr.

Egils malt&appelsín

95 0.5 Ltr.

500g.

Fjörfiskur rækja smá

199 kr./pk..

Krónu ís súkkulaði og vanillu

199 kr./2 l.

Verð áður: 289

Opið alla daga

OPNUNARTÍMAR YFIR PÁSKA

MIÐVIKUDAGUR kl.11-21

SKÍRDAGUR kl.11-21

FÖSTUDA LOKA

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

40% AFSLÁTTUR

Bautabúrs Bayonneskinka

889 kr./kg

Verð áður: 1.481

39% AFSLÁTTUR

Krónu hamborgarhryggur

794 kr./kg

Verð áður: 1.298

Meira Úrval

Goða hangi-frampartur

40% AFSLÁTTUR

599 kr./kg

Verð áður: 999

Nýr valkostur

Ananas

249 kr./stk.

Kutchen meister rúllutertur

99 kr./stk.

Bassett´s lakkrískonfekt

299 400g

GUR
0

LAUGARDAGUR
kl.11-19

PÁSKADAGUR
LOKAÐ

ANNAR Í PÁSKUM
opið kl.11-19
í Skeifunni og Selfossi

skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Barátta gegn kynþáttafordómum er mikilvæg.

Alþjóðahúsið vinnur þarft verk

Erlendir ríkisborgarar á Íslandi eru um 3,5% af íbúum landsins. Þetta getur ekki talist hátt hlutfall, að minnsta kosti ekki í samanburði við nágrannalöndin, en virðist samt nægja til að skapa samskiptavandamál innanlands. Margt bendir því miður til þess að þau vandamál séu fremur sprottin af fordómum og vanþekkingu okkar Íslendinga en að um raunveruleg vandkvæði séu að ræða við aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi. Viðleitni Alþjóðahússins til að vinna gegn þessu og glæða skilning á málefnum útlendinga á Íslandi verðskuldar stuðning.

Á fræðslufundi sem Alþjóðahúsið efndi til á mánudaginn í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi gegn kynþáttafordómum kom fram að svokallaðir duldir fordómar eru algengastir. Bendir margt til þess að á undanförnum árum hafi þeir fremur aukist hér

> **Nú á dögum almennrar upplýsingar og menntunar er engin afsökun til fyrir hleypidómum gagnvart fólki af erlendum uppruna. Hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu. Við eigum að taka fagnandi á móti erlendu fólki sem vill setjast hér að og laga sig að siðum okkar, tungu og menningu um leið og það miðlar okkur af eigin siðum og menningararfi og auðgar þannig samfélagið.**

á landi en hitt. Beinast þeir meira gagnvart fólki sem ber með sér útlitslega að vera af erlendum uppruna. Fólk frá Asíu finni þannig meira fyrir þeim en innflytjendur frá Evrópulöndum. Er þar þó aðeins um að ræða lítinn minnihluta útlendinga hér á landi því að 70% erlendra ríkisborgara hér eru af evrópskum uppruna og 20% frá Asíu.

Alþjóðahúsið hefur haldið skynsamlega á útlendingamálunum. Það hefur einbeitt sér að fræðslustarfi og leiðbeiningum, jafnt meðal innflytjenda sem til opinberra stofnana, samtaka og fyrirtækja. Besta leiðin til að vinna gegn fordómum er aukin þekking og skilningur.

Eitt af því sem útlendingum er gjarnan fundið til foráttu jafnt hér á landi sem erlendis er að þeir séu byrði á félagsmálakerfinu. Alþjóðahúsið hefur dregið fram athyglisverðar tölur sem hrekja þessa algengu fullyrðingu. Gögnin sýna að 80% erlendra ríkisborgara á Íslandi á aldrinum 19 til 66 ára eru virkir á vinnumarkaði. Samsvarandi tala fyrir íslenska ríkisborgara er 60%. Og í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að stór hluti þessara útlendinga hefur tekið að sér að sinna því vanþakkláta verkefni að annast þjónustu- og umönnunarstörf sem Íslendingar leiða hjá sér en eru nauðsynleg fyrir eðlilegt gangverk þjóðfélagsins.

Fordómar gegn útlendingum voru að ýmsu leyti skiljanlegir meðan Ísland var einangrað land og landsmenn þekktu ekki siði, hætti og trúarbrögð erlendra þjóða. Menn óttast það sem þeir þekkja ekki og skilja ekki. En nú á dögum almennrar upplýsingar og menntunar er engin afsökun til fyrir hleypidómum gagnvart fólki af erlendum uppruna. Hjörtum mannanna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu. Við eigum að taka fagnandi á móti erlendu fólki sem vill setjast hér að og laga sig að siðum okkar, tungu og menningu um leið og það miðlar okkur af eigin siðum og menningararfi og auðgar þannig samfélagið.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þröngt skorinn stakkur

Hafi það verið pólitískir fordómar sem komu í veg fyrir að Jakob F. Ásgeirsson fengi styrk úr launasjóði rithöfunda til að skrifa ævisögu Bjarna Benediktssonar, eins og gert var að umtalsefni hér í gær, spanna þeir fordómar nefndarmanna nokkuð vítt svið. Halldóri Guðmundssyni, höfundi Halldórs sögu Laxness, var nefnilega líka synjað um starfslaun. Ekki mun hann teljast í sama flokki í pólitík og Jakob. Hitt er annað mál að einkennilegir eru farvegir peninga í þessu ríka þjóðfélagi ef slíkir öndvegishöfundar geta ekki sinnt ritstörfum vegna skorts á stuðningi. En kannski snýst

þetta á endanum fyrst og fremst um það að úthlutunarnefndinni er þröngt skorinn stakkurinn og hefur takmarkað fé til umráða en eftirspurnin er veruleg.

Líka myndlistarmenn

Það eru ekki aðeins rithöfundar sem eru vonsviknir. Í gær virti DV harða gagnrýni Ara Matthíassonar leikara á úthlutunarnefnd myndlistarlauna. Hann furðar sig á því að listamenn af eldri kynslóð, sem séu í hvað mestum metum hjá þjóðinni, skuli ekki komast á blað hjá nefndinni. Nefnir hann í því sambandi tengdaföður sinn, Tryggva Ólafsson, sem sótt hafi um styrk til að halda yfirlitssýningu á verkum sínum og lagt mikla vinnu í undirbúning hennar. Ari segist hafa orðið kjaftstopp þegar hann frétti af synjuninni, leitað skýringa en engar frambærilegar fengið.

Á eldhúsborðinu

Frekari könnun Ara á málinu leiddi í ljós að tengsl voru á milli sumra nefndarmanna og umsækjenda sem úthlutun fengu. Nefnir hann í því sambandi að sambýliskona eins nefndarmanna hafi við síðustu úthlutun fengið árs starfslaun, tveir stjórnarmenn Sambands íslenskra myndlistarmanna starfslaun sitt árið hvor og eiginmaður formanns SÍM í hálft ár. Ari segist hafa beðið um skýringar nefndarformannsins á þessum tengslum. Formaðurinn hafi orðið hissa og sagst aldrei hafa hugleitt þetta. Væri Ari óánægður ætti hann að skrifa grein í blöðin eða hringja í Þjóðarsálina.

gm@frettabladid.is

Með samkeppnismál á hornum sér

UMRÆÐAN
SAMKEPPNI

SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
ALÞINGISMAÐUR

> **Við í Frjálsynda flokknum viljum efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna gegn fákeppni og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri.**

Forgangsverkefni stjórnvalda og atvinnulífsins ættu að vera að sjá til þess að þær eftirlitsstofnanir sem eiga að fylgjast með að heiðarleg samkeppni ríki hafi skýr lagafyrirmæli og afl til þess að ná utan um málaflokkinn.

Öllum er ljóst að það þarf að taka til í samkeppnismálum þar sem meðalmálsmeðferðartími hjá Samkeppnisstofnun var 16 mánuðir á síðasta ári og það tekur oft meira en eitt ár að fá efnislega meðferð hjá stofnuninni. Nýlega hafa komið upp stór mál sem hafa skaðað þjóðfélagið, s.s. samráðssvik olíufélaganna en það mál teygði sig langt inn í innsta kjarna stjórnarflokkanna. Stjórnendur Skeljungs hafa verið í nánum tengslum við Sjálfstæðisflokkinn og Olíufélagið Essó með tengsl við Framsóknarflokkinn.

Í meðförum Alþingis eru þrjú frumvörp sem varða samkeppnis- og neytendamál og ekki er að sjá að neinn metnaður ráði för til þess að taka ærlega á í málaflokknum.

Það er einkum tvennt sem er mjög ámælisvert í frumvörpunum. Í fyrsta lagi er óumdeilt að það er verið að veikja samkeppnislögin.

SAMKEPPNISMÁL Framtíð Samkeppnisstofnunar og skipulag samkeppnismála er til umræðu á Alþingi.

Annars vegar er það gert með því að ráðherra mun skipa þriggja manna stjórn sem á að horfa yfir öxlina á forstjóra Samkeppniseftirlitsins. Forstjórinn á að bera öll mál sem einhverju skipta undir stjórn ráðherrans, sem tekur síðan ákvörðun um hvort fara eigi að ráðum forstjórans eða ekki. Einnig er verið að fella niður heimild til að grípa inn í gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Í öðru lagi er verið að skipta upp Samkeppnisstofnun og búa til enn eina ríkisstofnunina sem á að kallast Neytendastofa. Þetta leiðir án nokkurs vafa til aukinna útgjalda hins opinbera.

Núverandi málsmeðferð mála getur verið flókin og tafsöm enda um fjölmörg stjórnsýslustig að ræða, s.s. Samkeppnisstofnun, samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hið eina sem jákvætt má telja í frumvarpinu er að það eigi að einfalda stjórnsýsluna og leggja niður samkeppnisráð en að mínu mati hefði mátt stíga skref til viðbótar og leggja niður áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Þá væri ágreiningsmálum vísað beint til dómstóla í stað þess að staldra við í áfrýjunarnefnd.

Í umræðunni á Alþingi um samkeppnismál hefur lítt ígrundaður og nánast barnalegur málflutningur einkennt sjálfstæðismenn. Einstaka þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað orðið uppvísir að því að ýkja fjárframlög til Samkeppnisstofnunar og þeir hafa látið í veðri vaka að öll löggjöf og úrræði á sviði samkeppnismála séu af hinu illa. Ég er viss um að þorri landsmanna er ósammála þessum málflutningi eftir að hafa orðið fyrir barðinu á samráðssvindli olíufélaganna. Í umræðum um úrræði Samkeppniseftirlits til að bregðast við lögbrotum hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins líkt því við eignaupptöku í trássi við stjórnarskrána og talað um að brjóta upp fyrirtæki. Þeir sem viðhafa þennan málflutning eru ekki síst þeir sem gengu hvað vasklegast fram og vildu brjóta upp eitt einstakt fyrirtæki, Norðurljós, fyrir nokkrum mánuðum. Það er eins og ungir sjálfstæðismenn sjái ekki mikilvægi þess að tryggja aðgengi ungra athafnamanna inn á markaðinn.

Við í Frjálsynda flokknum viljum efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna gegn fákeppni og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri. Mikilvægur liður í að tryggja samkeppni er að hafa skilvirk lög og stofnun sem sinnir samkeppnismálum. ■

Páskatilboð
Stór Humar
5.900*
Medium Humar
3.900*
Laxaflök beinlaus
1.290*
***verð miðast við kr.kg**
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
VÍSIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

GLEÐILEGA PÁSKA!

10 páskaliljur
kr. 595,-

Páskaskreyting
kr. 950,-

Tete-a-tete í keramik potti
kr. 495,-

Páskaskreyting
kr. 390,-

Páskakrýsi
kr. 450,-

Sendum blóm heimshorna milli!

GARÐHEIMAR

Opnunartími yfir páskana

Skírdagur:	10 - 21
Föstudagurinn langi:	lokað
Laugardagur:	10 - 21
Páskadagur:	lokað
Annar í páskum:	10 - 21

Stekkjarbakka 4-6 - 109 Reykjavík - Sími 540 3300 - Fax 540 3301 - gardheimar@gardheimar.is - www.gardheimar.is

Helgarblað DV

Fékk erfingja í afmælisgjöf

Hefur þú séð DV í dag?

Útvarpsbyltingin

UMRÆÐAN
FJÖLMIÐLAR

SIGTRYGGUR ARI JÓHANNSSON

Þær breytingar sem urðu á íslenskum fjölmiðlamarkaði hér um árið þegar útvarpsrekstur var gefinn frjáls eru ekki alveg afstaðnar, enda er samfélag manna fjölbreytilegt og dýnamískt. Mikilvægustu breytingarnar sem við fundum fyrir þegar skrúfað var frá krananum voru meðal annars þær að við máttum loksins hlusta á poppmúsík og horfa á framhaldsþætti þegar okkur langaði til þess. Leiklist í útvarpi lá eftir í sárum. Sum okkar tóku þá djörfu ákvörðun að kaupa afruglarann og borga hina mánaðarlegu áskrift. Á sama tíma tóku mörg okkar líka eftir því í fyrsta skipti að við borguðum samviskusamlega áskrift af gamla fjölmiðlinum án þess að múðra. Þeirra okkar, sem tóku af skarið og völdu að greiða ekki hin lögboðnu afnotagjöld, biðu margvíslegar refsingar.

Á litla Íslandi þróaðist smám saman nýtt fyrbæri. Samkeppni í fjölmiðlun varð til þess að hér þróuðust fréttastofur sem ekki voru sama marki brenndar og fréttastofur flokksblaða samtímans. Nú varð til samkeppni um matreiðslu sannleika þjóðarinnar en ekki sannleika flokkanna. Það var hart barist og úr þessari jörð spratt fagmennska sem alltaf hefur verið brothætt fjöregg á markaði sem þjáðst hefur vegna smæðar sinnar og sögulegs vanþroska sprottnum af illviðrum, frændskap og nýlendubraski.

Skoðanakannanir hafa margoft sýnt okkur hvað okkur finnst. Þær hafa líka sýnt að okkur finnst ekki alltaf það sama á hverjum tíma. Blöðin fóru flest á kúpuna en eftir stóðu eitt til tvö dagblöð á hverjum tíma, tvær sjónvarpsstöðvar og tvær útvarpsstöðvar sem öll áttu það sameiginlegt að halda úti fréttaflutningi. Afnotagjöld voru staðreynd og það borgaði sig ekki að spekúlera mikið í því. Oftast vorum við hrifnari af fréttastofu útvarps en flestum hinna, en þó fylgdumst við með þeim öllum að einhverju leyti til þess að hafa samanburðinn og geta reynt að taka þátt í matreiðslunni. Það er salt og pipar á borðinu.

Mikill hluti okkar fer út í búð og kaupir svipaða hluti á svipuðu verði. Við dundum okkur líka við áþekka dægradvöl í sumarfríinu. Þetta er gott og blessað fyrirkomulag, en segir okkur líka það að þegar við verðum þreytt á einhverju eða jafnvel missum trúna á eitthvað, þá erum við sjaldnast ein. En við gleymum líka flest á svipuðum hraða og drífum okkur út í búð. Samstilling okkar er á stundum meiri heldur en gaman er að viðurkenna.

Í samfélagi markaðsaflanna hefur verið sýnt fram á það með allskyns kúnstum að ekkert er ókeypis. Það er hins vegar alltaf hugguleg að fá bæði mjólk og fréttir frítt. Allir eru að græða nema sennilega eitt dagblað sem ætlar að yfirtaka sjálft sig í köldu svitabaði með hafís og rofnum frændskap. Meira að segja gamla útvarpsstöðin okkar er að græða. Hún fær lögbundið meðlag inn á reikning og mjólkina í kaupbæti. Eða hvað? Er það kannski hugsanlegt að þegar uppáhaldsfréttastofan okkar flytur okkur þær merku fréttir að við höfum misst á henni trúna, að það sé eitthvað til í því? Þetta er sennilega spurning sem er þess virði að spyrja. Ég hef alltaf haft gaman af þversögnum. Þannig að nú þegar við, með mjólk í skápnum höfum sagt upp mogganum, horfum á sjónvarpið á netinu í vinnutímanum og veltum því fyrir okkur hvort það beri að treysta því sem við sjáum þegar fréttastofan okkar sturtar sjálfri sér niður undir dyggri leiðsögn yfirboðara og valdhafa með miklu sjónarspili, er kannski kominn tími til þess að hækka yfirdráttarheimildina, borga afnotagjöldin eða nefskattinn, en slökkva á viðtækinu og sýna vantraust okkar í verki með því að hætta að horfa og hlusta á RÚV? Því næst getum við sameinast um að dunda okkur við að gleyma þessu í sumarfríinu þannig að þetta, ásamt öðrum leiðindamálum, verði órugglega grafið fyrir næstu kosningar.

Höfundur er 31 árs. Hann hefur takmarkaða reynslu af fjölmiðlavinnu en á hartnær 10 ára starfsferil að baki á fjarlægum erlendum mörkuðum í þágu íslensks fyrirtækis í útrás.

Stuðningur og endurhæfing

UMRÆÐAN
ÞJÓNUSTA VIÐ KRABBAMEINSGREINDA

ÁGÚSTA ERNA HILMARSDÓTTIR, DANÍEL REYNISSON OG ERNA MAGNÚSDÓTTIR

Loksins hefur hugmynd um stofnun upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra verið hrint í framkvæmd. Fyrstu skrefin hafa verið stigin með samvinnu Krafts, Lífsiðnar og IMG og er trú þeirra sem að verkefninu standa að þetta sé vel framkvæmanlegt.

Loksins hefur hugmynd um stofnun upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra verið hrint í framkvæmd. Fyrstu skrefin hafa verið stigin með samvinnu Krafts, Lífsiðnar og IMG og er trú þeirra sem að verkefninu standa að þetta sé vel framkvæmanlegt. Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess. Félagið var stofnað árið 1999 og hefur frá upphafi verið þrýstihópur um endurhæfingu fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein. Á leið sinni komst Kraftur í kynni við svipaða eldhuga innan Lífsiðnar – iðjuþjálfunar sem er félagsskapur sem samanstendur af einstaklingum sem vilja efla starfsemi og endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda

Við erum með framúrskarandi heilbrigðisþjónustu á Íslandi og framþróun á sviði krabbameinslækninga er gífurleg, bæði hvað varðar lyfjameðferðir og lifun einstaklinga eftir krabbamein. Læknar og hjúkrunarfræðingar fræða skjólstæðinga sína á markvissan hátt um lyf, aukaverkanir þeirra og annað er tengist breytingu á lífi einstaklingsins meðan á meðferð stendur. Þverfagleg teymi vinna inni á legu- og göngudeildum og styðja við einstaklinga og fjölskyldur þeirra við greiningu, meðan á meðferð stendur og einnig við lok lífs.

Meðan á meðferð stendur vakna oft spurningar og þörf fyrir stuðning, bæði hjá sjúklingi og aðstandendum hans. Fagfólk innan sjúkrahúsanna svarar þeim spurningum eftir bestu getu meðan á lyfjameðferð stendur. Í annríki dagsins getur verið erfitt að koma spurningum að og eftir hefðbundna meðferð er lítill vettvangur til slíks.

Eins og þjóðin veit þá er boðið upp á endurhæfingu fyrir flesta sjúklingahópa sem snýst um að aðstoða þá við að komast aftur út í lífið eftir sjúkdóm eða slys. Má þar t.d. nefna Reykjalund, en þar fer fram alveg fyrirmyndar heilbrigðisþjónusta sem bæði er markviss og hefur svo sannarlega skilað sér út í þjóðfélagið.Undanfarin þrjú ár hefur einnig verið starfrækt endurhæfing eftir krabbamein á vegum Landspítala Háskólasjúkrahúss. Sú endurhæfing sem þar fer fram hefur einnig sannað gildi sitt.

En betur má ef duga skal. Beiðnum um endurhæfingu hefur fjölgað jafnt og þétt, húsnæði sem hýsir endurhæfinguna er þröngt og aðeins er hægt að taka við broti af þeim einstaklingum sem við teljum að hafi þörf fyrir endurhæfingu. Þá þykir okkur mikilvægt að fleiri úrræði finnist utan veggja spítalans og nær umhverfi einstaklingsins.

Félagsmenn Krafts hafa upplifað, bæði persónulega og í gegnum aðra, að þörfin fyrir endurhæfingu er brýn.

Íslenskar rannsóknir sem gerðar hafa verið sýna að fólki finnst því hent óstuddu út í þjóðfélagið þegar meðferð á sjúkrahúsi lýkur.

Upplýsinga- og þjónustumiðstöðin er hugsuð fyrir fjölskyldurnar í heild sinni og í gegnum allt ferlið, þ.e. frá greiningu og aftur út í lífið. Hugsunin er sú að þegar einstaklingar greinast með krabbamein verði þessi stuðningsþjónusta kynnt fyrir þeim og fjölskyldum þeirra. Þannig verður upplýsinga- og þjónustumiðstöðin fastur hluti af þeirri þjónustu sem í boði er og tengir um leið þá starfsemi við starfsemi innan LSH. Það væri þá hvoru tveggja í senn, styrkur fyrir skjólstæðingana og aukinn stuðningur.

Hugmyndin felst í því að fólk eigi greiðan aðgang að fræðslu og upplýsingum. Að það geti leitað andlegs og félagslegs stuðnings á einum og sama stað þegar því hentar og utan spítalaumhverfis. Fagfólk og sjálfboðaliðar munu starfa í miðstöðinni sem tekur á móti skjólstæðingum opnum örmum og byggir þjónustuna á sálfélagslegum stuðningi, fræðslu og upplýsingamiðlun er varðar rétt hvers og eins innan kerfisins. Fólk verður leitt í gegnum ýmis ferli til að auðvelda fyrir og spara tíma og orku einstaklinganna.

Miðstöðin mun enn fremur bjóða upp á endurhæfingu / iðjuþjálfun sem byggir á því að aðstoða einstaklinginn við að aðlagast breyttum aðstæðum og/eða styrkja hann í að komast aftur út í daglegt líf. Efling á sjálfsmynd og sjálfsöryggi er í hávegum höfð og horft verður á hvern og einn einstakling sem einstakan, með sínar vonir, væntingar og þarfir. Miðstöðin gerir einnig ráð fyrir öðrum fagaðilum, m.a. félagsráðgjafa, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi og sjúkraþjálfara. Þeir munu gera þjónustuna þverfaglega og styrkja og undirstrika enn frekar heildarhugmyndina um stuðning.

Þau okkar sem greinst hafa með krabbamein, eða starfað náið með þeim einstaklingum, sjá þörfina á stuðningi fyrir bæði einstaklinginn sem greinist og fjölskyldu hans. Við viljum auka þjónustuna fyrir þennan hóp og bjóða upp á og veita stuðning bæði við greiningu, meðan á meðferð stendur, við lífslok ef svo ber við og síðast en ekki síst eftir að meðferðarferlinu lýkur.

Greinin er rituð fyrir hönd Krafts og Lífsiðnar. Ágústa er hjúkrunarfræðingur, Daníel formaður Krafts og Erna iðjuþjálfi.

allt

tilboð o.fl.
Hnakkar á tilboðsverði
BLS. 2

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	7.17	13.34	19.53
AKUREYRI	7.17	13.34	19.53

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 23. mars, 82. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is
visir

Jónína er mikil kaffikelling sjálf.

Kastró og trygglynda konan

Jónína Tryggvadóttir er Kaffibarþjónn Íslands 2005 og er á leiðinni til Seattle í Bandaríkjunum að keppa fyrir Íslands hönd í kaffigerð.

Jónína Tryggvadóttir fékk fimmtán mínútur til að laga fjóra expressó, fjóra cappuchino og fjóra bolla af óáfengum kaffidrykk að eigin vali handa bragðdómurum á Íslandsmeistaramóti kaffibarþjóna sem haldið var fyrir skömmu. Að auki fylgdust tveir tæknidómarar með hverri hreyfingu. En Jónína stóðst álagið með prýði og vann titilinn Kaffibarþjónn Íslands 2005.

„Vinningsdrykkurinn heitir Fidel í höfuðið á Kastró Kúbuleiðtoga sem drekkur ekki annað en romm. Það má ekki vera áfengi í drykknum en ég sauð áfengið úr Havana Club rommi og bjó til sýróp. Þetta sýróp fer í botninn, svo expressókaffi og svo volgur rjómi með sama sýrópinu efst þannig að drykkurinn er svona lagskiptur. Hann var svo borinn fram í glasi á platta sem ég málaði sjálf og tengist nafninu á drykknum líka en myndin er af konu sem ég kalla trygglyndu konuna eða upp á frönsku „Femme Fidel“. Ég málaði sömu mynd á bollana sem ég bar hina kaffidrykkina fram í. Ég væri alveg til í að hafa meiri tíma til að mála bolla.“

Ekki gefst tími til þess á næstunni því eftir þrjár vikur verður Jónína komin til Seattle til að keppa í kaffigerð fyrir Íslands hönd.“Ég er að þróa nýjan kaffidrykk núna til að fara með í keppnina en hann er leyndarmál enn sem komið er. Ég ætla að mála nýtt sett og tengja nýja drykknum ef það er hægt.“

Jónína vinnur á kaffihúsinu Te og Kaffi og er mikil kaffikelling sjálf. „Ég byrja daginn á cappuchino og svo þarf að smakka expressóið yfir daginn til að passa að tækin séu rétt stillt. Svo þegar maður er með kaffi fyrir framan sig allan daginn er maður alltaf að sötra. Kaffið er hætt að hafa áhrif á mig og ég get drukkið kaffi skömmu fyrir svefninn og samt sofið vært.“

Ertu alltaf að velta fyrir þér hinum fullkomna kaffidrykk? „Já auðvitað, en mest rétt fyrir keppnina. Svo er maður alltaf að hugsa upp nýjar aðferðir við klassísku drykkina,“ segir Íslandsmeistarinn og heldur áfram að æfa sig af kappi fyrir keppnina í Seattle í apríl. ■

LIGGUR Í LOFTINU
í tilboðum

Harðviðarval á Krókhálsi er með ýmsar vörur á lækkuðu verði. Má þar nefna sturtuklefa sem lækka úr 92.900 í 49.900 og handlaugar sem áður kostuðu 29.900 en seljast nú á 19.900. Þá eru handklæðaofnar sem áður kostuðu 29.900 nú á 19.900 og sturtuhausar sem kostuðu 7.990 eru nú á aðeins 2.990.

Ljósakúplar eru nú seldir á allt að helmings afslætti í versluninni Rafkaup í Ármúla 24. Þeir henta bæði í loft og á veggi og eru til í fjölbreyttu úrvali.

Ítölsk leðursófasett í antikbrúnu og ljósu leðri eru á tilboði hjá versluninni GP gæðahúsgögn í Bæjarhrauni 12 í Hafnarfirði. Um verulega lækkun er að ræða frá fyrra verði. Til dæmis er sófasett með þriggja sæta sófa og tveimur stólum nú á 159 þúsund en var áður á 249 þúsund. Einnig er hornsófi 2 sæti + horn + 2 sæti nú á 139 þúsund en kostaði áður 229. Þar er hægt að bæta sætum við og kostar hvert og eitt 20.000.

Hljómtæki og sjónvörp eru á fermingartilboði í versluninni Radíóbæ í Ármúla 38. Þar er um allt að 33% afslátt að ræða. Þannig lækkar til dæmis Roadstar LCD sjónvarpstæki með 20 tommu úr 89,995 í 59.995 nú. MP-3 hljómtæki sem áður kostuðu 39.995 eru nú á 29.995. Þau hafa því lækkað um 25%.

tilbod@frettabladid.is

allt atvinna

Þar sem Fréttablaðið kemur **ekki út á sunnudag**, Páskadag, verða atvinnusíður í **Alltinu** á fimmtudag og þriðjudag.

Þökkum mjög góðar undirtektir.

Vinsamlega hafið samband við **Ámunda Steinar:** *ami@frett.is*, í síma **515 7582** eða **Böðvar:** *bodvar@frett.is*, í síma **550 5697**

OPIÐ UM ALLA PÁSKANA

Vinsælasti kínverski rétturinn á veitingahúsum um allan heim **Crispy Aromatic önd**

Hálf önd með 18 pönnukökum, vorlauk, agúrku, sósu og steiktum hrísgrjónum, frábær aðalréttur fyrir 2 einnig spennandi forréttur fyrir 4-6

Fyrst setur þú sósu á pönnukökuna, síðan agúrku, önd og vorlauk þar yfir. Pönnukökunni er síðan rúllað upp og rétturinn er tilbúinn.

Fáið öndina senda heim eða borðið á staðnum!

NINGS
Pöntunarsími 588 9899

Stórhöfða 17
Hlíðasmára 12
Suðurlandsbraut 6

á mann **kr. 1745** fyrir tvo **kr. 3490**
Crispy Aromatic önd er eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri

allt tilboð o.fl.

Topptilboðin í páskavikunni eru á ferskum kjúklingavængjum og rauðlauk í Nettó. Vængirnir lækka úr 299 krónum kílóið í 150 og rauðlaukurinn úr 37 krónum í 19.

50%

Yfirhafnir á hálfvirði

Vattúlpur, dúnúlpur, ullarkápur, húfur og hattar

S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16

KOPPHÚSIÐ

Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is
Frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi

FJARÐARKAUP

Tilboðin gilda til 26. mars

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Svínalæri úr kjötborði	368	525	368	30
Svínakótilettur úr kjötborði	698	898	698	20
Svínahnakki úrb.sneiddar	858	1.178	858	25
Svínahryggur m/puru	598	898	598	35
Svínahnakki m/puru	628	829	628	25
FK hamborgarhryggur	798	1.198	798	35
FK jurtakryddað lambalæri	899	1.499	899	40
Fjalla lambalæri	998	1.298	998	25
FK Bayonneskinka	779	1.298	779	40
FK grill svínakótilettur	972	1.389	972	25
Hótelrækja 2 1/2 kg	1.898	2.245	759	15
Broccoli frosið 2 1/2 kg	699	954	279	25
Euro mix frosið 2 1/2 kg	699	954	279	25
Strengjabaunir 2 1/2 kg	598	698	239	15
Kjörís konfekt ísterta 12 manna	998	1.398	998	95
Emmess ískaka	598	998	598	40

nettó

Tilboðin gilda til 28. mars

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Páskalambalæri	995	1.679	995	40
Páska lambahryggur	1.089	1.275	1.089	15
Koníaks grísasteik	1.198	1.998	1.198	40
Veislufugl með fyllingu	489	699	489	30
Lambalæri ferskt	899	1.280	899	30
Páska lambafille m. fitu	1.889	2.699	1.889	30
Kalkúnn 1. fl.	599	699	599	15
Kjúklingavængir ferskir	150	299	150	50
Rauðlaukur	19	37	19	50

SPAR
Bæjarlind

Tilboðin gilda til 29. mars

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Ungnautalundir úr kjötborði	2.338	3.898	2.338	40
Lambalæri úr kjötborði	798	1.129	798	30
Lambalæri Úrvals úr kjötborði	866	1.197	866	30
Londonlamb, frampartur	998	1.230	998	20
Hátíðarlambalæri, villikryddað	1.099	1.299	1.099	15
Helwa súkkulaðikex 150 g	112	187	747	40
Becks 0,0% 33 cl. flaska	78	130	236	40
Kolding sinnep sætt 450 g	92	153	204	40
Kolding sinnep sterkt 450 g	92	153	204	40

Þín verslun

Tilboðin gilda til 30. mars

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Lambalæri	798	1.198	798	35
Bayonne skinka	909	1.298	909	30
Rauðvíns marineraðar grísakótilettur	1.198	1.498	1.198	20
Beuvais rauðkál 580 g	99	168	168	40
BKI kaffi 500 g	299	359	598	15
McCain súkkulaðikaka 510 g	349	478	663	25
Vanillu skafís 1 l	398	477	398	15

Krossar

Verð frá 989.-

4 dot....

Laugavegi 100, S. 561 9444

Hagkaupum Smáralind • Hagkaupum Kringlunni • Hagkaupum Skeifunni

Útivistarfatnaður með helmingsafslætti

ARCTIC CAT SMÁVARA ER Á ÚTSÖLU HJÁ B&L OG BÍLASÖLU AKUREYRAR.

Vélsleðafatnaður frá Arctic cat og smávara er nú með 50% afslætti hjá verslun B&L og Bílasölu Akureyrar á meðan birgðir endast. Vélsleðatímabilinu er nú að ljúka og eru verslanirnar að rýma fyrir nýjum vörum.

Arctic cat smávara fæst nú með 50% afslætti.

Gore-tex jakkar og buxur, hjálmar og skór eru meðal þess sem fæst með þessum góða afslætti og kjörið fyrir útivistarfólk að ná sér í fjallagalla fyrir sumarið. Arctic cat fatnaðurinn er þekktur fyrir einstök gæði og góða endingu og er hannaður fyrir erfiðar veðuraðstæður. ■

Skíðabuxur og barnaföt

ÚTSALA ER BYRJUÐ HJÁ HELLY HANSEN.

Þessa dagana stendur yfir útsala hjá Helly Hansen en afsláttur af vörum er tuttugu til áttatíu prósent. Hægt er að versla skíðabuxur, barnafatnað og siglingafatnað með helmings afslætti, skíðajakka með þrjátíu prósent afslætti, hlífðarfatnað með 35 prósent afslætti, skó með 25 prósent afslætti, LIFA nærföt með tuttugu prósent afslætti og margt fleira á sérstökum tilboðsslám á áttatíu prósent afslætti. Helly Hansen er í Bæjarlind 2 í Kópavogi og með heimasíðuna hellyhansen.is.

Þrír hnakkar á tilboði

HESTAR OG MENN BJÓÐA ÞRJÁ HNAKKA Á TILBOÐSVERÐI.

Fyrsta hnakkatilboðið er á hnakki sem kallast Þór. Um alhliða hnakk með yfirdýnu er að ræða og er hann uppbyggður á sama hátt og Sport 2000. Tilboðsverð á Þór nemur 84.990 krónum í stað 105.780. Sport 2000 fæst líka á tilboðsverði, 89.900 krónur í stað 115.780 áður, og er þetta alhliða hefðbundinn hnakkur. Þriðja tilboðið er svo á Sport 2000, stuttum, en hann er spaðalaus og þykir hafa slegið í gegn. Þessi kostar 109.990 en kostaði áður 135.780 krónur.
Hverjum hnakki fylgir Professional Choice teygjugjörð, Saga Collection ístöð og einfaldar Webbers ístaðsólar.

Tilvalin fermingargjöf

BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

30-50% afsláttur af völdum vörum

Glæsilegt úrval af fermingaskartgripum.

LÁRA GULLSMIÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

Dósaupptakarar eru meðal þess sem hægt er að fá með afslætti í Byko.

Tilboð á búsáhöldum

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM Í BYKO.
Boðið hefur verið til búsáhaldaveislu í Byko þar sem 25% afsláttur er veittur af öllum búsáhöldum. Sem dæmi má nefna er hægt að fá hitakönnu á 1.868 kr. sem áður var á 2.490 krónur eða pönnu á 2.617 kr. sem var áður á 3.490 kr. Á útsölunni eru jafnframt pottar, vogir, hnífapör, eldföst mót, könnur, og margt fleira. Þetta er kjörið tækifæri fyrir þá sem ætla sér að endurnýja eitt og annað í eldhússkápunum heima fyrir.

Dragtir á tilboðum

Mikið úrval og gott verð.

Hjá Bernhard Laxdal eru vortilboð á drögtum. Þar er hægt að gera kostakaup og fá jakka og buxur á 24.900 krónur og jakka, buxur og pils á 29.900 krónur. Dragtirnar eru í dökkbláu og svörtu og tilboðin standa í mánuð.

Gjafabækur á góðu verði

FERMINGARVEISLA Í IÐU, LÆKJARGÖTU.

Iða í Lækjargötu býður til fermingarveislu og ætlar að selja vandaðar bækur til fermingargjafa á ótrúlega lágu verði. Þar á meðal má nefna Sögu-Atlas Máls og menningar á aðeins 6.990 krónur, Eddu Snorra Sturlusonar á aðeins 4.980 krónur og Heimskringlu á 7.980 krónur. Með hverju tilboði fylgir svo bókin List friðarins á meðan birgðir endast. Tilboðið stendur vel fram yfir fermingarnar og jafnvel fram að þeim tíma þegar huga þarf að útskriftargjöfum.

Sögu-Atlasinn er á góðu verði í Iðu fram yfir fermingar.

Páskatilboðsdagar í versluninni Flash

Gallabuxur og jakkar á vægu verði.

Nú eru tilboð á gallabuxum og hörjökkum í versluninni Flash á Laugavegi 54. Þar fást gallabuxur í stærðunum 34-48 á aðeins 3. 990 krónur. Hörjakkarnir eru til í rauðu, hvítu og drapplitu og kosta 2.990 krónur. Bolir eru líka á tilboði og kosta 1.000 krónur, en tilboðin standa út næstu viku.

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is
Erum að taka upp nýja sendingu

Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. 22.900
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur. Stillitæki
Klassískur gítar frá 10.900
Þjóðlagagítar frá kr. 14.900

MAPEX trommusett með stöndum og diskum
rétt verð kr. 79.900
tilboðsverð kr 59.900
BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

ER BEÐIÐ EFTIR ÞÉR?
einkamal.is

TILBOÐ
- E510 + 128MB X-d minniskort
- Aðeins kr. 39.900

FUJIFILM
www.ljosmyndavorur.is
Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450
Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850
LJÓSMYNDAVÖRUR

Atson
Lokað yfir páskana,
opnum aftur þriðjudaginn 29. mars.
LEÐURIÐJAN ehf.
Opið 10-18
www.atson.is
Brautarholti 4 • S: 561 0060

Fylgihlutir og hárskraut
Ný sending af sólgleraugum kr. 990
Mikið úrval af hárskrauti og skartgripum
Ný sending af beltum, nælum og klútum
Vorlínan frá Pilgrim komin
– tilvalin gjöf
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Mikið úrval
af fallegum barnafatnaði.
Nýjar vörur vikulega.
adams
Smáralind

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?

MARKISUR

www.markisur.com
Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Soðið grænmeti
Settu grænmetið í sigti yfir pott með sjóðandi vatni. Settu lok yfir og láttu sjóða í 10 – 12 mínútur. Grænmetið ætti þá að vera nægilega soðið, en þú skalt varast að láta það sjóða of lengi.

Fagnaðarveisla eftir messu

Kristín Jónsdóttir og Valdimar Örnólfsson voru í eina tíð oftast á skíðum um páska, en nú eru þau heima og hafa það huggulegt. Kristínu finnst gaman að bjóða fólki heim og ekki síst í „brunch“ á páskum.

Kristín bakar sérstakt páskabrauð á páskahlaðborðið.

„Það hafa ekki skapast neinar sérstakar hefðir í kringum páskana hjá okkur, ekki síst vegna þess að við vorum yfirleitt alltaf á skíðum. Mér finnst þó við hæfi að borða fisk á föstudaginn langa og lamb á páskadag,“ segir Kristín. „Ég man að ég fékk oft rauðmaga heima hjá foreldrum mínum í gamla daga, en nú er svo mikið úrval af fiskmeti að ég vel bara það sem er mest freistandi í búðinni hverju sinni. Ég notaði einmitt hlýra í fiskisúpu um daginn og það kom sérlega vel út.“

Kristín segir að mataræði þeirra hjóna hafi alltaf verið hollt og gott, enda eru þau bæði þekkt útivistar- og íþróttafólk og hafa alltaf verið meðvituð um það sem þau láta ofan í sig. „Úrvalið er náttúrlega orðið svo miklu meira núna. Þegar við vorum að byrja að búa var ekki um annað að ræða en epli, appelsínur og banana. Við ræktuðum alltaf okkar eigin kartöflur og borðuðum mikið af rófum og gulrótum, en nú er endalaust úrval og mikið af spennandi hráefni. Við erum með fisk þrisvar, fjórum sinnum í viku og ég léttsteiki gjarnan grænmetið því okkur finnst það betra en hrásalat.“

Kristín segist hafa haft það fyrir sið á seinni árum að fara í páskamessu snemma á páskadagsmorgun og finnst alveg kjörið að bjóða heim í „brunch“ eftir messu.

Hún gefur okkur uppskriftir að kræsingunum sem hún er með á sínu morgunverðarhlaðborði. „Svo má ekki gleyma að skreyta páskaborðið með birkigreinum, blómum, kertum og fallegum borðum. Það gerir allt svo hátíðlegt og skemmtilegt,“ segir Kristín. ■

Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

Forréttur	verð f/ einrétta	verð f/ þriggja rétta máltíð
Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði	kr. 850	
Aðalréttir		
Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu , grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.950	kr. 3.890
Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.980	kr. 3.890
Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 3.150	kr. 3.990
Eftirréttur		
Súkkulaðifrauð	kr. 690	

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Rauðarárstíg 27 www.madonna.is

Dásamlegur páskabröns

LÍMÓNUOSTAKAKA
MEÐ APRÍKÓSUM OG JARÐARBERJUM

Botn:
- 75 g hafrakex
- 100 g múslí með hnetum
- 75 g ósaltað, brætt smjör
- 1 msk. sykur

Kex og múslí mulið og blandað. Smjöri og sykri hrært út í. Blandan sett í smurt smelluform, ca 22 cm. Látið bíða í kæli í eina klukkustund.

RJÓMAOSTAKREM
- 300 g rjómaostur
- 100 g sykur
- 3 eggjarauður
- 2 dl hrein jógúrt
- rifinn börkur og safi úr tveimur limeávöxtum
- 10 blöð matarlím
- 3 eggjahvítur
- 2 dl rjómi

Rjómaostur, sykur og eggjarauður þeytt vel saman. Jógúrt, rifnum berki og safa bætt út í. Matarlímið sett í kalt vatn í um það bil fimm mínútur, síðan brætt. Kælt og þeytt í rjómaostakremið. Eggjahvíturnar þeyttar stífar og bætt út í. Rjóminn þeyttur vel og settur saman við. Rjómaostakremið er sett ofan á botninn og látið bíða í ísskáp í þrjá til fjóra tíma. Kakan tekin úr forminu og skreytt.

SKREYTING
- 1 box jarðarber og myntublöð

AMERÍSKAR LITLAR PÖNNUKÖKUR
- 3 1/2 dl hveiti
- 1dl heilhveiti
- 2 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. natrón
- 1 tsk. sykur

Það er ekki ónýtt að bjóða upp á svona kræsingar eftir messu á páskadagsmorgun.

- 1 tsk. salt
- 2 egg
- 5 dl súrmjólk
- 4 msk. maísolía

Hveiti og heilhveiti blandað saman með natróni, sykri og salti. Egg, súrmjólk og olía þeytt saman og blandað í heilhveitiblönduna. Bakaðar litlar, þykkar pönnukökur. Bornar fram með reyktum laxi og piparrótarrjóma.

PIPARRÓTARRJÓMI
- 2 skalottlaukar
- 2 1/2 dl sýrður rjómi
- 1 msk. ferkst dill
- 2 msk. rifin piparrót
- hálf tsk. salt

Laukarnir eru saxaðir smátt og hærðir út í sýrða rjómann ásamt dilli og piparrótinni. Bragðbætt með sítrónusafa.

PÁSKABRAUÐ
- 3 1/2 dl hveiti
- 3 1/2 dl haframjöl, gróft
- 1 dl hveitiklíð
- 1 msk. hrásykur
- 4 tsk. lyftiduft
- 1/2 dl hörfræ
- 1/2 l súrmjólk

Öllum þurrefnum blandað saman í skál og hrært með sleif. Súrmjólkin er því næst sett út í. Deigið sett í form og bakað við 200 gráður í 50 mínútur. Skreytt með sólblómafræjum.

PÁSKAEGGJARÉTTUR
- 500 g sveppir
- 2 laukar
- 2 msk. söxuð, fersk steinselja
- 1 msk. olía
- 200 g góð skinka
- 6 msk. grana ostur
- 6 egg

Sveppirnir eru hreinsaðir og skornir niður ásamt lauknum. Sveppir, laukur og steinselja steikt í olíunni í 2-3 mínútur. Skinkan skorin í bita og blandað í sveppina. Kælt. Eggjahvíturnar þeyttar og öllu blandað saman. Sett í sex smurða ofnfasta diska eða form. Eggjarauðurnar settar í miðjuna og osturinn yfir. Bakað í miðjum ofni í 10 mínútur við 225 gráður á Celcíus.

ÁVAXTASALAT
- 2 mangóávextir
- 5 kíví
- 2 límónur

Mangó og kíví skrælð og skorin í báta.Borið fram með límónum á fallegu fati.

Ávaxtasafi, til dæmis pressuð vatnsmelóna, appelsínur eða ananas og pressukaffi frá Kaffi Tári.

Páskatilboð á ostatertum
Skógaberja, Mokka og Piparmyntu
Skírdag og laugardaginn 26. mars
Osta HÚSIÐ
Í Hagkaupum, Smáralind

Selskapsvín með páskasteikinni!

Suður-afrísk vín hafa náð miklum vinsældum hérlendis undanfarin ár. Þau eru jafnan kraftmikil og bragðrík en meginástæðan fyrir vinsældunum er eflaust hagstætt verð. Þótt suður-afrísk vín séu tiltölulega ný hér á landi eru framleiðendur þarlendis engir nýgræðingar í víngerð. Nederburg er eitt stærsta vínhús landsins og á sér yfir 200 ára sögu. Nederburg hefur hlotið fleiri alþjóðleg verðlaun en nokkur önnur víngerð í landinu og verið í fararbroddi í nýjungum. Nederburg Shiraz getur hentað vel með kröftugum réttum og á vel við með lambakjöti.

Nederburg Shiraz hefur fengið góðar viðtökur á Norðurlöndunum og fengið góða dóma í blöðum í Danmörku. Má nefna að Vinavisen og Jyllands Posten gáfu því fjórar stjörnur. Sömu einkunn fékk vínið í kvennablaðinu Alt for damerne enda þykir vínið höfða mjög til kvenna. Sannkallað selskapsvín! *Verð í Vínbúðum 1.190 kr.*

Heineken í „Longneck“ flöskur

Heineken er sennilega þekktasti bjór í heimi og hefur verið einn vinsælasti bjórinn um árabil á Íslandi. Í skoðanakönnunum sem fram hafa farið kemur glögglega í ljós að í augum Íslendinga er Heineken gæðabjór og gjarnan keyptur þegar fólk vill gera verulega vel við sig. Til þess að standa enn frekar undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar þá hefur verið ákveðið að breyta 33 cl flöskunum í svokallaðar „Longneck“ flöskur. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er flaskan glæsileg, með lengri háls og miðinn gegnsær. Innihaldið er hins vegar alltaf hið sama þar sem ferskleiki og bragðgæði eru í fyrirrúmi. ■

Lystugt nesti er lykilatriði

Páskahelgin er kjörin til ferðalaga þegar veðrið leikur við landann. Hvort sem farið er lengra eða styttra þá er stór hluti af því að njóta frísins og ferðalagsins sá að hafa ljúffengan og þægilegan kost meðferðis.

Hjá mörgum er páskahelgin fyrsta sumarbústaðaferðin á árinu, aðrir bregða sér í dagsferð eða bara rómantíska lautarferð. Hlýindin eru skíðafólki eflaust til ama en vonandi finnast einhverjir skaflar sem hægt er að renna sér á. Lystugt nesti og gott er nauðsynlegt þegar haldið er af bæ og það borgar sig margfalt að leggja smá alúð í frágangin. Langt getur líka verið í næstu búð þegar komið er á staðinn því er fyrirhyggja nauðsynleg. Þar sem spáin er góð er líklegt að þeir sem ætla í bústað noti tækifærið og dusti rykið af útigrillinu, sé það fyrir hendi. Hvað menn taka með sér fer auðvitað meðal annars eftir aðstæðum á áfangastað. Ef maturinn á að vera heitur og eldunargræjur eru á staðnum eru grillmatur og pottréttir þægilegir. Brauðmeti, mjólkurmatur, grænmeti og ávextir eru sjálfsagðir í nestiskörfuna. Þegar matast er úti í náttúrunni er fátt lystugra en samlokur og kakó. Því koma hér tillögur að nokkrum gerðum af samlokum og þar njótum við leiðsagnar fagmanna. ■

SAMLOKA MARENTZU PAULSEN

4 sneiðar vönduð skinka
Dijon sinnep
Klettasalat
Nokkrar sneiðar camembertostur
Dijon sinnepið smurt á brauðið, salatblöðin lögð á, skinkan og osturinn á milli.

LANGLOKA FRÁ KONDITORI COPENHAGEN

1/3 gróft baguette-brauð
maukaðir sólþurrkaðir tómatar í olíu
6 þunnar sneiðar af grilluðu eggaldini, penslaðar með ólífuolíu og kryddaðar með salti og pipar
alfa alfa baunaspírur (gefa ferskt bragð og safa)
rifin agúrka
rifin gulrót
nokkrar sneiðar púrrulaukur

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

!

Talstöðin
FM 90,9

SÆLKERAVERSLUN

Verslunin okkar er stútfull af frábærum hugmyndum fyrir sælkera. Ítalskar eðalolíur, pestó og pasta, sjávarfang, sniglar, ostar, andalifur og freistandi gjafavörur.

YNDIS AUKI

Yndisauki sælkeraverslun // IÐU-húsinu 2. hæð // s. 511 8090 // www.yndisauki.is

Smoothies
100% ávöxtur



engin aukaefni
enginn viðbættur sykur
arka

Góða veislu gjöra skal.....með WEBER
WEBER grillin tryggja frábært grillkvöld

JÁRNaGLER www.weber.is
Járn og gler hf - Skútuvogur 1h
Barkarvogsmegin - S:5858900
weber

Lambakjötið ljúft og gott á páskum



Kryddað lambakjöt með lárperum

6–700 g lambahryggvöðvi (file)
1 msk. engifer, rifið eða saxað smátt
2 hvítlauksgeirar, saxaðir smátt
2 tsk. kummin, malað
2 tsk. kóríanderfræ, möluð
1/2 tsk. chilipipar (eða eftir smekk)
salt
1 msk. olía
2 lárperur, vel þroskaðar
1 rauð paprika, stór
1 rauðlaukur
1 chilialdin, rautt eða grænt
safi úr 2 límónum
fersk kóríanderlauf
nýmalaður pipar

Kryddinu blandað saman og núið vel inn í lambið. Látið standa í hálfa til eina klukkustund. Olían hituð á pönnu og kjötið saltað svolítið og steikt við góðan hita þar til það er brúnað á öllum hliðum; lengur ef það á að vera steikt í gegn. Tekið af pönnunni, álpappír breiddur yfir og látið standa í nokkrar mínútur.

Lárperurnar afhýddar og skornar í litla teninga. Paprikan fræhreinsuð og söxuð. Rauðlaukurinn skorinn í fjórðunga og þeir síðan í þunnar sneiðar. Chilialdinið fræhreinsað og skorið í örþunnar sneiðar og kóríanderlaufin söxuð. Öllu blandað saman á fati ásamt límónusafa og síðan er kjötið skorið í þunnar sneiðar á ská og sett í hrúgu ofan á. Pipar malaður yfir og skreytt með kóríanderlaufi.

Fl1on/SÍA Fl011905

lambakjöt – léttur réttur

Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Próf
Það er afar mikilvægt að lesa spurningarnar á prófum vel og vandlega. Ef þú átt erfitt með að skilja þær skaltu hóa í kennarann og fá hann til að aðstoða þig.

Leiklistarnámskeið í Stúdíó 4
Vatnagörðum 4 • 104 Reykjavík

Leiklist / Söngur / Dans
6 vikna leiklistarnámskeið sem stendur frá 4. apríl -15. maí. Kennt verður 4 daga í viku, mánudag, þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag frá kl. 19-23. 16 ára og eldri.

Kennslugreinar:
Leikræn tjáning
Spuni
Dans og hreyfing
Framsögn
Upplestur
Söngur
Öndun
Framkoma í sjónvarpi í leik og söng.
Tækifærisræður o.fl.

Kennarar:
Hilmir Snær Guðnason leikari
Jóhann Sigurðarson leikari
Ástrós Gunnarsdóttir dansari
Gunnar Gunnsteinsson leikstjóri /höfundur
o.fl.

Kennt verður í hópum og fær hver nemandi 4 tíma á viku. Verð kr. 35.000

Skráning er hafin í síma 696-0682 milli klukkan 14-18 alla virka daga.

Stúdíó 4 • Vatnagörðum 4 • 104 Reykjavík.

Ódýrari fermingargjafir á www.skola.is

- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- Búnaður
- Húsgögn



Skólavörubúðin
Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands, færði setrinu bókagjöf, málverk og andlitsskjöld af Elínu Briem, stofnanda fyrsta kvennaskólans hérlendis.

Starfsaðstaða fyrir fræðimenn og háskólanema

Nýverið var haldinn stofnfundur Textílseturs Íslands ses á Blönduósi, en markmið stofnunarinnar er að koma upp rannsókna- og fræðasetri á sviði textílrannsókna og lista.

Stefnt er að því með hinu nýstofnaða Textílsetri Íslands ses á Blönduósi að skapa fræðimönnum og listafólki starfsaðstöðu og að háskólanemar geti stundað þar vettvangsnám. Jafnframt er ætlunin að Textílsetur Íslands verði alþjóðlegt fræðasetur, haldi ráðstefnur, málþing og námskeið um textíl á eigin vegum og annarra.

Á stofnfundinum undirritaði stjórnarformaður Jóna Fanney Friðriksdóttir, samstarfsyfirlýsingar við Kennaraháskóla Íslands og Handverk og Hönnun, en samstarfsyfirlýsingar við Listaháskóla Íslands og Hólaskóla verða undirritaðar á næstu dögum. Stefnt er að undirritun fleiri samstarfssamninga eins og við Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og fleiri hagsmunaaðila. Fram undan er að ráða verkefnisstjóra Textílseturs Íslands, vinna að frekara samstarfi við fræðastofnanir að ákveðnum verkefnum, erlendu samstarfi og kynningu á setrinu og þeim möguleikum sem með því hafa skapast. ■

Úr Hlíðarfjalli. Þar verður haldið skíða- og útivistarnámskeið fyrir fatlaða dagana 14.–17. apríl næstkomandi.

Fatlaðir efli þrek og njóti útiveru

SÉRÞJÁLFAÐIR KENNARAR STÝRA NÁMSKEIÐI FYRIR FATLAÐA Í HLÍÐARFJALLI.

Skíða- og útivistarnámskeið fyrir fatlaða verður haldið í Hlíðarfjalli við Akureyri 14. til 17. apríl nk. Sérþjálfaðir kennarar frá Aspen í Colorado stýra námskeiðinu – en það er einkum ætlað fólki með mænuskaða, fjölfötluðum, þroskaheftum, hreyfihömluðum, sjónskertum og blindum. Námskeiðið er tilvalið til að efla þrek og njóta útiveru. Námskeiðsgjaldið er 3.500 krónur og lýkur skráningu 8. apríl. Nánari upplýsingar fást í síma 514 4080.

Hópurinn heldur til Rússlands

BIRNA RÚN ARNARSDÓTTIR ER Í FYRSTA HÓPNUM SEM ÚTSKRIFAST ÚR SAMFÉLAGS- OG HAGPRÓUNARFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI VORIÐ 2006.

„Við erum í bóklegum hluta í tíu vikur samfleytt yfir önnina og síðan tekur við verklegt nám í fimm vikur. Núna erum við í síðustu viku bóklega námsins á þessari önn og í næstu viku byrjum við í verklegu þar sem við vinnum rannsóknarverkefni í fjögurra manna hópum undir leiðsögn kennara," sagði Birna Rún. Námið er öðruvísi byggt upp en tíðkast hefur í námi í félagsvísindum. Rannsóknarverkefnin snúast um allt sem gerist í samfélaginu og segir Birna að verkefnið sem er framundan sé úttekt á bændasamfélaginu á Íslandi. „Annars er mismunandi hvað tekið er fyrir í rannsóknarverkefnunum, það má í raun segja að við séum að athuga virkni samfélagsins í heild sinni. Hópurinn fer til Rússlands í maí og þar verður unnið verkefni sem tengist rannsóknarverkefninu," segir Birna. Nemendur á öðru ári eru tólf og segir Birna hópinn vera mjög samrýmdan og Rússlandsförina vera tilhlökkunarefni.

Birna Rún er að hefja vinnu við verkefni sem felur í sér úttekt á bændasamfélaginu hér á landi.

Netorðabók fyrir nemendur

FRAMHALDSSKÓLANEMAR HAFA FENGIÐ AÐGANG AÐ VEFNUM ORDABOK.IS. Á VEFNUM ER AÐ FINNA ENSK-ÍSLENSKA OG ÍSLENSK-ENSKA ORÐABÓK.

Vefsvæðið verður opið öllum tölvum á vegum framhaldsskólanna, og mun ekki gerast þörf á að nota nein aðgangsorð, þar sem opnunin er gerð á grundvelli IP-talna. Vefurinn ordabok.is hefur að geyma 130.000 uppflettiorð, og er hvor orðabók með þeim stærstu ensk-íslensku og íslensk-ensku orðabókum sem gefnar hafa verið út fyrir þessi tungumál.
Orðabækurnar hafa ávallt verið uppfærðar með stuttum hléum. Var meðal annars á síðasta ári bætt í þær þúsundum orða og skilgreininga úr þeim hluta íslenskunnar sem verið hefur að myndast og þróast síðustu ár, svo sem á sviði fjármála, viðskipta, iðnaðar og framleiðslu. Vefurinn verður opinn án endurgjalds til 15. júní nk.

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8–19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9–17

Bílabúð Benna NOTAÐIR BÍLAR

Daewoo Musso Grand Luxe II 2,9TD-i, 05/'01. Ek. 92.000 Þús. Km,35" dekk,álfelgur,rafmagn í rúðum og speglum,geislaspilari,topplúga,dráttarbeisli, hlutföll, verð 2.490.000 Þús. Kr.

Volvo S 80 T 2,0 vél, 05/'03. Ek. 35.000 Þús. Km.,abs bremsur, álfelgur, armpúði, geislaspilara magasin, glertopplúga, hiti í sætum, rafmagn í öllu,leður, líknabelgir, hraðastillir,og fl, verð 3.690.000 Þús. kr, áhvílandi 2.750.000 Þús. kr.

Daewoo Musso Standard 2,3 Bensin, 07/01, Ek. 33.000 Þús. Km,31" dekk, álfelgur, rafmagn í rúðum og speglum, geislaspilari,dráttarkrókur,verð 1.990.000 Þús Kr.

Yamaha FZ6-S Mótorhjól, 06/04, Ek. 2.000 Þús. Km.,svart, flott hjól, verð 850.000 Þús. kr.

Daewoo Musso Standard 2,3TD-I,05/00,Ek 95.000 Þús Km, 31" dekk, álfelgur, rafmagn í rúðum og speglum, slaspilari, dráttarkrókur,verð 1.590.000 Þús. Kr.

Toyota Avensis Terra 1,8 vél, 12/'98,Ek 110.000 Þús. Km,abs bremsur, álfelgur, filmur, rafmagn í rúðum og speglum, ný tímareim,verð 890.000 þús. Kr.

Toyota Landcruiser 90 VX TD,10/'98, Ek. 154.000 Þús. km,abs bremsur, álfelgur, dráttarkúla, geislaspilari, rafmagn í rúðum og speglum, stigbretti, þakborga, verð 2.290.000 Þús. kr.

Bílabúð Benna NOTAÐIR BÍLAR

Daewoo Musso Grand Luxe 2,9TD-I, 10/'99, Ek. 74.000 Þús. Km, 31" dekk, álfelgur, rafmagn í rúðum og speglum, geislaspilari, leður, topplúga,verð 1.750.000 Þús. Kr.

Suzuki Vitara JLX Sport 1,6 vél,02/96,Ek 148.000 Þús. Km, dráttarkúla, geislaspilari,rafmagn í rúðumg og speglum, útvarp,verð 490.000 Þús. kr.

SSangyong Musso Prestage 2,9 TD-I,11/98. Ek. 113.000 Þús. Km., abs bremsur, álfelgur,asr spólvörn, leður, geislaspilari, loftkæling, rafmagn í rúðum og speglum, dráttarkúla, verð 1.390.000 þús kr.

Bílabúð Benna ehf. Notaðir bílar
Bíldshöfði 10, 110 Rvk.
Sími: 587 1000
www.benni.is

Bílalíf.is Bílasala Matthíasar

Toyota Landcr. 80 VX diesel turbo 35" 1993, e: 222 þ.km. Sjsk., krókur, lúga, leður o.m.fl. Er á mæli. Driflæsingar aftan og framan, læstur millikassi. V:2.190 þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf á nýja stóra bílasölusvæðinu við Kletthals 11 S:562-1717 Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Klettháls 11, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is

Bílás BÍLALEIGA - BÍLASALA

Suzuki Baleno GL HB nýskr. 6/00 ek 51.000 verð 650.000. Uppl. í síma 431 2622 eða 893 2621. Bílasalan Bílás. Þjóðbraut 1 Akranesi. Sími. 431 2622. www.bilas.is

Bílasalan Bílás
Þjóðbraut 1, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilasolur.is/bilas/

automax.

Til Sölu. Jeep Grand Cherokee limited 2005 Nýr bíll, Hemi 5.7. 25k aukapakki. Verð 4.890 þ. Uppl. í s. 899 4681, automax.is

Til Sölu Ford Mustang GT Premium. 2005 Nýr bíll. Með öllum aukabúnaði, sá allra flottasti, Verð 3.940 þ. Uppl. í s. 899 4681, automax.is

Automax
Sími: 899 4681

HÖFÐABÍLAR ...þar sem bílar selast

Toyota Avensis 1,8 árg. 2002, ek. 62 þ. km. Sjsk. Fallegur bíll. Verð 1640 þús.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

S P A R bíll

Nýr Smart Roadster blæjubíll, ABS, spólvörn, stöðugleikakerfi,Álfelgur, CD, ofl. Eyðsla 4 L./100 km. Okkar verð: 1.890 þús.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

VÍKUR V·E·R·K

LMC - Hjólhýsi. Mikið úrval Glæsileg Þýsk hjólhýsi. Nánari upplýsingar gefur Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720

Víkurverk
Tangarhöfði 1, 110 Reykjavik
Sími: 567 2357
www.vikurverk.is

12 Volt

Subaru Forrester 2,0 10/02 4x4, Ssk, ek 25þús, Álfelgur vetrardekk á felgum fylgir, dráttarkrókur. Uppl í s 820-1101 553-1495.

12 Volt
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500

HEIMS BÍLAR www.heimsbilar.is

Hummer 6.5 Diesel Turbo 44", nýskr. 10/98 árg. 96, ek. 78 þús., kamelflas, sjálfskiptur, leðuráklæði, auka tankur, loftdæla, talstöð, úrhl. búnaður á dekkjum o.fl. Algjört "monster"!. Áhvílandi 2.200.000.-. Verð 4.850.000.-

Land Rover Freelander 1.8., nýskr 09/02., ek. 38 þ.km., beinsk., blár., álfelgur., topplúga., ný heilsársdekk o.fl. Verð 1.850.000.-

Heimsbílar eru með allt að 120 bíla sölusvæði,
eitt það stærsta á höfuðborgarsvæðinu. Hjá okkur fær bíllinn þinn athygli á glæsilegu og rúmgóðu bílastæði.
Verið velkomin á Klettháls 11a.

Heimsbílar
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu

Dodge Stratus 07/04, ek 20 þús., áhv. 1.580, 26 á mán. V. 2.450 þús. Skoða öll sk. 822 4167.

Hilux 2003 til sölu.
Aukahlutir & búnaður Dráttarkúla - Fjarstýrðar samlæsingar - Geislaspilari - Höfuðpúðar aftan - Kastaragrind - Kastarar - Klædd skúffa - Loftdæla - Plasthús - þjófavörn - Rafdrifnar rúður - Stigbretti - Talstöð - 40"breyting - 3" pústkerfi - stýristjakkur - hásing að framan - gormafjöðrun að framan - loftpúðafjöðrun að aftan - Lengdur um 48 cm milli hjóla - loftlæstur framan / rafmlæsing aftan - Webasto miðstöð - Recaro stólar - 5:29 hlutföll . Uppl. í s. 693 9120.

Nissan Pathfinder 1997, ek. 130 þús. mílur, klestur hægra horn framan. Skoða skipti, tilboð óskast. S. 691 4441.

BílaBúð Ódýrt frá Ameriku!

www.islandus.com

Bílabúð Islandus.com - Nýjir bílar eru ódýrari hjá okkur - Jeppar, fólksbílar og pallbílar. www.islandus.com

M-Bens E 290 TDI, árg. 1999, ek. aðeins 179 þús. km (ekki leigubíll) sjálfskiptur, tvívirk glertopplúga, spólvörn, abs, ESP stöðuleikakerfi, cruise control, armpúði milli sæta með kælikistu, dráttarbeisli, fjarstýrðar samlæsingar, 5 diska geislaspilaramagasín, kastarar í svuntu, 4x líknarbelgir, xenon aðalljósabúnaður m/hreinsibúnaði og m. fleira Verð: 2390,000.- Uppl. í símum 825 2205.

Opel Vectra 1.6 GL, 3/2001, ek. 88 þús. km, beinsk., sk. '06, sumardekk á álfelgum og vetrardekk á stálfelgum m/koppum, abs, fjarstýrðar samlæsingar, geislaspilari, líknabelgir, litað gler, rafmagn í rúðum, reyklaus bíll. Gullfallegur og vel með farinn bíll. Verð aðeins 990,000.- Uppl. í s. 825 2205/663 9621.

BílaBúð Ódýrt frá Ameriku!

www.islandus.com

Bílabúð Islandus.com - Nýjir bílar eru ódýrari hjá okkur - Jeppar, fólksbílar og pallbílar. www.islandus.com

Tilboð...! Topp eintak Nissan Terrano II SR ,árg' 97, disel, ekinn 150 þ. km, 7 manna. Verð 1290 þ., tilboð! 990 þ. Sími 848 1515.

VW Polo árg. '04, ek. 19 þús. km. Beinsk., 1,2, CD, sumardekk á felgum fylgja. Topp bíll. Bílalán 850 þús. Verð 1250 þús. S. 892 7852.

BílaBúð Ódýrt frá Ameriku! www.islandus.com

Bílabúð Islandus.com - Nýjir bílar eru ódýrari hjá okkur - Jeppar, fólksbílar og pallbílar. www.islandus.com

Toyota Yaris mobil, árg. '02, ek. 42 þús. km. Beinsk., spoiler, filmur í rúðum, samlitir stuðarar, CD, ný nelgd vetrardekk, sumardekk fylgja. VErð 850 þús. Bílalán 650 þús. S. 892 7852.

Athugið get útvegað
Allar gerðir af bílum frá Ameriku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgerðir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

100% lán Daewoo Nubira stW. Árg. '98, 1,6, ek. 121 þ., cd, álf., góður bíll. V 480 þ. Tilboð yfirtaka lán 350 þ. 13 þ. á mán. S 691 9374.

0-250 þús.

Nissan Sunny árg. 1994 Sjálfskiptur. Ekinn. 136 þús. Staðgr. 230 þús. Uppl. í s. 896 2794.

Chrysler Town & Country 1987. Ljósgulur/viðarlitur. Ekinn 90 þús. mílur. Skoðaður '06. Rafmagn í öllu, leðurklæddur. Tilboð óskast. Sveinn s. 893 6170.

Hyundai Pony árg. '93, ekinn 176 þús. Tilboð. Uppl. í s. 616 8099.

Til sölu Nissan Sunny 1600 árg. '95, þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast. Selst ódýrt. Uppl. í s. 866 6602 & 588 5934.

M. Benz 190 árg '87. Sk. '06. Verð kr. 180.000. Upplýsingar í síma 896 7472.

Daihatsu Charade '92, sk. '06, ek. 104 þús. Verð 75 þús. Uppl. í s. 822 5565.

Subaru Legasy '91. e.c 180 000, þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í síma 8483944.

Mazda 323 árg. '92, ekinn 160 þ. 5 d., sjálfsk., raf. í rúðum, 95.000 kr. Uppl. í síma 897 8779.

Hyundai Accent árgerð '95. Beinsk. 3ja dyra. Skoðaður '06. Verð 120 þús. Uppl. í s. 897 8779.

Mitsubishi Lancer EXE árg. '92 til sölu. Sk. 2005, silfurgrár, ssk., nýleg vetrardekk. Verð 150 þús. S. 849 4692.

Toyota Carina '91. Skoðaður '06. CD spilari, góður bíll. Verð 90.000 staðgreitt. Upplýsingar í síma 845 7954.

Subaru Legacy stw '91. Selst ódýrt. S. 895 7435.

Toyota Carina II '91. Góður bíll, ekinn 186 þús. Verð 200 þús. Uppl. í s. 695 2050.

Pajero stuttur V6 '90. 33" ek. 180 þús. Skoðaður '06. Mjög fínn bíll. V. 200 þús. stgr. Skipti athugandi. S. 693 4503.

Nissan Sunny 3ja dyra '92. Lítillega tjónaður að framan. Selst ódýrt. Auka dekk fylgja. S. 856 7459.

Til sölu Galant '89 árg. Sjálfsk., raf. í öllu. Verð 63.000 kr. S. 696 6677.

Til sölu MMC Lancer árg. '91, sjálfsk. Sk. '05. Verð 35 þús. Uppl. í s. 694 3308.

Til sölu nýleg kerra 114x207, burðargeta 700 kg. Verð 70.000. S. 892 9496.

Góður bíll! Toyota Corolla '90, ssk., ek. 126 þús., sk. '05. Verð 100 þús./ tilboð. Uppl. í s. 866 9111.

Ford Econline árgerð '90 til sölu. Verð 150 þús. Uppl. í síma 863 7616.

Subaru Legacy árg. '90, nýskoðaður, fæst fyrir 190 þús. Einnig Cherokee árg. '86, 2.8 l, fæst á 120 þús. Uppl. í s. 697 4540 & 824 4011.

Mitsubishi Galant árg '88, þarfnast lagfæringa. Tilboð. Uppl. í s. 896 2551.

Hyundai Pony '94 sk. 05, sumar og vetrardekk verð 55 þús. Uppl. í síma 694 4561.

ÓDÝR - '91 Galant Þarfnast lagfæringar Sími: 697 7732

Toyota Camry station '90, ek. 146 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Verð 50 þús. Einnig Pajero langur '90, biluð vél. Verð 40 þús. Uppl. í s. 660 0109.

Audi 100 árg. '89. Ek. 190 þús. Í mjög góðu standi. Verð 200 þús. Uppl. í s. 845 9506.

250-499 þús.

Til sölu Audi 80 árg. '92, ekinn 162 þ. 2l, sk. '06 án ath. semda. Verðhugmynd 350 þús. S. 867 3046.

Chevrolet Blazer 6,5 dísel 4WD, árg. '85, ekinn 35 þús. mílur. Óslitinn bíll, skoðaður '05. Verð 450 þús. stgr. S. 899 0896.

Nánari upplýsingar veitir Ólöf starfsmannastjóri. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3. hæð**. Sími 5 800 600. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu ISS, www.iss.is.

Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfið í yfir 20 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.

989 BYLGJAN
-björt og brosandi

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum deiliskipulagi í Reykjavík.

Reitur 1.174.1.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.174.1 sem afmarkast af Barónsstíg, Hverfisgötu, Snorrabraut og Laugavegi.
Tillaga fyrir sama reit var áður auglýst 27.04.02 – 10.04.02 og er nú auglýst að nýju með eftirfarandi breytingum. Gert er ráð fyrir smávægilegri hækkun á risi við Laugaveg 83, um 90cm, og ný lóðarmörk gerð fyrir húsið að Laugavegi 100A þar sem gert er ráð fyrir bílastæði fyrir húseignina.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Arnarbakki 1-3.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Arnarbakka 1 -3, lóð Breiðholtsskóla.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að á norðausturhluta lóðar verði gerður gervigrasvöllur samkvæmt staðli með tveimur átta metra háum ljósastólpum sem verða með skermuðum ljósum sem lýsa aðeins upp völlinn sjálfan. Völlurinn verður afgirtur til hliðanna með eins meters hárri girðingu en við gaflana verði girðingin þriggja metra há.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.230, Bílanaustreitur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.230, lóðirnar Borgartún 26 og Sóltún 1 og 3.
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að þær byggingar sem nú standa við ofangreindar lóðir verði rifnar og lóðarmörkum verði breytt. Að Borgartúni 26 er fyrirhugað að reisa verslunar- og skrifstofuhúsnæði á 5 til 8 hæðum. Sóltún 1 og 3 verða ein lóð og þar er fyrirhugað að reisa íbúðarhús fyrir allt að tvöhundruð og fjörutíu íbúðir á fimm til tólf hæðum. Innri gata verður á milli íbúðarbyggðar og skrifstofubyggingar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 23. mars til og með 4. maí 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við þær skal skila skriflega eða á netfangi ***skipulag@rvk.is***, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 4. maí 2005.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 23. mars 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2600 • MYNDSENDIR 562 3219

FUNDIR

Aðalfundur

Smáhundadeildar HRFÍ.
verður fimmtudaginn 31. mars
kl. 20.00 í Sólheimakoti.

Venjuleg aðalfundastörf.

Stjórn Smáhundadeildar.

Tvær glæsieignir í Grafarvogi

Hlaðhamrar – endaraðhús
Í einkasölu glæsilegt frábærlega velstaðsett endaraðhús ásamt bílskúr. Húsið er á einni og hálfri hæð. Mjög gott skipulag. Mjög góður frágangur. Húsið er staðsett í lokuðum botnlanga. Vandaðar innréttingar. V. 34,5 millj.

Smárarimi – glæsilegt einbýli í Grafarvogi
Vorum að fá í einkasölu glæsilegt,vandað vel staðsett 194,5 fm einbýli á einni hæð m. innbyggðum góðum bílskúr. Vandaðar innréttingar. Glæsil. flísalagt baðherb. m. hornbaðkari.Hátt til lofts í hluta hússins og innbyggð lýsing. Stór afgirt timburverönd. Fallegt einstaklega velskipulagt hús. V. 43,9 millj.

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúli 27 • sími 588-4477

Ingólfur G. Gissurarson, logg. fast.
www.valholl.is
-Opið virka daga frá kl. 9-17.30.

FUNDIR

FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.

Aðalfundur
Fasteignafélagsins Stoða hf.

Aðalfundur Fasteignafélagsins Stoða hf. árið 2005 verður haldinn á Hótel Loftleiðum, við Hlíðarfót 101 Reykjavík, fimmtudaginn 31. mars n.k. og hefst hann kl. 14.00. Fundurinn verður í Þingsal 5, bíósal.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi á liðnu ári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir starfsárið 2004.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað fé lagsins.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
5. Breyting á samþykktum: Tillaga um að heimila stjórn að gefa út nýtt hlutafé, allt að 50.000.000 kr. nafnverðs á gengi sem ekki er lægra en 1:4,29, í því skyni að efna kaupréttarsamning. Heimildin gildi fram að aðalfundi ársins 2007. Það leiðir af tillögunni að hluthafar falla frá áskriftarrétti.
6. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Fasteignafélagið Stoðir hf.

NETHÚS
FASTEIGNASALA

Opnunartími: mán-fim 9-17 / föst 9-16

AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN

-Þín sala þinn sparnaður

Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur • Sími: 575 8800 • Fax: 575 8801 • **www.nethus.is**

Ragnar Thorarensen, Löggiltur fasteignasali
Linda Björk Stefánsdóttir, Viðskiptafræðingur
Halldór Jensson, Sölufulltrúi
Elín D. W. Guðmundsdóttir, Löggiltur fasteignasali

4ra herbergja

Hólabraut - 220 Hafj. NÝTT

Mikið endurnýjuð 4ra herb. 81,8 fm íbúð að Hólabraut í Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í eldhús, stofu,borðstofu(möguleiki á að breyta í herbergi) og tö svefnherbergi. Fallegar nýlegar innréttinga, parket og flísar á gólfum.
Rúmgóð geymsla í sameign með glugga.

15,900,000

4ra herbergja

Skaftahlíð - 105 Rvk NÝTT

Virkilega falleg 114 fm 4 herb íbúð í kjallara við Skafthlíð. Nýlegt eldhúsinnrétting, fallegt parket, Allar vistarverur mjög stórar. Nýgert gufubað í sameign.

4ra herbergja

Andrésbrunnur - 113 Rvík

Virkilega falleg og velskipulögð 4ra herb 110,8 fm íbúð á fyrstu hæð ásamt bílskýli við Andrésbrunn í Reykjavík. Innréttingar og skápar úr birki. Innihurðar úr eik. útgengt út á suðurverönd úr stofu. þvottahús og geymsla innan íbúðar.

23,500,000

4ra herbergja

Fálkagata - 107 Rvk

Um er að ræða afar fallega 4ra herbergja 119,9 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu, tvö svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Nýleg eldhúsinnrétting og endurnýjað bað. Falleg íbúð á góðum stað.

23,500,000

4ra herbergja

Skessugil - 600 Ak. NÝTT

Mjög glæsileg 4ra herbergja 92 fm íbúð á annari hæð í nýlegu fjórbýli að Skessugili á Akureyri Jatoba perket er á allri íbúðinni nema á baði og forstofu þar sem eru flísar. Innréttingar og skápar eru úr maghony með sprautulökkuðum hurðum.Glæsileg eign á eftirsóttum stað stutt í skóla og leikskóla

15,900,000

3ja - 4ra herbergja

Dalsel - 109 Rvík

Mjög góð 3 -4ra herbergja íbúð ásamt stæði í bílskýli að Dalseli í Reykjavík. Samtals birt stærð sameignar samkvæmt FMR 125,3 fm. Parket og flísar á gólfum. Ágæt eldhúsinnrétting, baðherbergi fallegri hvítri innréttingu. Húsið kætt með viðhaldslítilli klæðningu. Falleg eign í barnvænu umhverfi

18,900,000

2ja herbergja

Reykjavíkurvegur - 101 NÝTT

Mikið endurnýjuð ósamþykkt 2ja herbergja 25 fm íbúð á jarðhæði í virðulegu húsi. Íbúðin skiptist í forstofu með flísum á gólfi, baðherbergi, eldhúskrók með hvítri innréttingu ,stofu og herbergi sem er í dag notað sem eitt rými.Parket á gólfum. Þetta er falleg eign á mjög eftirsóttum stað. Frábær fyrstu kaup stutt í Háskólann.

7,490,000

Einbýli

Brekkusíða - 603 Ak

Glæsilegt 142 fm 6 herb, bjálkahús á góðum stað í efra þorpinu. Forstofa með gráum nátturustein, Eldhús glæsilegt með sprautulakkaðari innréttingu, 2 góðar stofur. Stórar svalir, frábært útsýni.

18,500,000

3ja herbergja

Melasíða - 600 Ak NÝTT

Mjög góð 3ja herb. 88,9 fm íbúð við Melasíðu á Akureyri. Íbúðin skiptist í forstofu,stofu,eldhús 2 rúmgóð herbergi og þvottahús. Parket á stofu holi og eldhúsi. Góðar innréttingar og skápar. Stutt í skóla og leikskóla
LAUS VIÐ KAUPSAMNING

9,900,000

Atvinnuhúsnæði

Bæjarhr - 220 Hf, Atvinnuh.

Til sölu eða leigu mjög gott, snyrtilegt iðnaðarhúsnæði í kjallara að Bæjarhrauni Hafnarfirði. Rampur er niður að húsnæðinu og stórar innkeyrslu- og gönguhurð.

Sumarhús

Rjúpnabraut - 840 Úthlið/Bissk

Glæsilegur sumarbústaður við Úthlíð í Biskupstungum. Bústaðurinn er um 60 fm og með 3 svefnherbergjum. Bústaðurinn er allur hinn vandaðasti og með stórum palli í kringum húsið og heitum potti. Á svæðinu er sundlaug og ýmis þjónusta.

12.300.000

Sumarhús

Sumarhús til flutnings NÝTT

Afar glæslegt 62 fm sumarhús til flutnings. 3 svefnherbergi, baðherbergi með útgengi út á verönd. Stór stofa, og eldhús opið inn í stofu. Húsið skilist fullbúið að utan en fokhelt að innan. Húsið er klætt að utan með liggjandi báruáli. Standandi viðklæðning er á þakkanti og undir skyggni.

6,900,000

575 8800

Það þarf ekki að vera dýrt...
...að selja fasteign !

AÐEINS 1% SÖLUÞÓKNUN

Þetta er innifalið í okkar söluþóknun:

- Skoðun
- Myndataka
- Verðmat
- Skráning
- Auglýsing á netinu
- Aðgangur að gagnvirkri heimasíðu
- Kauptilboðsgerð
- Samningsgerð
- Afsalsgerð
- Persónuleg, traust og fagleg þjónusta

Eftirfarandi dæmi sýna hvað það kostar að selja hjá Nethúsum.
Aðeins 1% söluþóknun frá 10 milljón króna eign

	Verð	Söluþóknun	Gagnaöflun	Vsk.	Samtals
Dæmi 1	**að 10 millj.**	100.000 kr.	9.500.00 kr.	26.827.00 kr.	**136.327.00 kr.**
Dæmi 2	11 millj.	110.000 kr.	9.500.00 kr.	29.277.00 kr.	**148.777.00 kr.**
Dæmi 3	12 millj.	120.000 kr.	9.500.00 kr.	31.727.00 kr.	**161.227.00 kr.**
Dæmi 4	13 millj.	130.000 kr.	9.500.00 kr.	34.177.00 kr.	**173.677.00 kr.**
Dæmi 5	14 millj.	140.000 kr.	9.500.00 kr.	36.627.00 kr.	**186.127.00 kr.**

NETHÚS

óskar öllum landsmönnum

gleðilegra páska

100% þjónusta

-öruggur staður til fasteignaviðskipta

1% söluþóknun auk vsk.

Þetta er innifalið í okkar söluþóknun:

Öll venjubundin vinna fyrir seljendur m.a. allur skjalafrágangur, myndataka, verðmat eignar, skráning eignar og birting á netinu. Auk þess getum við tekið að okkur að sýna eignir, ef þess er óskað.

Persónuleg, traust og fagleg þjónusta.

4ja herbergja

Rjúpufell 111 Rvík

Góð 4ra herbergja 106,9 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðin skiptist í hol, samliggjandi stofu og borðstofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Elhúsið er með fallegri hvítri innréttingu með miklu skápaplássi.

15,900,000

3ja herbergja

Hrafnshólar 111 Rvík

Góð 3ja herbergja 76,4 fm íbúð á annari hæð að Hrafnhólum. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu,eldhús,tvö herbergi og baðherbergi. Fallegt útsýni

12.900.000

2-3ja herbergja

Laugavegur - Rvík

Falleg 2-3ja herb 61.2fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi. íbúðin hefur töluvert verið endurnýjuð t.d. nýjir gluggar, ofnlokar, útidyrahurð, rafmagnslagnir ný eldhúsinnr. SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

12,900,000

Stúdíóíbúð

Rauðarárst. - 101 Rvík

Mjög góð 26 fm einstaklingsíbúð. Gott eldhús með dúk á gólfi. Stofa með pergo parketi. Baðherbergi með sturtu, Sameiginlegt þvottahús og sérgeymsla í rísi.

5,200,000

Stúdíóíbúð

Grettisgata -101 Rvk

Góð, ósamþykkt 30 fm stúdíóíbúð í kjallara í góðu steinhúsi við Grettisgötu í Reykjavík Skipti koma til greina á stærri eign.

5,700,000

Sumarhúsalóð

Í Biskupstungum

Lóðin er um 0.5 hektari og að henni liggur vegur og stofnlagnir fyrir heitt og kalt vatn. Örstutt er í Reykholt þar sem er að finna helstu þjónustu svo eins og litla matvöruverslun, sundlaug, veitingastað ofl.

2ja herbergja

Laugavegur - Rvík



Mjög góð 2ja herb. 41,9 fm íbúð á jarðhæð með sér inngangi í góðu bakhúsi. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Rafmagn nýlega endurnýjað. Falleg eign.

9,300,000

2ja herbergja

Vesturberg - 111 Rvk

Mjög góð og velumgengin 55 fm 2ja herb íbúð á annari hæð. Dúkur og flísar á gólfum. Baðherbergi nýtekið í gegn á afar smekklegan hátt. Skápur í holi og herb..

10.900.000

2ja herbergja

Þórðarsv. - 113 Rvk/bílg.

Falleg 2ja herb íbúð ásamt stæði í bílgeymslu. Parket og flísar á gólfum, Kirsuberjaviður i innréttingum og hurðum. Suður svalir, fallegt útsýni.

15.400.000 kr.

Sumarhús

Húsafell



Birkilundur. Virkilega fallegt vel útbúið 38,3 fm sumarhús á yndislegum stað í Húsafelli. Góður pallur með skjólvegg ásamt heitum potti.

6.900.000 kr.

Sumarhúsalóð

Við Vesturhóp

Náttúruparadís við Vesturhópsvatn. Nýtt skipulagt sumarbústaðasvæði í landi Hvolls. Hver lóð er 1/2 hektari og skilast með stofnlögnum fyrir rafmagn og vatn að lóðarmörkum.

SVIPMYND

TÓKÝÓ: HÖFUÐBORG JAPANS – EIN ÖRUGGASTA BORG Í HEIMINUM.

Hérað: Kanto.

Land: Japan.

Fjöldi íbúa: Tólf milljónir.

Meðalhiti í mars: 10,1 °C.

Gjaldmiðill: Jen.

Tungumál: Japanska.

Trú: Aðaltrúarbrögð í Tókýó eru shintoismi og búddismi en margir Japanar telja sig aðhyllast hvort tveggja. Shintoismi er dýrkun forfeðra og þjóðarhetja sem og náttúrulegra hluta, bæði lifandi og dauðra en guðir eru taldir búa í hlutunum.

Tókýó stendur á suðausturhluta Honshu-eyju og samanstendur af hinum ólíku hverfum Shinjuku – umferðarmikla hverfinu, Shibuya – flotta verslunarhverfinu, Ueno Park – menningarhverfinu, Asakusa – sögulega hverfinu og Ginza – dýra verslunarhverfinu.

Vissir þú ...

...að hendur Sómalans Hussains Bisad, sem býr í Bretlandi, mælast 26,9 sentímetrar frá úlnlið að enda löngutangar?

...að Berne Person frá Svíþjóð sigldi með fallhlíf hangandi í sér í 24 tíma og tíu mínútur á Granningesjön-vatni 19. til 20. júlí árið 2002?

...að Suðurskautslandið er 2.194 metra hátt að meðaltali, að ísbreiðunni frádreginni, yfir OSU91A-meðaljarðlagi, sem er sambærileg við sjávarmál en nákvæmara?

...að lengsta slanga sem mæld hefur verið var tíu metrar og var skotin í Celebes í Indónesíu árið 1912?

...að Kanada og Fídjieyjar hafa tekið þátt í nærri öllum 55 friðargæsluverkefnum Sameinuðu þjóðanna?

...að 42,7 prósent ferðamanna sem heimsóttu erlend ríki árið 1998 ferðuðust með flugvél samkvæmt tölum WTO en 41,4 prósent óku í bíl?

...að elstu taflmenn í heimi fundust í Nashipur í núverandi Bangladess en þeir eru taldir vera frá 900 fyrir Krist?

...að stærsta öldulaug í heimi er 1,6 hektarar og er í Siam Park City í Bangkok í Taílandi?

...að elsta óræða talan er kvaðratrótin af tveimur en það var Hippasus frá Metapontum sem uppgötvaði hana um fimm hundruð fyrir Krist?

...að elsti geimfari í heimi er John Glenn yngri en hann var 77 ára og 103 daga þegar honum var skotið út í geiminn 29. október árið 1998?

...að stærstu sandalar heims mældust 3,93 metra langir, 1,46 metra breiðir og 1,9 metra háir?

...að flest kvikmyndahús á hvern íbúa eru í Hvíta-Rússlandi þar sem eitt bíó er á hverja 2.734 íbúa en alls eru 3.780 kvikmyndahús í landinu?

...að Ernest Lofus frá Simbabve færði dagbók daglega í 91 ár?

...að fyrsti styrktaraðili í sjónvarpi var Gilette en hann var styrktaraðili boxkeppni í Bandaríkjunum 19. júní árið 1946?

...að engin kona hefur leikið fleiri landsleiki í knattspyrnu en Kristine Lilly frá Bandaríkjunum en hún lék 270 leiki frá 1987 til 2004.

...að við árslok 2003 hafði Ferrari unnið 166 Formúlu 1 Grand Prix kappakstra?

...að spænski söngvarinn Julio Iglesias er vinsælasti listamaður rómanskrar tónlistar en talið er að hann hafi selt tvö hundruð milljónir platna í heiminum?

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is

PHILIPS GÆÐA GRÆJUR
FRÁBÆRT ÚRVAL FERMINGAGJAFA

Philips Mx2500
Fyrirferðalítið og nett HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 400w (5x30w og 1x50w RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, Digital Coaxal út, Scart (með RGB), 2 RCA inngöngum og 1 RCA útgangi, FM útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu. Spilar MP3 og JPG.

DVD HEIMABÍÓ TILBOÐ 24.995
Fullt verð kr. 29.995

Philips LX3600
Nett HEIMABÍÓSETT með fjölkerfa DVD spilara, 6x100w (6x50 RMS) Digital magnara, 5 hátölurum og bassaboxi, Dolby Digital og DTS, Dolby Pro-Logic II, 3D Virtual Surround, útvarpi með stöðvaminnum og fjarstýringu.

DVD HEIMABÍÓ TILBOÐ 27.995
Fullt verð kr. 34.995

DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x

Með DIVX VIDEO

Philips LX3900
Ultra Slim **HEIMABÍÓSETT** með fjölkerfa **DVD SPILARA** og 600w (5x45w+75w RMS) Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II magnara, FM/LW útvarpi með RDS og stöðvaminnum, 5 hátölurum og bassaboxi, Scart, SVHS og RCA, Coax, Line In og fjarstýringu.

DVD HEIMABÍÓ TILBOÐ 36.995
Fullt verð kr. 69.995

Fæst einnig með þráðlausum bakhátölurum á kr. 54.995

Með DIVX VIDEO

Philips LX8300
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara með Progressive Scan, 400w (5x50w + 1x150w RMS) magnara, 4x Video Upsampling, FM útvarpi með stöðvaminnum, 5 umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, AUX og Coaxal inn og AUX út, Scart (með RGB), Component (Y, Pb, Pr), SVHS og RCA video út og fjarstýringu.

DVD HEIMABÍÓ TILBOÐ 59.995
Fullt verð kr. 69.995

SPILAR MP3 DISKA
DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD/SVCD, MPEG4, DiVX 3.11/4.x/5.x, SACD, CD, CD-R/RW, MP3, JPEG

ÓDÝRARI RAFTÆKI

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HUGVERKAsmiðja

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is

Uppgangur kynþáttafordóma

UMRÆÐAN
KYNÞÁTTA-FORDÓMAR

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON
ÞINGMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR.

Um allan hinn vestræna heim veður rasisminn uppi og sífellt bætast í sarpinn sorglegar sögur um afleiðingar hans.

Alþjóðlegur baráttudagur Sameinuðu þjóðanna gegn kynþáttafordómum var haldinn um víða veröld í vikunni. Og ekki að ástæðulausu. Um allan hinn vestræna heim veður rasisminn uppi og sífellt bætast í sarpinn sorglegar sögur um afleiðingar hans. Flest bendir til þess að uppgangur kynþáttafordómanna sé slíkur að það verði að grípa til nýrra ráða til að vinna gegn þessum óhugnaði sem speglar svörtustu og aumustu hliðar manneskjunnar, oft með hörmulegum afleiðingum.

Meginmálið er að rannsaka og draga skýrt fram ástæðurnar fyrir uppgangi fordómanna á kostnað mannhyggju og umburðarlyndis og bregðast við með skipulögðum hætti. Kynþáttahyggjan er alvarleg og andstyggileg meinsemd í samfélaginu og grefur það í sundur og skaðar með margvíslegum hætti.

Kynþáttafordómar hafa aukist verulega í samfélaginu á síðustu árum. Könnun Gallups fyrir Alþjóðahúsið fyrir nokkrum mánuðum tekur af allan vafa um það og er í raun alvarlegur vitnisburður um það hve fordómar í garð útlendinga hafa aukist á kostnað umburðarlyndis. Þetta er þróun sem á sér stað um allan hinn vestræna heim og Ísland er engin undantekning frá þeirri vondu þróun.

Auknir kynþáttafordómar eiga sér margar skýringar og mikilvægt að stjórnmálamenn velti ástæðum þróunarinnar fyrir sér. Af því tilefni hef ég óskað eftir umræðu utan dagskrár á Alþingi um aukna kynþáttafordóma í samfélaginu og viðbrögð við þeim við félagsmálaráðherra og fer hún vonandi fram innan skamms.

Könnun Gallups flutti váleg tíðindi. Þar kom m.a. fram að á örfáum árum, frá 1999 til ársins 2004 hafa kynþáttafordómar bókstaflega vaðið uppi og umburðarlyndi í garð útlendinga minnkað stórum. Tölurnar tala sínu máli. T.d. hafði þeim fækkað um 14% sem telja æskilegt að heimila fleiri útlendingum að vinna á landinu. Úr 42% í 28%. Svipaða sögu má segja um jákvæði gagnvart flóttamönnum. Árið 1999 voru 45 % landsmanna jákvæð gagnvart því að taka á móti flóttamönnum. Nú mælast þeir einungis 27%.

Allt bendir í sömu átt. Fordómar aukast og umburðarlyndi minnkar. Þessari þróun þarf að mæta með því að grafast fyrir um ástæður hennar og síðan að leita leiða til að sporna við. Vopnin gegn fordómunum og kynþáttahyggjunni eru fyrst og fremst menntun og fræðsla en það þarf að grípa til markvissra aðgerða og leita ástæðna fyrir því hve hröð og alvarleg þessi þróun er.

Einfaldar skýringar

Hin mikla eftirspurn eftir lóðum á ýmsum stöðum á höfuðborgarsvæðinu og fyrir austan fjall hefur vakið athygli. Enn fremur hefur verið eftirtektarvert það verð sem ýmsir hafa verið reiðubúnir að greiða fyrir lóðirnar. Það er eðlilegt að leitað sé skýringa. Þær eru í raun fremur einfaldar. Skýringarnar á því verði sem fólk er nú tilbúið að greiða fyrir lóðir sem og húsnæði eru helstar þessar: 1. Stóraukinn aðgangur að hagstæðara lánsfé. 2. Jákvæð kaupmáttarþróun. Fleira kemur til eins og búferlaflutningar til höfuðborgarsvæðisins.

Það að halda því fram að skortur á lóðum í Reykjavík sé meginskýringin á verðinu stenst enga skoðun. Enn síður skýrir framboð af lóðum almenna verðhækkun á húsnæði að undanförnu. Í fyrsta lagi hefur framboð af lóðum í Reykjavík verið með mesta móti að undanförnu, í öðru lagi þarf að skoða höfuðborgarsvæðið í heild og í þriðja lagi er nýtt húsnæði ekki nema lítill

UMRÆÐAN
LÓÐAÚTHLUTANIR

STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON

hluti af öllu seldu húsnæði. Helsta breytingin sem orðið hefur og hefur áhrif á þessu sviði að undanförnu er umbyltingin á húsnæðislánamarkaði.

Þegar aðstæður eru með þessum hætti er ekkert skrýtið að veruleg eftirspurn sé eftir fáeinum nýjum lóðum í grónum og stórum hverfum eins og í Seljahverfi. Eðlilega líta margar fjölskyldur í hverfinu, sem vilja stækka við sig eða minnka eftir atvikum, til nýrra lóða í þessu góða hverfi til að þurfa ekki að fara úr því skóla- og íþróttahverfi sem börnin hafa alist upp í. Reykjavíkurborg hefur því reynt að þróa nýjar leiðir til þess að gera venjulegu fólki kleift að byggja, svo sem fram hefur komið að undanförnu. Húsnæðismál skipta miklu um velferð fjölskyldna í borginni. Þess vegna leggur borgarstjórn Reykjavíkur mikla áherslu á að sinna þessum málum eins vel og unnt er. Verðþróunin á húsnæðismarkaði ræðst hins vegar að mestu leyti af þáttum sem eru utan áhrifasviðs borgarstjórnar.

Höfundur er í borgarstjórnarflokki Reykjavíkurlistans og íbúi í Seljahverfi.

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Höfum ekki hækkað!

Atlantsolía Sprengisandi

Atlantsolía hefur opnað sjálfsafgreiðslustöð á Sprengisandi Reykjavík gengt Elliðaárdal. Við hverja dælu er kortasjálfsali sem tryggir hraða þjónustu og meira öryggi. Bensínstöðin Sprengisandi tekur við öllum gerðum greiðslukorta sem hafa PIN númer(lykilorð).

Aðstoðum við dælingu

Fram til 31. mars veitum við aðstoð virka daga milli klukkan 9.00 og 19.00 og um helgar milli klukkan 10.00 og 16.00

- Veljum samkeppni -

hausverk / SÍA / 5132

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.875 **-0,69%** **Fjöldi viðskipta:** 219 **Velta:** 2.063 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Þormóður rammi	11,43%	Hampiðjan	-5,97%
HB Grandi	1,29%	Bakkavör	-2,18%
SÍF	0,84%	Atorka	-1,64%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,50 +0,25% ... Atorka 6,00 -1,64% ... Bakkavör 31,40 -2,18% ... Burðarás 14,00 – ... Flaga 5,49 -0,18% ... Flugleiðir 14,10 -0,70% ... Íslandsbanki 12,10 -0,82% ... KB banki 525,00 -0,76% ... Kögun 60,00 – ... Landsbankinn 14,80 -0,67% ... Marel 56,30 -1,40% ... Og fjarskipti 4,11 +0,24% ... Samherji 11,95 -0,83% ... Straumur 10,25 -0,49% ... Össur 82,00 -0,61%

viðskipti
vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Peningaskápurinn…

Óbreytt byrjunarlið

Á aðalfundi Sparisjóðabankans um síðustu helgi vakti það töluverða athygli að Margrét Hólm Valsdóttir, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, náði ekki kjöri inn í stjórn bankans en hún situr í varastjórninni. Í fundarboði bankans fylgdi bréf frá Valgerði Sverrisdóttur viðskiptamálaráðherra, þess efnis að hún hvetti konur til að sækja um sæti í stjórn Sparisjóðabankans. Lítið hefur farið fyrir því að Sparisjóðabankinn sýndi methagnað á síðasta ári og græddi litlar 800 milljónir króna sem var meira en þrjú hundruð prósent betri afkoma en árið áður. Þeir sem þekkja til liðsíþrótta vita að þjálfarinn breytir ekki sigurliðinu og kannski mátu fundarmenn stöðuna svo að gamla stjórnin hefði nú staðið sig það vel að ekki væri ástæða til að skipta henni út og setja nýtt lið inn á.

Borgarstjóri í Latabæ

Þórólfur Árnason er að stimpla sig aftur inn í íslenskt viðskiptalíf eftir að hafa tekið sér gott frí þegar hann lét af störfum borgarstjóra í byrjun desember á síðasta ári. Fyrir helgi kynnti hann úttekt á skýrslu um hátækniiðnað á Íslandi, sem unnin var af Samtökum iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Að undanförnu hefur hann komið að ráðgjafastörfum fyrir Latabæ Magnúsar Scheving og félaga. Var leitað til hans í ljósi mikillar reynslu af fyrirtækjarekstri og markaðsmálum. Áður en Þórólfur settist í stól borgarstjóra hafði hann unnnið hjá Marel, Essó og Tali.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Kaupfélag Eyfirðinga hagnaðist um 1.958 milljónir króna á árinu 2004. Hagnaðurinn skýrist fyrst og fremst af því að í fyrra seldi félagið hlut sinn í **Kaldbaki**.

Hagnaður af rekstri **Bláa lónsins** var 86 milljónir króna. Tekjur félagsins jukust um 25 prósent frá árinu 2003.

Alcoa tilkynnti í gær um söku á hlut sínum í norska fyrirtækinu **Elkem**. Félagið tilkynnti einnig að til stæði að segja upp tvö þúsund starfsmönnum.

FTSE markaðurinn í Lundúnum hækkaði í gær um 0,08 prósent. Í Þýskalandi hækkaði **Dax** um 0,57 prósent en í Japan lækkaði **Nikkei** um 0,32 prósent.

17 milljarða munur

KB banki og Landsbankinn eru ekki sammála um verðmæti Bakkavarar.

KB banki og Landsbankinn hafa gefið út nýjar greiningar á Bakkavör vegna yfirtöku félagsins á breska matvælaframleiðandanum Geest. KB banki metur að rekstur Bakkavarar sé 76 milljarða virði en Landsbankinn að hann sé 59 milljarðar. Verðmat KB banka er því 17 milljörðum hærra en mat Landsbankans. KB banki mælir með að fjárfestar kaupi í félaginu en Landsbankinn að fjárfestar selji hlutabréf í Bakkavör.

Ólíkar forsendur greiningardeildanna eru ástæður þessa mikla munar. KB banki miðar við ávöxtunarkröfuna 10,3 prósent á eigið fé sem er nokkuð lægri krafa en við gerð síðasta verðmats. Hærri ávöxtunarkrafa veldur lægra verðmati og skýrir það meðal annars verðmat Landsbankans. Bankinn gerir ráð fyrir 11,8 prósenta ávöxtunarkröfu. KB banki vann mat sitt út frá því að gengi pundsins sé 115 krónur en Landsbankinn miðar við 112,5 krónur sem hefur sitt að segja um ólíkar niðurstöður.

Báðir bankarnir eru bjartsýnir á mikinn vöxt Bakkavarar á næstu árum en talið er að velta Bakkavarar sjöfaldist við kaupin. **- eþa**

MAT GREININGARDEILDA Á VERÐMÆTI BAKKAVARAR

Greiningardeild	Verðmatsgengi	Ráðgjöf
KB banki	36,4	Kaupa
Landsbankinn	28,3	Selja

Síðasta markaðsgengi Bakkavarar var 31,2

Actavis kaupir í Prag

Actavis hefur undirritað samning um kaup á tékkneska lyfjafyrirtækinu Pharma Avalanche. Hjá fyrirtækinu starfa 30 manns og eru höfuðstöðvar þess í Prag.

Pharma Avalanche, sem var stofnað árið 2000, hefur aðallega lagt áherslu á sölu og markaðssetningu á samheitalyfjum í Tékklandi og Slóvakíu.

Sigurður Óli Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar hjá Actavis, segir að kaupin séu í samræmi við stefnu félagsins um uppbyggingu þess í Mið-Evrópu. „Með kaupunum erum við komin með beinan aðgang að bæði tékkneska og slóvakíska markaðnum. Við getum í framhaldi skráð og selt okkar eigin lyf á þessum mörkuðum og sjáum í því ákveðna samlegð," segir Sigurður Óli.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

RÓBERT WESSMAN FORSTJÓRI ACTAVIS Actavis styrkir stöðu sína í Tékklandi og Slóvakíu með kaupum á tékknesku lyfjafyrirtæki. Fyrirtækið er ekki stórt en veitir beinan aðgang að markaði í löndunum.

Ekki er gert ráð fyrir að þessi kaup hafi veruleg áhrif á afkomu Actavis, en hvorki kaupverðið né aðrar fjárhagslegar upplýsingar vegna þeirra verða gefnar upp. **- hh**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞÓRÓLFUR ÁRNASON, HÖRÐUR ARNARSON OG SVEINN HANNESSON Á fundi Samtaka iðnaðarins í gær kom fram að iðnfyrirtæki blæði fyrir hátt gengi krónunnar. Sem dæmi jafngildi 5% gengishækkun um 15% launahækkun fyrir meðalstórt iðnfyrirtæki.

Hátækni verðmætari en stóriðja

Samtök iðnaðarins segja mikil tækifæri í hátækni á Íslandi.

Verðmætasköpun innan hátækniiðnaðar hefur aukist um 33 milljarða króna á árunum 1990 til 2004, samkvæmt skýrslu sem Samtök iðnaðarins og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafa látið gera. Nam hlutur hátækniiðnaðar til verðmætasköpunar hér á landi 4% árið 2004. Til samanburðar var hlutur stóriðju rúmt 1% og sjávarútvegs tæp 10%.

„Þetta eru tölur sem koma virkilega á óvart," segir Hörður Arnarson, forstjóri Marels. Nú sé gott tækifæri til að gera enn betur og auka framleiðslu í hátækniiðnaði verulega næstu árin. Stóru hátæknifyrirtækin séu að vaxa mjög hratt og mikil reynsla hafi byggst upp. Í ár reikni Marel með að setja 700 milljónir króna í vöruþróun sem framtíðarvöxtur fyrirtækisins byggi á.

Þórólfur Árnason verkfræðingur segir útflutning hátæknivara- og þjónustu hafa margfaldast undanfarin ár. Markaðir fyrir þessar vörur séu ótakmarkaðir og mikill vöxtur fyrirséður. Ekki þurfi sérstaka íhlutun stjórnvalda til að svo verði. Þau þurfi samt að stuðla meira að stöðugu efnahagslífi, góðri menntun og hvetja til aukinna fjárfestinga í sprotafyrirtækjum. **-bg**

UPPSPRETTA VERÐMÆTA Í HAGKERFINU 2004*

Iðnaður	23,5%
Opinber þjónusta	22%
Fjármála- og önnur þjónusta	20,8%
Verslun, veitingahús og hótel	10,9%
Fiskveiðar og -vinnsla	9,7%
Samgöngur	8,1%
Landbúnaður	1,4%
Veitustarfsemi	3,6%
Samtals	**100%**

*Verðmætasköpun atvinnugreina mæla Samtök iðnaðarins með mismuninum á söluverði framleiðslunnar og kostnaði við hana.

Stýrivextir hækka um fjórðung úr prósentu

Vextir Seðlabankans fara í 9% í upphafi næstu viku. Hækkunin í gær er minni en spáð var. Seðlabankastjóri gagnrýndi bankana fyrir að fara geyst í lánveitingum og sagði tilefni til að endurskoða hlutverk Íbúðalánasjóðs.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HLUSTAR HUGSI Á HAGFRÆÐINGINN Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri tilkynnti um vaxtahækkun í gær. Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, gerði grein fyrir forsendunum.

Seðlabankinn tilkynnti í gær að stýrivextir bankans yrðu hækkaðir í níu prósent. Hækkunin tekur gildi 29. apríl. Þar með hefur Seðlabankinn hækkað vexti um 1,75 prósentustig síðan í desember.

Þessi hækkun er heldur minni en greiningardeildir höfðu gert ráð fyrir, nema hvað greiningardeild Landsbankans hafði gert ráð fyrir 0,25 til 0,5 prósentustiga hækkun.

Á fundi með fréttamönnum í Seðlabankanum í gær fór Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri yfir forsendur ákvörðunarinnar. Sem fyrr vísaði hann til hraðvaxandi eftirspurnar sem að óbreyttu getur leitt til hárrar verðbólgu. Seðlabankinn hækkar vexti nú til að koma í veg fyrir að verðbólga fari upp fyrir þolmörk Seðlabankans á síðari hluta árs 2006.

Birgir Ísleifur lagði áherslu á það í ræðu sinni að þrátt fyrir vaxtahækkanir síðustu missera væru raunvextir Seðlabankans ekki nálægt sögulegu hámarki. Hann ræddi einnig um þau áhrif sem vaxtahækkun og styrking gengisins hafa á útflutningsatvinnuvegina en stjórnmálamenn hafa gagnrýnt Seðlabankann fyrir að stuðla að styrkingu gengisins þar sem það dragi máttinn úr útflutningsfyrirtækjum.

„Seðlabanki sem miðar að því að ná verðbólgumarkmiði sem honum hefur verið sett af stjórnvöldum getur ekki leyft sér að reka slakari peningastefnu en hann telur nauðsynlega til að ná markmiðinu af tillitssemi við einstaka geira, fyrirtæki eða einstaklinga, sem gætu orðið fyrir skakkaföllum af völdum hárra vaxta eða gengis," sagði Birgir Ísleifur í gær.

Hann sagði að óhjákvæmilegt væri að aðstæður í útflutningsiðnaði yrðu áfram erfiðar en sagði það vera mat Seðlabankans að undirstöður í efnahagslífinu væru góðar um þessar mundir og atvinnulífið gæti því þolað þær hliðarverkanir sem aðgerðir Seðlabankans valda.

Í ræðu sinni fjallaði Birgir Ísleifur einnig um stöðuna á húsnæðismarkaði og sagði að taka ætti til skoðunar hvort breyta ætti hlutverki sjóðsins. Í því sambandi nefndi hann að hugsanlega ætti Íbúðalánasjóður að taka að sér félagslegt hlutverk eða þjóna sem heildsali fyrir viðskiptabankana. Hann sagði enn fremur að hann teldi að viðskiptabankarnir hefðu á síðustu misserum farið of geyst í útlánaaukningu.

thkjart@frettabladid.is

ERICH FROMM (1900-1980)
fæddist þennan dag.

„Samband móður og barns er mótsagnakennt og á vissan hátt sorglegt. Það kallar á óhemjusterka ást móðurinnar, sem um leið á að hjálpa barninu að vaxa frá henni og ná fullu sjálfstæði.“

Í dag eru 105 ár liðin frá fæðingu og um 25 frá andláti þýskættaða sálgreinisins Erichs Fromms. Hann hóf feril sinn sem klínískur sálfræðingur í Berlín, en flutti til Bandaríkjanna árið 1934 og fékk ríkisborgararétt sex árum síðar. 1950 flutti Fromm til Mexíkó og starfaði þar og kenndi fram á gamals aldur. Árið 1974 flutti hann til Sviss þar sem hann dó á heimili sínu fimm dögum fyrir áttræðisafmælið.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Mussolini stofnar fasistaflokkinn

Þennan dag árið 1919 stofnaði Benito Mussolini ítalska fasistaflokkinn. Áður hafði hann barist í fyrri heimsstyrjöldinni og starfað meðal sósíalista sem hann klauf sig frá rétt áður en hann stofnaði fasistaflokkinn. Ítalskir fasistar urðu fljótlega alræmdir fyrir þjóðernisrembing sinn og beittu ofbeldi hiklaust gegn andstæðingum sínum. Þeir klæddust jafnan svörtum skyrtum og voru kallaðir svartstakkar.

Árið 1922 fól Ítalíukonungur Mussolini að mynda ríkisstjórn. Í skjóli lögreglunnar og hersins var Mussolini fljótlega orðinn einvaldur. Árið 1924 var Ítalía formlega lýst fasískt ríki og Mussolini bar titilinn Il Duce, eða foringinn. Árið 1935 skapaði hann sér óvild Vesturlanda þegar hann réðst inn í Eþíópíu. Ári síðar slóst hann í hóp með Adolf Hitler og lýsti yfir stuðningi við uppreisnarher Francos á Spáni. Árið 1937 mynduðu Hitler og Mussolini formlegt bandalag.

BENITO MUSSOLINI

Árið 1943 seig á ógæfuhliðina hjá Mussolini; ítalski herinn þurfti að lúta í gras á erlendri grundu og bandamenn réðust inn í Ítalíu. Félagar í fasistaflokknum gerðu uppreisn, Mussolini var handtekinn og Ítalía gafst upp fyrir bandamönnum. Stuttu síðar frelsuðu þýskir hermenn Mussolini úr prísund sinni og hann var gerður að landstjóra í Norður-Ítalíu sem var undir yfirráðum Þjóðverja. Þegar þýski herinn beið ósigur í apríl árið 1945 var Mussolini handtekinn á nýjan leik og tekinn af lífi ásamt ástkonu sinni eftir stutt réttarhöld. Lík þeirra voru flutt til Mílanó og hengd upp á fótum svo almenningur gæti barið þau augum.

MERKISATBURÐIR

1743 Óratorían „Messías“ eftir Georg Friedrich Handel er frumflutt í London.

1848 Fyrsta skipulagða landnámið í Nýja-Sjálandi hefst í Dunedin.

1933 Ríkisþing Þýskalands úthlutar Adolfi Hitler einræðisvaldi þar til í apríl 1937.

1937 Sundhöllin í Reykjavík vígð að viðstöddu fjölmenni, en hún hafði verið í byggingu í nokkur ár.

1942 Hrint er í framkvæmd áætlun um að flytja japanskættaða Bandaríkjamenn frá heimilum sínum á vesturströnd landsins í fangabúðir innar í landi meðan á síðari heimstyrjöldinni stendur.

1956 Pakistan verður sjálfstætt lýðveldi innan Breska samveldisins.

AFMÆLI

Baldvin Halldórsson leikari er 82 ára í dag.

Valgerður Sverrisdóttir ráðherra er 55 ára í dag.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur er fertugur í dag.

Bjarni Ármannsson forstjóri er 37 ára í dag.

Stefán Már Stefánsson líffræðingur er 29 ára í dag.

Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikkona er 24 ára í dag.

ANDLÁT

Katrín Vilhelmsdóttir, lést á hjúkrunardeild Hrafnistu laugardaginn 19. mars.

Lára Bech Þórarinsdóttir, Kötlufelli 5, Reykjavík, lést sunnudaginn 20. mars.

Sigríður Steinunn Oddsdóttir, Álfhólsvegi 12, Kópavogi, lést mánudaginn 21. mars.

JARÐARFARIR

13.30 **Helga S. Gunnarsdóttir**, Víðilundi 24, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Ari Magnússon**, frá Miðhúsum, Strandgötu 32, Neskaupstað, verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju.

14.00 **Einþór Jóhannsson**, bifreiðastjóri, Heiðarvegi 8, Reyðarfirði, verður jarðsunginn frá Reyðarfjarðarkirkju.

15.00 **Kjartan Ingimarsson**, Rauðalæk 2, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju.

TÍMAMÓT: SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA 45 ÁRA

Mikill metnaður liggur að baki

Þennan dag árið 1960 söng Söngsveitin Fílharmónía opinberlega í fyrsta skipti við flutning á Carmina Burana eftir Carl Orff í Þjóðleikhúsinu. Í tilefni af því hyggst sveitin flytja verkið aftur á aðaltónleikum sínum þann 24. og 26. apríl í Langholtskirkju.

„Það var ekki mikið um stóra tónleika áður en sveitin var stofnuð,“ segir Einar Karl Friðriksson, varaformaður kórsins. „Fólk þekkti þessa tónlist bara af plötum eða úr útvarpi en með stofnun sveitarinnar var skapaður grundvöllur til að kynna fyrir þjóðinni þessi stóru kórverk eftir tónskáld á borð við Handel og Haydn.“

Lengi vel var söngsveitin formlegur samstarfsaðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tók þátt í öllum meiriháttar kórverkum sem Sinfónían flutti. „Við höldum enn í þá hefð, þótt vissulega hafi komið nýir og öflugir kórar til sögunnar.“ Aðalverkefni sveitarinnar eru hins vegar hinir árlegu vortónleikar. „Þá fáum við alltaf til liðs við okkur hljómsveit og unga og efnilega einsöngvara úr óperunni.“

Um 80 söngvarar eru í kórnum um þessar mundir, flestir áhugamenn. „Við erum ekki með ákveðinn bakhjarl, en sækjum um í menningarsjóði og hjá fyrirtækjum en þessu fylgir óneitanlega óttalegt basl eins og hjá öðrum litlum félögum,“ segir Einar Karl, en bætir við að kórnum hafi lánast að hafa í launuðu starfi stjórnanda og píanóleikara. „Við fáum líka til okkar raddþjálfara til að fínstilla kórinn og leggjum metnað í að ná eins miklu og hægt er úr áhugamannakór.“

EINAR KARL FRIÐRIKSSON Hlakkar til afmælistónleikanna í næsta mánuði og segir áheyrendur eiga von á góðu.

Afmælistónleikarnir verða haldnir í Langholtskirkju sem Einar Karl telur vera eitt besta tónleikahús landsins fyrir kóra. Hann segist hlakka mikið til tónleikanna og segir að uppsetning verði óhefðbundin en skemmtileg. „Þetta er ekki allra fyrsta útfærslan sem við ætlum að bjóða upp á, heldur útsetning sem Carl Orff skrifaði sjálfur með volduga slagverkssveit og tvö píanó í huga. Það verður mjög spennandi að heyra útkomuna.“ ■

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristbjörg Guðmundsdóttir

frá Drangsnesi, til heimilis að Blikahólum 12, Reykjavík,

sem lést mánudaginn 14. mars verður jarðsungin frá Drangsneskapellu laugardaginn 26. mars kl. 14.00.

Margrét Skúladóttir, Jóhann Skúlason og fjölskyldur.

†

Hugheilar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna fráfalls ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföðurs og afa,

Guðmundar Björns Sveinssonar

Löngubrekku 25, Kópavogi.

Ólöf Ólafsdóttir
Guðlaug S. Björnsdóttir
Guðjón Björnsson
og barnabörn.

Þór Magnússon
Friðrika A. Sigvaldadóttir

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

AÐALBYGGING HÁSKÓLANS Nemendurnir sem í vikunni voru verðlaunaðir fyrir árangur í eðlis- og efnafræðinámi stunda nú flestir meistaranám, eða hyggja á frekara nám í sínu fagi.

Fimm nemendur verðlaunaðir

Fimm nemendur hlutu í byrjun vikunnar hálfrar milljónar króna verðlaun hver úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar, Akranesi, fyrir námsárangur í eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands. Þrjár ungar konur fyrir árangur í efnafræði og tveir ungir menn fyrir eðlisfræðiárangur. Nemendurnir útskrifuðust í fyrra og fengu allir ágætiseinkunn eða mjög háa fyrstu einkunn í BS-námi sínu.

Anna Valborg Guðmundsdóttir, Anna Guðný Sigurðardóttir og Guðrún Eiríksdóttir fengu verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í efnafræði og Bergur Einarsson og Erling Jóhann Brynjólfsson fyrir sama árangur í eðlisfræði.

Verðlaunasjóður Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi var stofnaður árið 2000 með rausnarlegri gjöf Guðmundar sem fæddur er á Sýruparti á Akranesi 1909 en býr nú á Höfða, dvalarheimili aldraðra á Akranesi. Tilgangur sjóðsins er að verðlauna efnilega útskriftarnemendur í eðlisfræði og efnafræði við Háskóla Íslands. „Hlutfallslega færri nemendur sækja háskólanám í eðlis- og efnafræði á Íslandi en í sambærilegum löndum,“ segir í tilkynningu Háskólans og tekið fram að stuðningur Guðmundar sé mikilvægt lóð á þá vogarskál að hvetja ungt fólk í nám á þessum sviðum. ■

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1908 Joan Crawford, leikkona.

1910 Akira Kurosawa, leikstjóri.

1912 Wernher von Braun, eldflaugasérfræðingur.

1944 Michael Nyman, tónskáld.

1947 Bernadette Devlin, mannréttindafrömuður.

1953 Chaka Khan, söngkona.

1957 Amanda Plummer, leikkona.

1960 Oscar Michael Moore, kvikmyndagerðarmaður.

1965 Richard Grieco, leikari.

1976 Keri Russell, leikkona.

1978 Nicholle Tom, leikkona.

Helmingur mannkyns lifir á undir 100 krónum á dag

- Hagfræðingurinn segir að of mikil höft séu á viðskiptum milli landa.
- Stjórnmálafræðingurinn segir að stjórnarfar í þróunarlöndunum sé of óstöðugt.
- Heimspekingurinn segir að hnattvæðing sé lítils virði án efnahagslegs réttlætis.

Hvað segir þú?

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1661

Í haust hefst kennsla á nýrri námsbraut á Bifröst. BA nám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS). Þessi gráða er upprunnin í Oxford háskóla í Englandi og er þekkt undir skammstöfuninni PPE (Philosophy, politics and economics).

Nám í HHS býr einstaklinga undir margvígsleg störf í hinum alþjóðlega vinnumarkaði og veitir þeim víðari sýn og fleiri greiningartæki en þeir myndu öðlast með námi í einni eða tveimur þessara þriggja háskólagreina.

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 87 ár

EKKERT BRUDL

Opið til átta í kvöld

2.27 kg GRILLKOL **179** KR.

2.27 kg KINGSFORD GRILLKOL

FROSINN **Grillsagaður FRAMPARTUR** **399** kg KR.

KF VILLI GRILLSNEIÐAR **599** kg KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 998kr.

40% afsláttur við kassann

KF **Grillsneiðar VILLIKRYDD**

Bónus býður betur!

EKKERT BRUDL

GILLETTE RAKVÉLIN sem sló í gegn MACH3 POWER

POWER RAKVÉL **999** KR.

RAFDRIFIN HANDHÆG

RAF HLAÐA

Rafhlöðurakvélin

MONTANA homestyle

HÆÐ VASA 17-26 SM

BLÓMAVASI - VELJIÐ SJÁLF **599** KR.

MJÓR VASI (30 sm hár) **299** KR.

Á páskaborðið

Blómavasar

HANGI ÚRBEINAÐ lærið

KOFAREYKTA hangilærið **1399** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1999kr.

30% afsláttur við kassann

UNG naut

UNGNAUTAHAKK **769** kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1099kr.

Fartölvutaska Leonard **1999** KR.

SERVÖRU VERSLANIR

4 UNIVERSEL bílamottur

4 UNIVERSAL mottur **1499** KR.

SERVÖRU VERSLANIR

TopNet þurrkur 2 í setti

ÓTRÚLEGT VERÐ!

410 mm-16"
450 mm-18"
480 mm-19"
510 mm-20"
550 mm-22"

ÞURRKUSETT **999** KR.

EKKERT BRUDL

Ódýrastir í 16 ár

ERAN/Landlist

Tilboðin gilda til páska
eða á meðan birgðir endast

Skynsemin velur Bónus

SVÍNAKÓTELETTUR
979 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.

Villikryddaður lambahryggur
1099 kg KR.

30% afsláttur við kassann

ALI með beini
Hamborgar HRYGGUR

ALI HAMBORGARHRYGGUR
979 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1398kr.

30% afsláttur við kassann

BÓNUS

AFGREIÐSLUTÍMI
um páskana:

EKKERT BRUDL

Miðvikudagur 23. mars
10.00 til 20.00

Skírdagur 24. mars
10.00 til 18.00
LOKAÐ FÖSTUDAGINN LANGA

Laugardagur 26. mars
10.00 til 18.00
LOKAÐ PÁSKADAG

II. páskadagur
12.00 til 18.00

Opið í sunnudagsbúðum:
Reykjanesbær, Egilsstaðir, Hveragerði, Selfoss, Ísafjörður, Akureyri, Borgarnes, Stykkishólmur, Mosfellsbær, Grafarvogur, Holtagarðar, Kringla, Smáratorg, Smiðjuvegur, Hafnarfjörður, Hraunbær, Seltjarnarnes

LAMBA hryggur
VILLIKRYDDAÐUR

Villikryddað lambalæri
998 kg KR.

VILLIKRYDDAÐ
Lamba LÆRI

KARTÖFLUSALAT/HRÁSALAT
99 350g KR.

20 bollur (250g)
299 KR.

20 ísbollur

Opið TÍU til SEX á skírdag

Aðal frétt dagsins

Gunnar Heiðar í hópinn

Gunnar Heiðar Þorvaldsson, framherji sænska meistaraliðsins Halmstad, var í gær valinn í íslenska landsliðshópinn sem mætir Króötum og Ítölum yfir páskana. Gunnar Heiðar var valinn í stað Hjálmars Jónssonar hjá Gautaborg en hann þurfti að draga sig úr hópnum vegna meiðsla.

sport

sport@frettabladid.is

MIÐHERJINN STERKI FRIÐRIK STEFÁNSSON: FÉLAGSMÁLAFORKÓLFUR Í FRÍSTUNDUM

Leikmannasamtök í bígerð

Fregnir herma að til standi að setja samtök íslenskra körfuknattleiksleikmanna á laggirnar. Nokkrir aðilar úr íslenska landsliðinu hafa viðrað þessa hugmynd sín á milli og eru menn sammála um nauðsyn þess að ýta slíkum samtökum úr vör.

„Þetta snýst náttúrulega um að standa vörð um innlenda leikmenn og þeirra hagsmuni," sagði Friðrik Stefánsson, landsliðsmaður og leikmaður bikarmeistara Njarðvíkur.

Að sögn Friðriks hefur hugmyndin aðallega verið rædd á landsliðsæfingum og hlotið góðan hljómgrunn meðal leikmanna liðsins. Landsliðið kemur reyndar ekki saman á ný fyrr en að Íslandsmótinu loknu og má þá búast við að samtökin verði að veruleika.

„Stóra spurningin er hversu mikil virkni næst úr þessu. Ég veit til þess að þjálfararnir reyndu á sínum tíma að setja á fót þjálfarasamtök en þau voru ekki mjög langlíf ef ég man rétt," sagði Friðrik í samtali við Fréttablaðið í gær.

Samkvæmt heimildarmanni Fréttablaðsins þykir mönnum einnig full ástæða til að sporna við þróuninni sem hefur átt sér stað í stjórnum íslenskra körfuknattleiksliða á síðustu árum.

Innan vébanda félaganna er mörgu ábótavant og yrðu leikmannasamtökin einhvers konar hjálpartæki fyrir leikmenn varðandi ýmis mál sem kynnu að koma upp.

> Við gleðjumst yfir því ...

... að hinn geðþekki og spaugsami Sigurður Sveinsson skuli vera að snúa aftur í handboltann eftir nokkurra ára fjarveru. Sigurður mun lífga upp á handboltann en hann á erfitt verkefni fyrir höndum að rífa upp handboltann í Árbænum.

> Við hrósum ...

... Bárði Eyþórssyni og lærisveinum hans í Snæfelli en liðið sýndi gamalkunna varnartilburði í öðrum leik undanúrslitanna í gærkvöld og hélt Fjölni í 69 stigum.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

20 21 22 **23** 24 25 26

Miðvikudagur

LEIKIR

- 19.00 **KR** og **Valur** mætast á KR-velli í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 19.15 **Valur** og **Breiðablik** mætast í Valsheimilinu í úrslitakeppni 1. deildar karla í körfubolta.
- 20.00 **Höttur** og **Stjarnan** mætast á Egilsstöðum í úrslitakeppni 1. deildar karla í körfubolta.

SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Bestu bikarmörkin** á Sýn.
- 20.20 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Chelsea** og **Barcelona** í meistaradeildinni í fótbolta.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 23.15 **World Series of Poker** á Sýn.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Úrslitakeppni í körfu karla

FJÖLNIR–SNÆFELL 69-83

Stig Fjölnis: Jeb Ivey 29 (16 í 3. leikhluta) , Nemanja Sovic 20 (10 frák.), Pálmar Ragnarsson 9, William Coley 8, Helgi Þorláksson 2, Hjalti Vilhjálmsson 1.

Stig Snæfells: Mike Ames 25 (hitti úr 8 af 13 skotum), Sigurður Þorvaldsson 20 (hitti úr 7 af 10 skotum, 7 fráköst, 3 varin), Pálmi Sigurgeirsson 14, Magni Hafsteinsson 11, Calvin Clemmons 9 (8 fráköst), Hlynur Bæringsson 6 (13 frák.).

Úrslitakeppni í körfu kvenna

KEFLAVÍK–ÍS 79–73

Stig Keflavík: Alex Stewart 23 (17 í fyrri hálfleik, 10 fráköst, 9 stoðsendingar), Bryndís Guðmundsdóttir 21 (9 í fjórða leikhluta, 9 fráköst), Birna Valgarðsdóttir 12, Anna María Sveinsdóttir 10 (8 í fjórða leikhluta, 11 fráköst), Rannveig Randversdóttir 5 (9 fráköst, 6 í sókn, 4 stoðs.), María Ben Erlingsdóttir 5, Svava ósk Stefánsdóttir 3.

Stig ÍS: Signý Hermannsdóttir 30 (20 í seinni, 10 fráköst, 7 stoðsendingar, 4 varin), Angel Mason 16 (13 fráköst, 8 í sókn), Alda Leif Jónsdóttir 10 (8 stoðsendingar), Þórunn Bjarnadóttir 8 (8 stoðsendingar, Stella Rún Kristjánsdóttir 6, Hafdís Helgadóttir 3.

Snæfell einum sigri frá úrslitunum

Snæfell vann annan leikinn í undanúrslitunum gegn Fjölni í Grafarvogi í gær með 14 stigum, 69-83, og getur tryggt sér sæti í lokaúrslitunum með sigri á heimavelli sínum á laugardaginn.

KÖRFUBOLTI Snæfell og Fjölnir áttust við í undanúrslitum Intersportdeildarinnar í körfuknattleik í Grafarvogi í gær. Gestirnir tóku leikinn í sínar hendur í öðrum leikhluta og stóðu uppi sem sigurvegarar, 83-69, og vantar þar með aðeins einn sigurleik til þess að komast í lokaúrslitin annað árið í röð.

Leikurinn var nokkuð jafn til að byrja með en gestirnir þó fetinu framar körfuboltalega séð. Fjölnismenn voru reyndar óheppnir í sínum aðgerðum og misnotuðu mörg góð færi eftir góðan undirbúning og vel útfærðar fléttur.

Mike Ames fór mikinn í fyrri hálfleik og skoraði 15 stig. Þar er á ferðinni skemmtilegur leikmaður sem getur búið sér til skot upp úr engu. Hann réðu Fjölnismenn lítið við og Snæfellsliðið komst mest í 15 stiga forystu í öðrum fjórðungi. Staðan í leikhléi var 41-27, Snæfelli í vil.

Í þriðja fjórðungi var komið að þætti Jeb Ivey sem hafði haft óvenjuhægt um sig í fyrri hálfleik. Ivey fór hamförum í leikhlutanum, skoraði 16 stig og átti stóran þátt í að saxa á forystu Snæfells sem fór mest í 19 stig.

Gestirnir voru með þægilegt forskot í byrjun lokafjórðungs og komst Fjölnir aldrei nægilega nálægt Snæfelli sem hafði öruggan sigur eins og áður sagði.

Hjá Snæfelli voru Mike Ames og Sigurður Þorvaldsson allt í öllu í stigaskoruninni en annars var það gríðarsterkur varnarleikur liðsins sem enn á ný lagði grunninn að sigri Snæfells.

„Þetta var bara mjög sannfærandi og var í raun leikurinn sem við lögðum upp með. Við stjórnuðum leiknum allan tímann. Við erum að vísu ekki að skora nema 83 stig en við erum að halda þeim í 69 stigum á þeirra heimavelli. Menn voru mjög einbeittir og þetta var góður sigur og við ætlum að klára þetta á okkar heimavelli í næsta leik," sagði Bárður Eyþórsson, þjálfari Snæfells, en liðið er búið að vinna báða útileiki sína í úrslitakeppninni með sannfærandi hætti.

„Við erum að spila langt undir getu, bæði sem lið og margir af einstaklingunum í liðinu. Við erum að spila okkar versta leik í langan tíma. Við eigum nóg inni frá þessum leik. Við hittum ekki neitt og það var alveg sama hvort það var úr upplögðum færum eða utan að velli. Það fór ekkert niður. Það hefur ekkert lið unnið eftir að hafa verið 2-0 undir en hins vegar hefur nýliði ekki farið í bikarúrslit né svona langt þannig að við ætlum að halda áfram að sporna við sögunni," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis, en nýliðarnir eru núna komnir upp að vegg og mega ekki tapa fleiri leikjum ætli þeir sér ekki í sumarfrí.

HLYNUR OG FÉLAGAR EINUM SIGRI FRÁ ÚRSLITUNUM Hlynur Bæringsson og félagar í Snæfelli eru komnir í lykilstöðu í undanúrslitaeinvíginu gegn Fjölni og fá nú þrjá leiki til þess að landa eina sigurleiknum sem upp á vantar. Fréttablaðið/E.Ól.

Oddaleikur undanúrslita 1. deildar kvenna í körfubolta í Keflavík í gær:

Keflavík í úrslitin gegn Grindavík

KÖRFUBOLTI Keflavíkurkonur tryggðu sér sæti í lokaúrslitum 1. deildar kvenna í körfubolta með sex stiga sigri, 79–73, á Stúdínum í oddaleik liðanna í Keflavík í gærkvöld.

Keflavík náði mest 20 stiga forskoti í 3. leikhluta en ÍS gafst aldrei upp og kom muninum niður í fjögur stig í upphafi fjórða leikhluta og aftur niður í fimm stig þegar mínúta var eftir en heimastúlkur héldu út og fögnuðu sigri. Keflavík lagði grunninn að sigrinum með því að vinna annan leikhlutann með 17 stigum, 24–7, en ÍS hafði fimm stiga forskot eftir 1. leikhluta, 15-20. ÍS skoraði 14 síðustu stig þriðja leikhluta og kom sér aftur inn í leikinn en Keflavík var sterkara á lokamínútunum.

Alexandria Stewart átti mjög góðan leik hjá Keflavík og þá sérstaklega í fyrri hálfleik þar sem hún var með 17 stig og 5 stoðsendingar en eins voru þær Anna María Sveinsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir sterkar, sérstaklega í lokaleikhlutanum þegar þær gerðu saman 17 stig. Þá átti Rannveig Randversdóttir mjög sterka innkomu af bekknum.

Signý Hermannsdóttir átti enn einn stórleikinn, sérstaklega í seinni hálfleik þegar hún skoraði 20 af 30 stigum sínum en eins var hún með 10 fráköst og 7 stoðsendingar. Angel Mason barðist vel og átti mikinn þátt í að ÍS kom sér aftur inn í leikinn.

21 STIG FRÁ BRYNDÍSI Hin 16 ára Bryndís Guðmundsdóttir átti mikinn þátt í að Keflavík er komið í lokaúrslitin.

DYNAPAC

Traustur tækjabúnaður

Valtara

Jarðvegsþjöppur

Malbikunarvélar

Fræsarar

KRAFTVÉLAR

Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur

Sími 535 3500 · Fax 535 3509

www.kraftvelar.is

Leyfisráð Knattspyrnusambands Íslands samþykkti leyfi til allra tíu liðanna í Landsbankadeild karla 2005:

Öll liðin lögleg í Landsbankadeildinni í sumar

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Íslands hefur hert kröfur á úrvalsdeildarliðin og þurfa þau öll að standast mat eftir leyfiskerfi KSÍ sem byggir á samskonar kerfi og evrópska sambandið hefur tekið í notkun.

Á heimasíðu KSÍ í gær kom fram að öll tíu liðin hafi staðist skoðun leyfisráðs KSÍ en það samþykkti á fundi sínum á mánudag leyfi til þátttöku í Landsbankadeild karla 2005 til handa öllum umsækjendum, þ.e. þeim 10 félögum sem unnið höfðu sér rétt til að leika í deildinni, FH, Fram, Fylki, Grindavík, ÍA, ÍBV, Keflavík, KR, Val og Þrótti R.

Félögin verða að uppfylla kröfur sem settar eru fram í leyfishandbók KSÍ og byggir á sambærilegri handbók sem UEFA hefur gefið út. Tveggja vikna töf varð á leyfisferlinu vegna erfiðleika nokkurra félaga við skil á gögnum og vegna óháðrar skoðunar á leyfisgögnum félaga, sem framkvæmd var af Deloitte.

Félögin uppfylltu allar A- og B-forsendur, en sum félög sóttu þó um frest til aðlögunar vegna væntanlegra mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur.

Öll félögin í deildinni hafa fengið staðfestingu frá sínu bæjarfélagi um að úrbætur verði gerðar á aðstöðu áhorfenda á næstu árum, í flestum tilfellum fyrir keppnistímabilið 2007.

Menntun þjálfara yngri flokka var ekki fullnægjandi hjá sumum félögum og fengu þau því viðvörun. Menntun þjálfara yngri flokka er svokölluð C-forsenda sem kemur ekki í veg fyrir að leyfi sé veitt, sé hún ekki uppfyllt. Einnig voru nokkur félög áminnt þar sem skiladagsetningar leyfisgagna voru ekki virtar.

Með leyfisumsókn fyrir 2005 þurfti að fylgja ársreikningur með fullri áritun endurskoðanda, auk staðfestinga á því að engin vanskil séu hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn eða vegna félagaskipta.

Staðfestingar á þessu bárust frá öllum félögunum. Einnig þurftu félögin að útbúa svokölluð fjárhagsleg leyfisgögn, sem voru síðan skoðuð af Deloitte og skýrsla gefin um niðurstöður. ■

KRÖFUR SETTAR FRAM Í LEYFISHANDBÓK KSÍ

- Samþykkt áætlun um uppeldisstarf
- **Fagmennska í stjórnun félags**
- Aðild að KSÍ
- **Fullbúinn leikvangur með stúku**
- Traust skipulag fjármála

ALLT AÐ VERÐA KLÁRT Öll tíu liðin hafi staðist skoðun leyfisráðs KSÍ en það samþykkti á fundi sínum á mánudag leyfi til þátttöku í Landsbankadeild karla 2005.

MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR Skoraði þrjú mörk fyrir íslenska liðið þegar það mætti Skotum síðast.

Kvennalandsliðið:

Æfingaleikur gegn Skotum

FÓTBOLTI Fyrsti landsleikurinn undir stjórn nýráðins A-landsliðsþjálfara kvenna í knattspyrnu, Jörundar Áka Sveinssonar, verður vináttulandsleikur gegn Skotum á McDiarmid Park í Perth í Skotlandi 25. maí næstkomandi.

Þessi sömu lið mættust einmitt í Egilshöll í mars á síðasta ári og vann þá íslenska liðið 5-1 sigur en Ásthildur Helgadóttir sleit krossbönd í þeim leik.

Leikvöllurinn er heimavöllur St. Johnstone, sem leikur í úrvalsdeild karla í Skotlandi en karlalið FH lék á þessum sama velli gegn Dunfermline í UEFA-bikarnum á síðasta ári.

Þessi landsleikur er liður í undirbúningi íslenska liðsins fyrir undankeppni HM sem hefst í sumar en þar er íslenska landsliðið í riðli með Svíum, Tékkum, Portúgölum og Hvít-Rússum. ■

SIGURÐUR SVEINSSON Tekur við Fylkismönnum í sumar.

Sigurður Sveinsson:

Þjálfar Fylki næstu þrjú árin

HANDBOLTI Handboltakempan Sigurður Sveinsson mun þjálfa Fylkismenn næstu þrjú árin. Mikill hugur er í Fylkismönnum en þeir ætla að vera með í efstu deild handboltans á komandi tímabili en liðið spilaði síðast þar tímabilið 1999-2000. Sigurður stýrði HK-mönnum um nokkurra ára skeið en hefur ekki þjálfað síðan hann hætti í Kópavoginum árið 2000. ■

Króatar eru óstöðugir í leik sínum

Zelkjo Sankovic segir Króata geta verið besta lið heims einn daginn og ömurlegt það næsta en hallast samt að sigri þeirra gegn Íslendingum í Zagreb á laugardaginn.

FÓTBOLTI Íslendingar mæta Króötum í undankeppni HM 2006 í Zagreb á laugardaginn. Það er óhætt að segja að íslenska liðið eigi erfitt verkefni fyrir höndum enda er króatíska liðið af mörgum talið vera með betri liðum Evrópu. Fréttablaðið fékk knattspyrnuþjálfarann Zeljko Sankovic, sem þekkir mjög vel til króatíska liðsins, til að skoða liðið og reyna að gera lesendum í hugarlund hversu gott það er í raun og veru.

„Það er enn ekki vitað hvaða leikaðferð þjálfarinn Zlatko Kranjcar mun nota en ég hallast að því að hann spili leikaðferðina 3-5-2. Hann hefur spilað bæði 4-4-2 og 4-5-1 í æfingaleikjum að undanförnu en það hefur ekki gengið vel hjá okkur. Það er ríkt í Króötum að spila með þriggja manna vörn og þeir hafa átt í erfiðleikum með að spila vörnina í línu. Ég held að Kranjcar spili fyrst með þriggja manna vörn og fimm manna miðju en ef ekkert gengur þá gæti hann skipt yfir í fjögurra manna vörn," sagði Zeljko í samtali við Fréttablaðið í gær.

Zelkjo sagði aðspurður að það væri töluverð pressa á króatíska liðinu því að sigurs væri krafist þar sem liðið væri á heimavelli. „Króatíska liðið vanmetur ekki það íslenska og ég hef séð það í blöðum úti að það er borin mikil virðing fyrir íslenska liðinu en það bara þannig að Króatar telja sig eiga að vinna alla heimaleiki hvort sem andstæðingarnir eru England, Þýskaland eða Ísland."

Hann sagði króatíska liðið leggja mikla áherslu á sóknarleik en litla á varnarleikinn. „Króatar spila sóknarbolta og hugsa ekki mikið um varnarleikinn. Það eru margir sterkir sóknarleikmenn í liðinu og ég myndi segja að tvær helstu stjörnur liðsins væru framherjarnir Ivan Klasnic og Dado Prso. Þeir eru báðir frábærir framherjar og ljóst að íslenska vörnin þarf að hafa sig alla við til að stöðva þá."

IVAN KLASNIC Þessi snjalli framherji er hættulegasti maður Króata að mati Zeljko

ZELJKO SANKOVIC Segir mikla pressu vera á Króötum enda krafa um þeir vinni alla heimaleiki.

Zeljko sagði Króata hræðast Eið Smára og hann taldi líklegt að fyrirliði íslenska liðsins fengi yfirfrakka á sig í leiknum. „Það fer auðvitað eftir því hvar Eiður spilar en það er líklegast að Igor Tudor verði settur á hann. Hann hefur spilað lengi á Ítalíu og er vanur að berjast við heimsklassa framherja. Króatar telja Eið vera einn af fimm til sjö bestu framherjum í heimi þannig að þeir vita hvað hann getur."

Zeljko sagðist aðspurður spá Króötum sigri en það yrði ekki auðvelt fyrir þá. „Króatar eru með skrítið lið því að þeir geta spilað eins og besta lið í heimi einn daginn en verið ömurlega léleg þann næsta. Ef hlutirnir ganga ekki upp hjá þeim í byrjun leiks þá geta þeir orðið pirraðir. Ég hallast að sigri Króata en það væri frábær árangur hjá íslenska liðinu ef það næði jafntefli," sagði Zeljko í samtali við Fréttablaðið.

oskar@frettabladid.is

3-5-2

ÚR SPORTINU

Man.Utd er á höttunum eftir nýjum markmanni til að leysa af hinn mistæka **Roy Carroll** en hann hefur enn sem komið er ekki viljað skrifa undir nýjan samning við félagið. Þessi norður-írski markvörður lýsti því yfir síðasta sumar að hann vildi endilega vera áfram hjá Man.Utd en eftir að hafa misst sæti sitt í liðinu fyrir nokkrum vikum virðist honum hafa snúist hugur. „Það er ekkert sem bendir til þess að hann muni samþykkja samningstilboð okkar," segir **David Gill** fjármálastjóri Man.Utd. „Við munum nú líta á hvaða markmenn eru á lausu til að leysa **Carroll** af," segir **Gill**.

Íslandsmeistarinn í borðtennis, **Guðmundur E. Stephensen**, heldur áfram að gera það gott með liði sínu Malmö í Svíþjóð. Um helgina átti hann frábæran leik í fyrri leik undanúrslita sænsku úrvalsdeildarinnar og leiddi lið sitt til sigurs gegn Halmstad, 5-3. **Guðmundur** lagði sænska landsliðsmanninn **Henrik Olsson** 3-1 og síðan kínverska leikmanninn **Huang Dawei** 3-1.

Milan Baros hjá Liverpool kveðst mjög leiður yfir tæklingunni sem hann beitti **Alan Stubbs** hjá Everton í leik erkifjendanna á sunnudaginn. **Stubbs** sagði í gær að tækling **Baros** hefði verið ófyrirgefanleg en sá tékkneski segir að hann hafi alls ekki haft í huga að meiða **Stubbs**. „Ég ætlaði að sparka í boltann. Ég lokaði augunum og setti löppina út og því miður fór hún í hnéð á honum. Mér þykir það leitt. Ég átti skilið að fá rauða spjaldið," segir **Baros**.

Thierry Henry, sóknarmaður Arsenal, sagði í gær að ekkert gæti fengið hann til að yfirgefa herbúðir Arsenal nema félagið sjálft vildi það. „Ég er búinn að koma mér mjög vel fyrir hjá Arsenal. Ég er mjög ánægður og hef mjög gott samband við **Arsene Wenger**. Í augnablikinu sé ég ekki neitt sem fengi mig til að vilja fara frá félaginu. Það væri þá helst ef félagið vildi losna við mig eða ef ég missti sæti mitt í liðinu sem ég færi fyrst að hugsa minn gang," segir **Henry**.

Portúgalska ungstirnið hjá Man.Utd, **Christiano Ronaldo**, hefur viðurkennt að hafa látið sig detta í nokkrum tilfellum á sínu fyrsta ári með félaginu í fyrra. **Ronaldo**, sem lá undir mikilli gagnrýni á síðustu leiktíð fyrir leikaraskapinn, segist nú hafa tekið upp breyttan leikstíl sem **Alex Ferguson** hafi átt mikinn þátt í að hjálpa sér að þróa. „Það er kannski rétt þegar fólk segir að ég sé betri leikmaður í ár því ég stunda ekki jafn mikinn leikaraskap. Knattspyrnan í Englandi er líkamlegri en í Portúgal og nú á mínu öðru ári þekki ég betur inn á hvernig best er að spila," segir **Ronaldo**.

Michael Schumacher, heimsmeistarinn í Formúlu 1 kappakstrinum, segir líklegt að einhver bið verði á því að Ferrari vinni sitt fyrsta mót á nýhöfnu keppnistímabilinu. **Schumacher** og **Rubens Barrichello** eru ennþá að keyra 2004 útgáfuna af Ferrari bílnum en 2005 útgáfan verður tekin í notkun innan fárra vikna. Þýski ökuþórinn segir að þá megi keppinautar Ferrari fyrst fara að vara sig. „Við erum sterkir og kunnum að taka mótlætinu. Það verða engin stór stökk tekin fyrir næsta mót í Barein en okkur ætti að vegna vel á Imola-brautinni. Ég er ekki farinn að stressast, það eru fullt af stigum eftir í pottinum og við bíðum eftir því að 2005 bíllinn verði klár," segir **Schumacher**.



HINGAÐ OG EKKI LENGRA Eiríkur Önundarson og félagar hans í ÍR komust ekki langt gegn frábærri vörn Keflvíkinga og hér má sjá skelfingarsvipinn á Eiríki þegar Jón Nordal Hafsteinsson kemur stökkvandi.

Verða þeir aftur endurræstir af ÍR-ingum?

Keflvíkingar unnu sjö leiki í röð í úrslitakeppninni 2003 eftir tap fyrir ÍR og sannfærandi sigur í Seljaskóla í fyrrakvöld gæti boðað aðra sigurgöngu.

KÖRFUBOLTI Þeir sem urðu vitni af frábærum 26 stiga sigri Keflvíkinga í Seljaskólanum í undanúrslitum úrslitakeppni Intersportdeildarinnar á mánudagskvöldið eru örugglega margir á því að þar fari verðandi Íslandsmeistarar mæti Keflavíkurliðið jafneinbeitt og ákveðið til leiks það sem eftir líður úrslitakeppni.

Í stað þess að komast í 2-0 eru ÍR-ingar komnir aftur á byrjunarreit og þurfa að vinna aftur í Keflavík þar sem Keflvíkingar höfðu unnið 13 leiki í röð í úrslitakeppninni fyrir sigur ÍR á Sunnubrautinni um síðustu helgi.

Keflvíkingar hafa mikla reynslu frá úrslitaleikjum síðustu ár, ómetanlega reynslu úr úrslitakeppninni og stóra og mikla stuðningssveit sem setti mikinn svip á Seljaskólann í fyrrakvöld. Það er ekki langt síðan tap fyrir ÍR endurræsti einbeitingu og sigurvilja Keflavíkurliðsins, sem var þá eins og nú undir stjórn hins sigursæla þjálfara Sigurðar Ingimundarsonar.

Fyrir tveimur árum unnu ÍR-ingar „óvæntan“ 17 stiga sigur sigur á Keflavík í öðrum leik átta liða úrslitanna í Seljaskóla og tryggðu sér oddaleik í Keflavík tveimur dögum síðar. Líkt og Seljaskóla í fyrrakvöld komu Keflvíkingar gríðarlega einbeittir í þriðja leikinn, ÍR-ingar byrjuðu reyndar ágætlega og voru yfir 15-11 eftir 5 mínútna leik en þá hófst ein rosalegasta skotsýning sem hefur farið fram á fjölum Íþróttahússins við Sunnubraut. Keflavíkurliðið vann síðustu 15 mínútur hálfleiksins með 46 stigum, 59-13.

Á þessum kafla skoraði Keflavíkurliðið meðal annars 12 þriggja stiga körfur og leiddi með 42 stigum í hálfleik, 70-28. Keflavík vann leikinn á endanum með 31 stigi og leit ekki um öxl í úrslitakeppninni. Liðið vann alls sjö leiki í röð, skoraði yfir 100 stig í þeim öllum og burstaði bæði Njarðvík (3-0) og Grindavík (3-0) og vann Íslandsmeistaratitilinn.

Hver veit nema Breiðhyltingar hafi kveikt neistann á ný í Keflavíkurhraðlestinni með því að vinna þá í Keflavík á laugardaginn var, því svar liðsins í Seljaskóla minnti mikið á leik Keflavíkurliðsins fyrir tveimur árum þegar þeir settu met með því að vinna sjö leiki í röð í einni úrslitakeppni.

Næsti leikur fer fram í Keflavík á laugardaginn og kemur í ljós hversu sterkir ÍR-ingar eru, því það er ekki á færi margra liða að vinna tvo leiki í röð í Keflavík.

ooj@frettabladid.is

Knattspyrnumaðurinn Juan Fernando Arango er kominn til meðvitundar:

Heimta að gripið verði til aðgerða

FÓTBOLTI Real Mallorca heimtar að spænska knattspyrnusambandið grípi til aðgerða gegn Javi Navarro, varnarmanni Sevilla, fyrir brot hans á Juan Fernando Arango, leikmanni Real Mallorca, í leik liðanna á sunnudag. Navarro og Arango lentu í harkalegu samstuði þar sem Navarro setti olnbogann á undan sér og hafnaði hann á andliti Arangos. Hann steinrotaðist við höggið og var ástand hans um tíma mjög alvarlegt þar sem öndunarerfiðleikar gerðu vart við sig á leið hans til sjúkrahússins.

„Eftir að hafa horft á myndband af atvikinu höfum við sent formlega beiðni til knattspyrnusambandsins þar sem það er beðið um að nota hámarksrefsingu á jafn gróft brot og um var að ræða,“ segir í tilkynningu sem Mallorca sendi frá sér í gær.

Að sögn talsmanns á sjúkrahúsinu þar sem Arango dvelur fór mun betur en á horfðist og er leikmaðurinn kominn aftur til meðvitundar. Það vakti mikinn óhug þegar Arango fékk flog þar sem hann lá óvígur á vellinum og greip mikill ótti um sig á meðal leikmanna beggja liða.

Arango kinnbeinsbrotnaði og hlaut mjög slæman heilahristing í samstuðinu sem Navarro sjálfur segir að hafi verið algjört óviljaverk. ■

ÓHUGNANLEGT Augun ranghvolfdust og líkami Arangos byrjaði allur að titra skömmu eftur að hann rotaðist. Hann var fluttur strax á sjúkrahús þar sem hann var um tíma tengdur öndunarvél.

STUÐ MILLI STRÍÐA : Stelpumyndir og konutónlist

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ER EKKI „LÉTT“ -KONA.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég verð alltaf hálfpartinn móðguð þegar ég sé auglýstar stelpumyndir í bíó. Stelpumyndir eru myndir eins og Legally Blonde. Myndir með Jennifer Lopez, Britney Spears eða Lindsey Lohan. Myndir með leikkonum sem eru líka söngkonur! Frábært! Innihaldslausar, formúlukenndar, húmorslausar og bara hreint og beint hundleiðinlegar myndir sem skilja ekki neitt eftir sig. Afhverju á þetta að vera svona fínt fyrir stelpur?

Bráðum kemur líka út safnplata sem sögð er „fyrir konur“ og inniheldur tónlistarmenn eins og Boys II Men, Anastacia, Shania Twain, Daniel Bedingfield, Ronan Keating, Dido, George Michael og fleiri góða. Safnplata fyrir konur virðist vera það sama og safnplata fyrir hálfvita. Afhverju eru þetta tónlistarmennirnir sem við konurnar eigum að fíla? Ég á ekki til orð. Shania Twain??! Daniel Vibbingfield?? Það eina sem tónlist þarf greinilega að hafa til brunns að bera svo að við konur fílum hana er að hún þarf að vera væmin, söngvarinn þarf að vera vemmilegur og óhæfur í sínu fagi. Undirspil þarf helst að vera í formi skemmtara eða panflautna og lögin mega alls ekki vera hröð! Bara hææææg og þææægileg. Af því að við konurnar viljum hafa allt svo róóóóleeeeegt og það má bara tala svooooona við okkur.

Allt í lagi, þetta er kannski fyrir Létt 96,7 konurnar sem eru allmargar og allt í lagi með það, en athuga skal að ekki eru allar konur „Létt“ -konur. Þær konur lifa á því að heyra sögur um hvernig annað fólk kynntist ástinni sinni. Þær tala með væminni röddu og segja aldrei blótsyrði. Þær skrá sig í rómantískan leik á Létt og senda inn söguna um það, hvernig eiginmaðurinn bað um hönd þeirra. Þær vinna svo rómantíska ferð á rómantíska eyju þar sem þær rómantískast á rómantískan hátt með rómantíska manninum sínum. Og þær hlusta að sjálfsögðu á Michael Bolton á meðan. Afsakið meðan ég æli. ■

DANSLEIKIR
um Páskanna
Miðvikudaginn 23. mars
daginn fyrir skírdag
HLJÓMSVEITIN
BRIMKLÓ
Föstud. 25. & laugardaginn 26. mars
Athugið: Opnum á miðnætti föstudaginn langa
GEIRMUNDUR VALTÝSSON & hljómsveit
KLÚBBURINN
við gullinbrú
Sjá nánari upplýsingar á www.klubburinn.is eða í síma 567 3100

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Opið hjá Íshestum alla páskana!

Ferðir fyrir byrjendur kl. 10:00 (1 1/2 tími)
Ferðir fyrir vana kl. 13:00 (3 tímar)
Fjölskylduferðir kl. 15:00 (1 tími)

Á skírdag verðum við með heitt á kolunum, hægt að grilla pylsur og teymt verður undir börnum gegn vægu gjaldi frá kl. 14:00 - 15:00

Kaffi og létt meðlæti í boði alla páskana. Frábærar gönguleiðir í nágrenninu.

Nokkur sæti laus á **fullorðinsnámskeið** sem hefst 4. apríl!

Viljum minna á að skráningar eru hafnar í **Sumarreiðskólann** og Hestur í fóstur námskeið. **Sigrún Sigurðardóttir** verður skólastjóri reiðskólans og áhersla er lögð á faglega kennslu og markvissa þjálfun.

ÍS HESTAR
Íshestar • Sörlaskeið 26 • 220 Hafnafjörður
Sími: 555 7000 • Fax: 555 7001 • www.ishestar.is

■ TÓNLIST

Opnun techno.is fagnað

Heimasíðan techno.is var opnuð á dögunum og til að fagna opnum hennar verða haldin mikil teknóveisla á Grand Rokk á föstudagskvöld.

Fimm plötusnúðar munu troða upp, auk þess sem Frank Murder, öðru nafni Þorgeir Frímann Óðinsson, og Tonik, eða Anton Kaldal Ágústson, munu stíga á stokk. Á meðal plötusnúðanna verða Dj Grétar og Dj Aldís, sem er ný í faginu og þykir afar efnileg. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

DJ ALDÍS
Fimm plötusnúðar munu spila á Grandrokk, þar á meðal Dj Aldís.

Gwen er í ruglinu

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Það er eins með Gwen Stefani og margar nútíma poppprinsessur. Hún er aðeins jafn góð og upptökustjórar hennar hverju sinni. Hún virðist ekki hafa getað ákveðið hvaða stefnu hún ætti að fara og réð því til sín nokkra af heitustu upptökustjórunum til að vinna eitt til tvö lög. Á meðal þeirra sem koma við sögu eru Dr. Dre, The Neptunes, André 3000 og Nellee Hooper. Það ætti því ekki að koma neinum á óvart að plötuna vanti sárlega stefnu. Hér er Gwen að þreifa fyrir sér og platan ber öll einkenni listamanns sem hefur ekki mótað sinn eigin stíl.

Stúlkan er ein skærasta stjarna poppsins, þrátt fyrir að þetta sé aðeins hennar fyrsta sólóplata. Hún hefur náð að leiða hljómsveit sína No Doubt til frama. Rödd hennar getur þó virkað fremur pirrandi á köflum. Platan er greinlega gerð með það í huga að heilla krakka undir 15 ára aldrinum og Gwen er mest pirrandi þegar hún setur sig í það hlutverk að skemmta smábörnum því þá hljómar hún jafn einlæg og teiknimyndapersóna. Þegar hún syngur eðlilega virkar hún best á mig.

Þó að ég hafi tröllatrú á þessari stelpu verð ég að viðurkenna að þessi plata sé frekar litlaus og leiðinleg. Þetta verður aldrei klassísk poppplata en hún á eflaust eftir að skila nokkrum slögurum til viðbótar. Gwen verður að vanda sig betur næst, ætli hún að halda höfði sínu yfir vatni sem sólópopptónlistarmaður í meginstraumnum.

Birgir Örn Steinarsson

GWEN STEFANI:
LOVE ANGEL MUSIC BABY

NIÐURSTAÐA: Fyrsta sólóplata Gwen Stefani veldur vonbrigðum. Það er eins og þessi hæfileikaríka og sjarmerandi stúlka hafi ekki vitað í hvorn fótinn hún átti að stíga.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sandra Bullock segist hafa gaman af því að takast á við óvenjuleg hlutverk. „Ég er hætt að taka örugg hlutverk. Ef hlutverk hræða ekki líftóruna úr manni þá á maður ekki að taka þeim. Gamanmyndirnar eru erfiðastar að mínu mati. Ef þær virka ekki þá verður útkoman hryllileg," segir Sandra.

Marcia Cross sem fer með hlutverk í Desperate Housewives segir móður sína skammast sín fyrir hlutverk sitt. Leikkonan segist hafa varað móður sína við kynlífssenunum því hún gæti farið hjá sér við að horfa á þær. Cross sem leikur hreingerningasjúka konu segir móður sína hafa misst allt álit á þáttunum þegar hún sá dóttur sína á nærfötunum einum í sjónvarpinu.

Eiginmaður **Britney Spears**, **Kevin Federline** segir söngkonuna ekki hafa vakið athygli sína þegar þau hittust fyrst. „Ég var á tónleikaferðalagi með henni í tvo mánuði og ég get sagt ykkur það að mér datt ekki í hug að þetta myndi gerast. Við Britney hittumst aldrei þá. Þetta var þegar hún var að verða rosalega fræg. Ég hugsaði ekkert um hana þá og svo hittumst við nokkrum árum seinna og þá fóru hlutirnir að gerast," segir Federline sem giftist stúlkunni í september á síðasta ári.

Breski gamanleikarinn **Ricky Gervais** hafnaði 5 milljóna punda samningi við sjónvarpsstöðina BBC. Hann segir ástæðuna vera að hann vildi halda listrænu frelsi sínu. „Ég hefði ekki getað þolað sjálfan mig ef ég hefði tekið samningnum. Ég vil ekki vera BBC-tík. Það eina góða er að ég hefði fengið væna summu af peningum. En ég þarf ekkert peningana vegna þess að DVD-diskurinn minn selst svo vel," segir Gervais.

Kl. 20.00
*Þau **Sigrún Hjálmtýsdóttir** og **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** syngja einsöng með **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** á Vínartónleikum sem haldnir verða í íþróttahúsi Síðuskóla á Akureyri í kvöld. Stjórnandi er **Guðmundur Óli Gunnarsson**.*

menning

menning@frettabladid.is

Jóhannesarpassían í Langholtskirkju

Á föstudaginn langa verða tónleikar í Langholtskirkju þar sem kór og kammersveit kirkjunnar flytja Jóhannesarpassíuna eftir Johann Sebastian Bach.

Jóhannesarpassían er talið eitt glæsilegasta kirkjutónverk sögunnar og er sérlega leikrænt. Frásögn Jóhannesarguðspjallsins er undirstrikuð í tónlist snillingsins Bach, sem oft er nefnur fimmti guðspjallamaðurinn.

Með því að fylgja textanum færist áheyrandinn svo nálægt sögusviðinu að frásögnin lifnar. Atburðarásin er svo hröð að líkja mætti verkinu við óperu, en Kór Langholtskirkju sviðsetti verkið árið 1995 og vakti það mjög mikla athygli. Einsöngvarar verða Ólöf Kolbrún Harðardóttir sópran, Dóra Steinunn Ármannsdóttir alt, Þorbjörn Rúnarsson guðspjallamaður og aríur, Bergþór Pálsson Pílatus og aríur og Ágúst Ólafsson Jesús og aríur. Konsertmeistari er Júlíana Elín Kjartansdóttir og stjórnandi Jón Stefánsson

Tónleikarnir verða klukkan 16 á föstudaginn langa, og þeir verða síðan endurteknir laugardaginn 2. apríl klukkan 18.

EKKI MISSA AF...

... **Gunnari Kvaran** sellóleikara, sem ætlar að flytja allar sex sellósónötur Bachs á þrennum tónleikum í Skálholti nú í dymbilvikunni og síðan aftur um mánaðamótin á tvennum tónleikum í Salnum í Kópavogi.

... söngleiknum **Óliver** sem sýndur hefur verið við miklar vinsældir hjá Leikfélagi Akureyrar að undanförnu. Tvær allra síðustu sýningar verða á laugardaginn kemur.

... tveimur sjónvarpsþáttum um skáldið **Jóhann Sigurjónsson** sem sýndir verða í Ríkissjónvarpinu á skírdag og föstudaginn langa.

Tónlistarpáskar á Ísafirði

Mikið verður um að vera í tónlistarlífinu á Ísafirði um páskana og verður úr mörgum tónleikum að velja fyrir tónlistarunnendur. Fyrir utan rokkhátíðina Aldrei fór ég suður, sem áður hefur verið greint frá hér í Fréttablaðinu, verður tónleikahald á vegum Tónlistarfélags og Tónlistarskóla Ísafjarðar sem ungt fólk ber einnig hitann og þungann af.

Í kvöld verða tónleikar í Hömrum undir yfirskriftinni „Píanóið í nýju ljósi“ þar sem Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari flytur nýstárleg píanóverk frá síðustu öld. Meðal annars breytir hún hljómi píanósins í eins konar slagverkshljóðheim með því að setja í það ýmsa framandi hluti á borð við skrúfur, skífur og strokleður.

Tvær ungar söngkonur, þær Herdís Anna Jónasdóttir og Þórunn Arna Kristjánsdóttir, verða með tónleika á sama stað annað kvöld þar sem þær flytja stutta og aðgengilega dagskrá með píanóleik Sigríðar Ragnarsdóttur.

Loks ríkir sannkölluð páskastemmning á föstudaginn langa í Ísafjarðarkirkju þar sem Hljómsveit Tónlistarskóla Ísafjarðar heldur tónleika undir yfirskriftinni „Heill míns hjarta“. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR Mætir með vel undirbúna píanóið sitt á Ísafirði í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

KARANOVA Hljómsveitirnar Karanova og Benni Hemm Hemm koma fram í Iðnó í kvöld þar sem andi Tilraunaeldhússins svífur yfir vötnum.

Eldað með belgískum sálufélögum

Evrópskur samruni verður í Iðnó í kvöld þegar hljómsveitin Karanova stígur þar á svið. Hljómsveitin er samstarfsverkefni Tilraunaeldhússins og nokkurra belgískra tónlistarmanna, sem komu fyrst fram saman á tónleikum í Belgíu í fyrra í listamiðstöðinni Vooruit.

Þeir Jóhann Jóhannsson frá Tilraunaeldhúsinu og Peter Vermeersch frá Belgíu semja tónlistina, en með þeim koma fram þau Kristín Björk Kristjánsdóttir, Hilmar Jensson og Matthías Hemstock ásamt fjórum belgískum hljóðfæraleikurum.

„Jóhann fékk mig inn í þetta til að búa til eins konar frásagnarlega umgjörð utan um tónleikana,“ segir Kristín Björk, öðru nafni Kira Kira.

„Ég skrifaði nokkra texta þar sem ég sat í litla hanskahólfinu sem ég bjó í þegar ég var í Nice í haust.“

Þessa texta syngur hún við tónlist þeirra Jóhanns og Peters. Tónlistin er reyndar ekki eingöngu þeirra verk, því hópurinn dvaldi saman úti í Belgíu í eina fimm daga þar sem þau spunnu saman frá morgni til kvölds.

„Þeir Jóhann og Peter semja músíkina, en svo koma allir með sinn karakter inn. Það er alveg pláss fyrir það.“

Kristín segir Tilraunaeldhúsið hafa fundið sér sálufélaga úti í Belgíu þar sem er listamiðstöðin Vooruit.

„Við höfum verið að vinna með þeim í þrjú ár og ekkert lát virðist ætla að verða þar á. og upp úr því eru alltaf að spretta ný lítil frjókorn,“ segir Kristín. Þau Jóhann voru til dæmis að ljúka við að gera tónlist við litla bíómynd sem Erna Ómarsdóttir dansari leikur í.

Úti í Nice í Frakklandi bjó Kristín einnig til litla bíómynd sem verður sýnd með tónlistarflutningnum í Iðnó.

„Þetta er reyndar eins konar ástand fremur en bíómynd með framvindu. Þarna er lítil vera sem er týnd inni á óðalssetri. Hún er að horfa í kringum sig og við sjáum allt sem hún sér í húsinu, bæði sprungurnar í loftinu og innstungur sem einu sinni voru fyrir rafmagn og kristalsljósakrónur, rykugar og brotnar.“

„Ég og vinur minn ákváðum að leggja upp í leiðangur og sjá hvort við gætum ekki skriðið inn um glugga með super 8 kameruna og tekið myndir þarna inni. En þegar við komum vorum við svo heppin að það situr gömul og virðuleg kona á veröndinni fyrir utan og prjónar. Við spyrjum hana hvort við megum fara inn í húsið og mynda og þá breiðir hún út faðminn og spyr hvort við séum fólkið sem er komið til að taka bíómynd. Við vorum svo eins og draugar um allt húsið í marga klukkutíma, en við fréttum aldrei af hinum sem höfðu ætlað að koma og taka þarna mynd.“

Á tónleikunum í kvöld kemur einnig fram hin alíslenska hljómsveit Benna Hemm Hemm. ■

Húsið í ýmsum myndum

Húsið á Eyrarbakka er í hópi þekktari myndefna á Suðurlandi. Sérkennilegt sjónarhornið sem Húsið og viðbyggingin, Assistentahúsið, mynda á fáa sína líka og þykir eftirtektarvert og hafa ófáar myndirnar verið teknar af byggingunum. Gjarnan hefur verið horft með lotningu til Hússins. Fyrrum vegna stöðu íbúa þess í samfélaginu og á síðari tímum sökum hins langa aldurs en Húsið er í hópi fimm elstu timburhúsa landsins.

Í tilefni 240 ára aldurs Hússins og þess að tíu ár eru um þessar mundir síðan hafinn var flutningur á sýningahaldi Byggðasafns Árnesinga frá Selfossi í Húsið, stendur safnið að lista- og ljósmyndasýningunni Húsið í ýmsum myndum. Þar er þessi aldna bygging skoðuð frá margvíslegu sjónarhorni og varpað ljósi á ýmsar listtúlkanir sem henni tengjast.

Sýningin er opin í borðstofu Hússins frá skírdegi til 16. maí næstkomandi.

Söfnin á Eyrarbakka eru opin frá skírdegi til annars í páskum kl. 14-17 og um helgar á sama tíma dags í apríl og maí. ■

bílar o.fl. LAUGARDAGUR
✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglysingar@frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ

Jóhannesarpassían
Johannes - Passion J.S. Bach

Kór Langholtskirkju
Kammersveit Langholtskirkju
Konsertmeistari:
Júlíana Elín Kjartansdóttir

Einsöngvarar:
Ólöf Kolbrún Harðardóttir
Dóra Steinunn Ármannsdóttir
Þorbjörn Rúnarsson
Ágúst Ólafsson
Bergþór Pálsson
Stjórnandi:
Jón Stefánsson

Langholtskirkju
Á föstudaginn langa 25. mars kl. 16.00
Laugardaginn 2. apríl kl. 18.00
Aðgangseyrir 3500 krónur en 2800 fyrir ellilífeyrisþega og nema
Miðapantanir í síma 520 1300 og netfang klang@kirkjan.is

BÓNUS-
VINNINGUR
7
MILLJÓNIR

120 milljónir

50+70
1. vinningur

ENNEMM / SÍA / NM15695

JÓKER
2 MILLJÓNIR
Í FYRSTA VINNING

Þú vinnur

ekki nema þú spilir með

Eins og alltaf er eftir miklu að slægjast í Víkingalottó og því um að gera fyrir þig að taka þátt.
Náðu þér í Víkingalottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is og kipptu Jókernum með.

Vertu með fyrir kl. 17.

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!

■ TÓNLEIKAR

Blúshátíðin heldur áfram

Blúshátíðin í Reykjavík heldur áfram í kvöld með tónleikum þar sem Kristján Kristjánsson mætir með gömlu hljómsveitinni sinni Grinders. Þeir K.K., Þorleifur Guðjónsson, Derrick „Big“ Walker og Professor Washboard frá Bandaríkjunum hafa ekki spilað saman frá því á eftirminnilegum tónleikum í Tunglinu við Lækjargötu árið 1989, en ætla að stilla saman strengi sína í kvöld á Hótel Borg og flytja gamla blús-standarda í anda götuspilamennskunnar sem þeir stunduðu víða í Evrópu fyrir hartnær tveimur áratugum.

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON Kemur fram með Grinders á Hótel Borg í kvöld.

Nú fyrir skemmstu komu út gamlar upptökur með Grinders á hljómplötu

Ekki er loku fyrir það skotið að blúsdívan Deitra Farr taki með þeim lagið, en hún verður sjálf með tónleika á Nordica Hotel á blúshátíðinni annað kvöld.

Hljómsveitirnar Mood og Hot Damn! hita upp fyrir K.K. og félaga ásamt nokkrum ungliðum blússins.

■ TÓNLEIKAR

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MATTHÍAS BIRGIR NARDEAU LEIKUR EINLEIK Á ÓBÓIÐ Sinfóníuhljómsveit unga fólksins var stofnuð í vetur og er að halda aðra tónleika sína nú í vikunni.

Unga fólkið spilar klassík

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins heldur tvenna tónleika nú í dymbilvikunni. Fyrri tónleikarnir verða í kvöld í Reykholtskirkju í Borgarfirði, en þeir seinni annað kvöld í Neskirkju í Reykjavík.

„Þetta er annað verkefni hljómsveitarinnar,“ segir Matthías Birgir Nardeau óbóleikari, sem tók þátt í stofnun hljómsveitarinnar í lok síðasta árs og leikur einleik með henni á tónleikunum í kvöld og annað kvöld.

„Þessi hljómsveit er fyrst og fremst hugsuð til þess að gefa ungum og efnilegum íslenskum tónlistarnemum tækifæri til að takast á við krefjandi klassíska tónlist,“ segir Matthías sem sjálfur stundar framhaldsnám í Parísarborg. „Fyrstu tónleikarnir okkar voru í desember og tókust mjög vel.“

Á efnisskrá eru Pacific 231 eftir Honegger, konsert fyrir óbó og hljómsveit eftir Martinu og Sinfónía í d-moll eftir César Frank.

Matthías hefur að vonum ekki áður leikið óbókonsertinn eftir Martinu, en þessi konsert hefur einu sinni áður verið fluttur hér á landi.

„Tónskáldið lauk við konsertinn árið 1955 og það má segja að þetta sé dæmigerð frönsk tónlist sem er á köflum leikandi létt og skemmtileg. Martinu var Tékki en bjó nánast alla ævi í Frakklandi.“

Stjórnandi hljómsveitarinnar og hvatamaður að stofnun hennar er Gunnsteinn Ólafsson.

„Þetta var samstarf Gunnsteins og nemenda í Reykjavík sem vildu koma svona hljómsveit á laggirnar. Hér var áður fyrr til Sinfóníuhljómsveit æskunnar, en hún hefur legið niðri í dálítið langan tíma svo mörgum fannst vera kominn tími til að byrja aftur með eitthvað í þeim stíl.“

Tónleikarnir í Reykholti hefjast klukkan 20 í kvöld, en í Neskirkju klukkan 21 annað kvöld. Í Reykholti syngja ennfremur sameinaðir borgfirskir kórar tvö lög með hljómsveitinni.

Næsta verkefni hljómsveitarinnar verða tónleikar á Siglufirði í sumar þar sem hún flytur bandarísk verk. ■

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

MIÐASALAN VERÐUR LOKUÐ UM PÁSKANA

■ Stóra sviðið kl. 20.00

MÝRARLJÓS - *Marina Carr*

11. sýn. fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **nokkur sæti laus**, lau. 9/4 **nokkur sæti laus**, fös. 15/4.

EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*

Lau. 2/4 **uppselt**, sun. 3/4 **uppselt**, fim. 7/4 **uppselt**, fös. 8/4 **uppselt**, lau. 16/4 **uppselt**, lau. 23/4 **örfá sæti laus**, lau. 30/4 **nokkur sæti laus**, lau. 7/5, fim. 12/5 **örfá sæti laus**.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*

Sun. 3/4 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 10/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 17/4 **uppselt**, sun. 24/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

GRJÓTHARÐIR - *Hávar Sigurjónsson*

Fim. 31/3 **örfá sæti laus**, fös. 1/4 **örfá sæti laus**, mið. 6/4 **uppselt**, lau. 9/4 **örfá sæti laus**, fim. 14/4 **uppselt**, fös. 15/4, fim. 21/4.

Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasalan er opin í dag frá kl. 12:30 til 18:00. Opnar aftur þri. 29/3.
Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga. **Þjóðleikhúsið sími 551-1200**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR
e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20
Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Lau 2/4 kl 14 - **Aukasýning**
Su 3/4 kl 14 - **Aukasýning**
Lokasýningar

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Frumsýning í kvöld kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20,
Lau 26/3 kl 15 - **UPPSELT**, Lau 26/3 kl 20

SEGÐU MÉR ALLT
e. Kristínu Ómarsdóttur
Fö 1/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20

AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA.
Fi 31/3 kl 20, Su 3/4 kl 20
- *Ath: Miðaverð kr. 1.500*

AMERICAN DIPLOMACY
eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Fö 1/4 kl 20
Síðasta sýning

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT,**
Fi 24/3 kl 20 - **UPPSELT,**
Fi 31/3 kl 20
Fö 1/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 2/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Su 3/4 kl 20 - **AUKASÝNING,**
Fi 14/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Fö 15/4 kl 20 - **UPPSELT,**
Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Lau 2/4 kl 20, Lau 9/4 kl 20
Síðustu sýningar

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
21 22 **23** 24 25

Miðvikudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Sinfóníuhljómsveit unga fólksins** heldur tónleika í Neskirkju í Reykjavík. Á efnisskrá eru Pacific 231 eftir Honegger, konsert fyrir óbó og hljómsveit eftir Martinu og Sinfónía í d-moll eftir César Frank. Einleikari er **Matthías Birgir Nardeau** en stjórnandi **Gunnsteinn Ólafsson**.

☐ 20.00 **Tinna Þorsteinsdóttir** píanóleikari flytur nýstárleg píanóverk frá 20. og 21. öld á tónleikum í Hömrum á Ísafirði.

☐ 20.00 **Auður Guðjohnsen** mezzósópran og **Ólafur Vignir Albertsson** píanóleikari flytja litríkt safn söngverka eftir þekkt tónskáld í Gerðubergi.

☐ 20.00 **Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands** verða í Íþróttahúsi Síðuskóla á Akureyri. Einsöngvarar með hljómsveitinni eru þau **Sigrún Hjálmtýsdóttir** og **Jóhann Friðgeir Valdimarsson** og stjórnandi er **Guðmundur Óli Gunnarsson**.

☐ 21.00 **Karanova** og **Benni Hemm Hemm** verða með tónleika í Iðnó.

